Sléttur Afríku iða af lífi. Ljónin baða sig í sólinni, blettatígrarnir sperra eyrun, fillinn fer í gönguferð og giraffarnir leika sér. Falleg harðspjaldabók fyrir þau yngstu.

12 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-13-053-2

Leiðb.verð: 1.590 kr.



**Dæmisögur Esóps**

Myndskr.: Val Biro

Þýð.: Steingrímur

Steinþórsson

Þekktustu sögunnar úr sagnasafni Esóps, með myndskreytingum Val Biros. Hér birtast klassískar sögur eins og Drengurinn sem hrópaði Úlfur!, Ljónið og músin,

Gæsin sem verpti gulleggjum og fleiri sögur sem glatt hafa börn á öllum aldri í gegnum aldirnar.

199 bls.

**Skrúdda**

ISBN 978-9979-655-78-7

Leiðb.verð: 3.990 kr.



**Dögun**

Stephenie Meyer

Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir  
Isabella og Edward hafa gert með sér samkomulag. Hún ætlar að giftast honum og í staðinn ætlar hann að breyta henni í vampíru. Áætlinin er einföld og fullkomin en ekkert má út af bregða. Leyndarmálið sem Isabella uppgötvaði í *Ljósaskiptum* – og sem umturnaði lífi hennar í *Nýju tungli* og *Myrkvun* – getur hæglega tortímt þeim Edward báðum og öllum sem þeim þykir vænt um. Hér leiðir Stephenie Meyer sögu elskendanna til lykta og sýnir lesendum enn lengra inn í þann dularfulla heim sem heillað hefur milljónir manna um allan heim.

608 bls.

FORLAGIÐ


**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-219-4

# Blóðið rennur enn ...

*Isabella ætlar að giftast Edward og í staðinn ætlar hann að breyta henni í vampíru ... hvað gæti farið úrskeiðis?*

**MARGFÖLD  
METSÖLUBÓK UM  
ALLAN HEIM**



*Síðasta bókin í Ljósaskiptaseríunni eftir Stephenie Meyer er komin út*





Veröld villtra dýra  
**Eðli og atferli dýra**  
 Þýð.: Björn Jónsson  
 Umsj.: Michael Chinery og  
 Örnólfur Thorlacius  
 Þessi bók veitir innsýn í líf dýra af öllu tagi, hvernig þau afla sér fæðu, veiða og halda velli. Fræðist nánar um mismunandi vaxtarlag sem gerir þeim kleift að lifa við örðugar og hættulegar aðstæður. Þetta er stórfróðleg og skemmtileg bók um það hvernig dýr hafa lagað atferli sitt að aðstæðum til þess að geta lifað og dafnað í umhverfi sínu.

Fjöldi glæsilegra myndna prýða bókina.  
 64 bls.

**Bókaforlagið Bifröst**  
 ISBN 978-9935-412-02-7  
 Leiðb.verð: 3.980 kr.



**Einar Áskell og allsnægtapokinn**  
 Gunilla Bergström  
 Þýð.: Sigrún Árnadóttir  
 Spánný bók um gallarann Einar Áskel. Hér lendir hann í ævispennandi ævintýri, er kóngur í stóru landi og þegnararnir ætla að gera uppreisn! Pabbi segir að ekkert hafi gerst í alvörunni en hvernig veit hann það? Er Einar Áskell ekki líka til á nóttunni þegar hann dremyr?

32 bls.  
 FORLAGIÐ  
**Mál og menning**  
 ISBN 978-9979-3-3217-6

Óvættaför VI  
**Eldfuglinn Epos**

Adam Blade  
 Þýð.: Árni Árnason  
 Sjötta bindið í spennandi flokki um átök við verndarvætti í illum álögum. Pilturinn Tom og stúlkan Elenna takast á við eldfuglinn Epos. Áður: *Elddrekin Fernó, Sæslangan*



*Sepron, Bergisinn Arka, Kentárinng Tagus, Hrímpursinn Nanúk.* Hver bók er sjálfstæð saga.

124 bls.  
**IÐNÚ bókaútgáfa**  
 ISBN 978-9979-67-287-6 Kilja



**Eldingarþjófurinn**  
 Rick Riordan  
 Þýð.: Hildur Sif Thorarensen  
 Percy Jackson er um það bil að verða rekinn úr heimavistarskólanum... þeim

sjötta á jafn mörgum árum! Og það er ekki það versta. Undanfarið virðast goðsöguleg skrímsli og guðirnir á Ólympsfjalli ganga beint út af blaðsíðunum í grísku goðafræðibókinni og inn í líf hans. Og það sem verra er, hann hefur reitt nokkra þeirra til reiði. Þrumufleyg Seifs hefur verið stolið og Percy er grunaður um þjófnaðinn. Percy og vinir hans hafa tíu daga til að finna stolna fleyg Seifs og skila honum, annars brýst út stríð á milli guðanna uppi á Ólympsfjalli og vestraen siðmenning gæti gjöreyðst.  
 344 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**  
 ISBN 978-9935-9047-5-1  
 Leiðb.verð: 3.720 kr.



**Ég elska pabba minn**  
 Giles Andrea og Emma Dodd  
 Þýð.: Friðrik H. Ólafsson  
 Fjörmikil og hjartnæm saga um ástríkt samband föður og barns.  
 27 bls.

**Bókafélagið Ugla**  
 ISBN 978-9979-651-81-9




Bókabúðin **HAMRABORG**



**Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877**





## EDLI OG ATFERLI DÝRA

Þessi bók veitir innsýn í líf dýra af öllu tagi, hvernig þau afla sér fæðu, veiða og halda velli. Fræðist nánar um mismunandi vaxtarlag sem gerir þeim kleift að lifa við örðugar og hættulegar aðstæður. Þetta er stórfróðleg og skemmtileg bók um það hvernig dýr hafa lagað atferli sitt að aðstæðum til þess að geta lifað og dafnað í umhverfi sínu. Fjöldi glæsilegra mynda prýða bókina.

## GALDRABÓK BARNANNA

Sjónhverfingar og töfrabrögð, að geta látið hluti hverfa og birtast á ný og hafa vald á yfirnáttúrulegum öflum, allt þetta hefur heillað mannkynið frá örófi alda. Hér má lesa um það hvernig á að þjálfa í sig að verða dugandi galddramaður og koma vinum sínum og kunningjum á óvart á hinn furðulegasta hátt. Best af öllu er að það sem til þarf má finna á hverju heimili.



## TILRAUNABÓK BARNANNA

Það er spennandi að rannsaka og gera tilraunir. Þessi bók opnar börnunum leið að heimi tilraunavísinda. Þau komast að því, hve skemmtilegt það getur verið að uppgötva hvernig hlutirnir gerast og hvað gerist ekki. Hér er lýst fjölda stórskemmtilegra og einfaldra tilrauna sem hver og einn getur gert og nýtt sér það sem er innan seilingar á heimilinu.





**Ég er klárastur**

Mario Ramos

Þýð.: Guðrún Vilmundardóttir  
Úlfurinn sjálfumglaði – en óneitanlega töluvert glæsilegi – klæðir sig í náttkjólinn af ömmu til þess að geta étíð Rauðhettu. En það fer ekki vel.

41 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-423-34-4

Leiðb.verð: 2.980 kr.



Bangsímon

**Ég finn hunangsslykt**

Walt Disney


Sjáðu hvernig Bangsímon notar augun, eyrun, nefið og munninn til að njóta uppáhaldsmatar síns!

Það er skemmtilegt að læra um skilningarvitin með Bangsímon!  
10 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-13-002-0

Leiðb.verð: 1.590 kr.



**Farartæki af öllum gerðum**

Birgit Meyer

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson  
Sportbílar, mótörhjól og strætisvagnar bruna um borgir og bæi, flugvélar svífa um loftin blá. Trukkar og krababílar aka um byggingarsvæði, jarðýtur og traktorar vinna í sveitum landsins. Litríkar myndir prýða þessa harðspjaldabók og gerir hana aðlaðandi fyrir yngstu kynslóðina.

22 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-376-5

Leiðb.verð: 2.350 kr.



**Fánabókin**

Þýð.: Órnólfur Thorlacius

Sérhver þjóðfáni er einstæður. Lögun fánans, myndir og tákn og ekki síst litir hans bregða ljósi á sögu og menningu landsins. Höfuðborg, stærð og íbúatala hvers lands, ásamt fánum í litum.

36 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-509-7

Leiðb.verð: 1.950 kr.



**Fingrabrúðubækur**

Kisa litla

Litli andarunginn

Litli ísbjörninn

Mýsla litla

Þýð.: Nanna Rögnvaldardóttir  
Fallegar og sterkar harðspjaldabækur með mjúkrum fingrabrúðu sem býður upp á spennandi samverustund.

10 bls.


FORLAGIÐ

**ÍÐUNN**

ISBN 978-9979-1-0504-6

/-0505-3/-0503-9/-0506-0

Harðspjaldabækur



**Fjársjóðskistan: Sígild ævintýri**

Þýð.: Huginn Þór Grétarsson

og Gunnar M.

Þetta fallega sagnasafn inniheldur átta sígild ævintýri. Í safninu er að finna sögur eftir höfunda á borð við

Hans Christian Andersen og Grimmsbræður.


*Fjársjóðskistan: Sígild ævintýri* er gersemi sem á erindi inn á hvert barnaheimili og er vegleg viðbót í bókasafn fjölskyldunnar.

186 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**

ISBN 978-9979-9998-6-7

Leiðb.verð: 3.720 kr.



**Fótboltabókin mín**

Berndt Sundsten og Jan Jäger

Þýð.: Janus Guðlaugsson og

Davíð Þór Jónsson

Þessi bók er fyrir þá sem langar að læra um það helsta í knattspyrnu. Til að verða góður leikmaður er mikilvægt að vita hvernig leikurinn gengur fyrir sig og hvaða tækniatriði þarf að æfa. Textinn og ekki síður myndirnar útskýra flest sem varðar íþróttina.

45 bls.

**Bókaforlagið Bifröst**

ISBN 978-9935-412-10-2

Leiðb.verð: 3.480 kr.







### Fullkomnar prinsessur

Falleg dúkkulísabók um tvær prinsessur. Tvær dúkkulísur og yfir 70 flíkur og fylgihlutir, sem ungvíðið getur gleymt sér yfir langtíðum saman. 24 bls.

#### Bókafélagið

ISBN 978-9935-426-04-8



### Fyrstu orðin

Leitum og finnum

Dawn Sirett

Þýð.: Rúna Gísladóttir

Það er gaman að fletta og skoða dýr, vinnuvélar, bíla og eldhúsið heima. Svára spurningum, uppgötva eitthvað nýtt, finna Bínu býflugum sem felur sig á hverri opnu. Bókin eykur orðaforða barnanna og kennir form, fjölda og liti. 48 bls.

#### Setberg

ISBN 978-9979-52-520-2

Leiðb.verð: 2.950 kr.



### Galdrabók barnanna

Berndt Sundsten og Jan Jäger

Þýð.: Örnólfur Thorlacius

Sjónhverfingar og töfra-brögð, að geta látið hluti hverfa og birtast á ný og hafa vald á yfirnáttúrulegum öflum, allt þetta hefur heillað mannkynið frá örófi alda. Hér má lesa um það hvernig á að þjálfa sig að verða dugandi galdramaður og koma vinum sínum og kunningjum á óvart á hinn furðulegasta hátt. Best af öllu er að það sem til þarf má finna á hverju heimili. 45 bls.

#### Bókaforlagið Bifröst

ISBN 978-9935-412-13-3

Leiðb.verð: 2.980 kr.



### Galdrakarlinn í OZ

Sagan sigilda með fellimyndum og leikhljóðum

Endurs.: Libby Hamilton

Velkomin í töfraland – sagan ástsæla beinlínis ris upp úr bókinni með fellimyndum og hljóðum! Í þessari bók er mögnuðum myndskreytingum Pauls Hess ásamt hrifandi fellimyndum og leikhljóðum stefnt saman við töfrandi

# VARÚÐ! BARA FYRIR TÖFFARA

Tryllingslega fyndin myndasaga um svala hellisbúa eftir höfunda Kaifteins Ofurbrókar



JPV

JPV ÚTGÁFA  
www.fortlagid.is

AUKAEFNI: LÆRIÐ HELLISBÚAMÁL  
AÐVELT! GAMAN! PIRRAR FULLORÐNA!

endursögn hins sígilda ævintýris L. Franks Baum.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-38-4



**Galdrakarlinn í Oz**

L. Frank Baum

Þýð.: Stefán Júlíusson

Viðfræg og sígild saga um Galdrakarlinn í Oz. Fellibylur feykir Dóróteu til undralandsins Oz. Á leiðinni kynnist hún Fuglahræðunni, Tinkarlinum og Ljóninu. Saman halda þau eftir gula veginum til Gimsteinaborgar. Skemmtilegt og fallega myndskreytt ævintýri um Galdrakarlinn í Oz.

48 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-514-1

Leiðb.verð: 2.350 kr.



Þrauta- og litabók

**Galdrakarlinn í Oz**

Galdrakarlinn í Oz er lesend-

um að góðu kunnur og nú er komin þrauta- og litabók sem byggir á persónum úr þessari skemmtilegu sögu

**Edda útgáfa**

ISBN 9789935130556

Leiðb.verð: 790 kr. Kilja



**Græni atlasinn**

John Stephens

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Eftir að hafa þvælst á milli munaðarleysisingjaheimila árum saman lenda Kata, Mikael og Emma á furðulegum stað og gera á skömmum tíma þrjár merkar uppgötv-anir: 1) Töfrar eru til í raun og veru. 2) Emma kann að biðja kurteislega. 3) Þau ein geta bjargað heiminum. Af þessu kemur númer 2 mest á óvart. *Græni atlasinn* er hressandi fantasíusaga fyrir tíu ára og eldri sem notið hefur gríðarlegra vinsælda um allan heim.

416 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-223-1



**Heiða**

Johanna Spyri

Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson

Myndir: Nora Axe Lundgaard

Sagan sívinsæla um alpastelpuna Heiðu í nýrri endursögn og með einstökum myndum sem fanga hugi lesenda.

208 bls.

**Bókafélagið Ugla**

ISBN 978-9979-651-83-3



**Herramenn og Ungfrúr**

*Herra Góður*

*Ungfrú Prinsessa*

Roger Hargreaves

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Tvær spánnýjar og bráðskemmtilegar bækur úr heimi herramanna og ungrúa.

32 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-191-3/194-4 ób



**Herramenn og Ungfrúr með glimmeri**

*Herra Skellur og riddarinn*

*Ungfrú Afmælis*

*Ungfrú Ágæt og prinsessan*

*Roger Hargreaves*

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Þrjár spánnýjar og bráðskemmtilegar bækur úr heimi herramanna og ungrúa með fallegu glimmerskrauti á kápunni.

32 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-192-0/190-6

/193-7 ób



**Hlæjum saman**

Nicky Lander

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Um leið og þrýst er á hnappinn framan á bókinni ómar glaðlegur hlátur. Í bókinni eru 8 stuttar sögur. Þegar hverri sögu er lokið læra börnin fljótt að ýta á hnappinn til að heyrja smitandi barnshlátur.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-523-3

Leiðb.verð: 1.950 kr.




# DÆMISÖGUR ESÓPS

## Ódauðlegur sagnabrunnur

Myndskreytt útgáfa með öllum þekktustu sögunum úr hinu mikla safni gríska sagnabularins Esóps. Allir sem komnir eru til vits og ára þekjja sögurnar um músina og ljónið, refinn og storkinn, drenginn sem hrópaði „Úlfur! Úlfur!“ eða hérann og skjaldbökuuna. Frábærlega skemmtilegar sögur sem gleðja og þroska í senn.

**Klassískt meistaraverk fyrir börn á öllum aldri.**



**SKRUDDA**

Eyjarslóð 9 - 101 Reykjavík  
s. 552 8866 - skrudda@skrudda.is  
www.skrudda.is



**Hoppi og Fló**

*Nú er háttatími*

Hartmut Bieber

Þýð.: Gestur G.

Hoppi og Fló háttá sig eftir skemmtilegan og spennandi dag. Pabbi les kvíldsögur og draumastrákurinn Óli Lokbrá birtist skyndilega þegar þau fara að sofa.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-508-0

Leiðb.verð: 1.350 kr.



**Hoppi og Fló**

*Spennandi dagar*

Hartmut Bieber


Þýð.: Gestur G.

Hoppi hérastrákur og Fló kanínu krúttíð hans vakna eldsnemma og flýta sér á fætur, borða morgunmatinn og hlakka til að hjálpa mömmu að vökva grænmeti og blóm.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-507-3

Leiðb.verð: 1.350 kr.



**Hrafna-Flóki**

Sylvelin Vatle

Þýð.: Rúna Gísladóttir

Myndskr.: Sveinbjörg

Hallgrímsdóttir

Hrafna-Flóki vill ekki gefa sig á vald Haraldi hárfagra og ákveður að leita að nýju land. Spennandi heimildaskáldsaga, sneisafull af ævintýrum, um manninn sem gaf Íslandi nafn.

110 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9979-79-798-2

Leiðb.verð: 2.980 kr.



**Hungurleikarnir**

Suzanne Collins

Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir

Í framtíðarríkinu Panem keppa 24 ungmenni árlega í svokölluðum Hungurleikum, sem ganga út á það eitt að lifa af. Þegar Katniss býður sig fram sem keppanda í stað systur sinnar er hún viss um að hún sé að ganga í dauðann. En Katniss hefur áður horfst í augu við dauðann og sjálfsbjargarviðleitni hefur


hún sem betur fer nóg af. *Hungurleikarnir* er fyrsta bókin í þrileik sem vermt hefur efstu sæti metsöluhlusta um allan heim og hlotið bestu meðmæli gagnrýnenda og höfundu á borð við Stephen King og Stephenie Meyer. Kvikmynd eftir bókinni er væntanleg snemma á næsta ári.

375 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-225-5 ób



**Hvað get ég gert við of mikla neikvæðni?**

*Bók fyrir börn til að sigrast á neikvæðri hugsun*

Dawn Huebner

Þýð.: Árný Ingvarsdóttir og

Thelma Gunnarsdóttir

Vissirðu að lífið er eins og hindrunarhlaup? Það er bæði spennandi og skemmtilegt, en þó eru hindranir á leiðinni sem komast þarf yfir. Ef þú ert barn sem nöldrar svo mikið yfir hindrununum að þú nærð ekki að njóta þess góða sem lífið hefur upp á að bjóða, þá er þessi bók fyrir þig.

Í gegnum verkefni, myndir og aðgengilegan texta öðlast börnin nýja færni í jákvæðri hugsun.

Sjá nánar á:

[www.hvadgeteggert.is](http://www.hvadgeteggert.is)

Aldur 5-12 ára.

88 bls.

**Hvað get ég gert sf.**

ISBN 978-9979-70-956-5

Leiðb.verð: 3.490 kr. Kilja



**Hvar er gáfnastrumpur?**

Peyo

Þýð.: Sölvi Björn Sigurðsson

Í þessari stórskemmtilegu bók hefur gáfnastrumpur falið sig á tólf litríkum myndum fullum af strumpalegum smáatriðum. Fjörug felumyndabók fyrir þriggja ára og eldri.

32 bls.

FORLAGIÐ

**IÐUNN**

ISBN 978-9979-1-0502-8



**Hvíta hænna**

Klaus Slavensky

Myndir: Brian Pilkington

Þýð.: Vilborg Dagbjartsdóttir


Dag einn fyrir langa löngu fæddist hvít hænna í hænnaokofanum hans afa. Allar hinar hænurnar voru svartar. Það var allt í lagi – alveg þangað til nýi haninn kom ... *Hvíta hænna* er saga um það að vera öðruvísi eftir danska rit höfundinn Klaus Slavensky. Bókina prýða glæsilegar myndir eftir Brian Pilkington. 24 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-33-213-8






### Jóakim Aðalönd – Ævi og störf

Aukasögur  
Don Rosa

Jóakim Aðalönd hefur lifað langa og viðburðaríka ævi sem einkennist af leit að ríkidæmi. Hér er að finna sögur sem skýra nánar lífs-  
hlaup Jóakims sem enginn

aðdáandi ætti að láta framhjá sér fara.  
208 bls.

**Edda útgáfa**  
ISBN 978-9935-411-976  
Leiðb.verð: 3.990 kr.



**Jólasýrpa**  
Walt Disney


**Þýð.: Sigríður Halldórsdóttir**  
Jólasýrpa ársins 2009 seldist upp en kemur hér aftur í þægilegu smábroti til að kæta alla vini Andabæjar. Jól-  
in nálgast. Íbúar Andabæjar undirbúa jólin eins og þeim einum er lagið. Það þýðir að óhöppin og ævintýrin eru skammt undan!

254 bls.  
**Edda útgáfa**  
ISBN 978-9935-13-060-0  
Leiðb.verð: 1.290 kr. Kilja

### Jólasýrpa 2011

Walt Disney

**Þýð.: Sigríður Halldórsdóttir**  
Íbúar Andabæjar undirbúa jólin eins og þeim einum er lagið. Það þýðir að óhöppin og ævintýrin eru skammt undan! Tólf frábærar sögur um Andrés Önd og féлага.  
256 bls.



**Edda útgáfa**  
ISBN 978-9935-13-051-8  
Leiðb.verð: 2.990 kr.




## BERT ALLTAF GÓÐUR

Bert hefur lofað sjálfum sér því að verða aldrei tölvunörd. Aldrei í lífinu! segir hann. Auk þess er heimilistölvan svo gömul að hún er ekki nothæf á netinu.

En á afmælinu sínu fær hann alveg óvænt sína eigin fartölvu! Og skyndilega á hann líka TVÆR kærustur - hina unaðslegu Amöndu og svo aðra á netinu. En internetið er eiginlega bara til í loftinu og er ósýnilegt. Þess vegna er LoverGiiiiirl 123 heldur ekki til í alvörunni. Bert þarf sem sagt ekki að hafa slæma samvisku út af þessu, eða hvað?






**Judy Moody oft í vondu skapi**

Megan McDonald  
Þýð.: Guðni Kolbeinsson  
Judy Moody er klár og fjörug stúlka sem lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Sögurnar um Judy Moody og vini hennar hafa heillað unga lesendur og átt miklum vinsældum að fagna víða um heim síðastliðinn áratug.

**Bókafélagið**  
ISBN 978-9935-426-12-3



**Judy Moody verður fræg**

Megan McDonald  
Þýð.: Guðni Kolbeinsson  
Hér tekst Judy Moody á við afbrýðisemina þegar dagblað birtir frétt um vinkonu hennar. Judy setur markið hátt; hún ætlar að verða fræg og koma sjálfri sér í blaðið! Bækurnar um hina ærslafullu

Judy Moody hafa slegið í gegn víða um heim. Þær hafa unnið til fjölda verðlauna og selst í milljónum eintaka.

**Bókafélagið**  
ISBN 978-9935-426-07-9



**Justin Bieber – eins og hann er**

Elise Munier  
Sannkallað Bieber-æði hefur gripið um sig um allan heim. En hver er þessi strákur sem 17 ára gamall er orðinn heimsfræg poppstjarna? Og hvert stefnir hann? Í bókinni eru alls kyns skemmtilegar frásagnir af stjórnunni, myndir, leikir og gátur. Hversu vel þekkir þú Bieberinn?  
62 bls.

**Sögur útgáfa**  
ISBN 978-9935-416-54-4



**Kanínan sem hvíslaði**

Skemmtilegu smábarnabækurnar  
Margaret Wise Brown

Myndir: Cyndy Szekeres  
Þýð.: Björgvin E. Björgvinsson  
Bókaútgáfan Björk gefur út ljúfa og lágstemmda bók á 70 ára afmælisári sínu. Kanínan sem hvíslaði segir frá kanínu sem verður fyrir merkilegri reynslu. Upp í hana flýgur nefnilega fluga sem sofnar í hálsinum á henni. Til að losna við fluguna þarf kanínan að vekja hana og hefst þá leitin að lægsta hljóðinu. Um leið og þessi ljúfa saga líður um, dregur hún hugann að fjölbreytileika hljóðheimsins og mikilvægi þess að hlusta.  
24 bls.

**Bókaútgáfan Björk**  
ISBN 978-9979-807-77-3  
Leiðb.verð: 385 kr.



**Koppabókin mín stelpur**

Dawn Sirett  
Þýð.: Þórir S. Guðbergsson  
Litlar stelpur vilja líkjast stóru stelpunum! Þær hætta að nota bleiur og læra að nota koppa og klósett, og fá flottar nýjar nærbuxur. Með bókinni fylgja límmyndir.


**Setberg**  
ISBN 978-9979-52-518-9  
Leiðb.verð: 1.990 kr.



**Koppabókin mín strákur**

Dawn Sirett  
Þýð.: Þórir S. Guðbergsson  
Alla litla stráka langar til að líkjast stóru strákunum! Þeir hætta að nota bleiur og læra að nota koppa og klósett. Með bókinni fylgja límmyndir.

**Setberg**  
ISBN 978-9979-52-519-6  
Leiðb.verð: 1.990 kr.



**Láttu mig í friði**

Kes Grey og Lee Wildish  
Þýð.: Margrét Gunnarsdóttir  
Dapur og einmana strákur gefst upp fyrir risanum sem kúgar hann. En þá koma óvæntir vinir honum til bjargar. Áhrifarík saga um hvernig hægt er að sigrast á einelti.  
32 bls.

**Bókafélagið Ugla**  
ISBN 978-9979-651-74-1





# DÓRA LANDKÖNNUÐUR

LEIKBÆKUR – bækurnar eru í senn skemmtilegar  
sögubækur og leikföng



Hvar er Tíko?

MYNDAMOTTA OG  
LEIKBRÚÐUR FYLGJA MEÐ

Sögur  
ÚTGÁFA



Púslað með Dóru

FIMM PÚSL FYLGJA MEÐ



Sögur  
ÚTGÁFA



**Leiðarvísir að unglingsárinum fyrir sniðugar stelpur**

Anita Ganeri

Þýð.: Kristín Svava

Tómasdóttir

Það getur verið flókið að verða fullorðin. Blæðingar – strákar – pirrandi foreldrar – brjóst – skapsveiflur – vin-átta. Allar skynsamur stelpur vita hvenær þær þurfa á

góðum ráðum að halda og þú finnur þau öll hér – ekki hafa áhyggjur.  
90 bls.

**ÞDNÚ bókaútgáfa**

ISBN 978-9979-67-294-4 Kilja



Konungur ljónanna

**Leikið við Simba**

Walt Disney

Stökkvum hátt og hlaupum hratt, leikum fyrir aftan og fyrir framan, uppi og niðri! Það er skemmtilegt að læra

um andstæður með Simba og vinum hans!  
10 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-13-001-3

Leiðb.verð: 1.590 kr.



**Litlu bókasöfnin mín**

Farartæki

Í sveitinni

Klár kríli

Leikur að læra

Þýð.: Hálfðan Ómar

Hálfðanarson

Litlu bókasöfnin mín eru nýjung frá Ungu ástinni minni. Hvert bókasafn inniheldur sex litlar bækur með fallegum ljósmyndum og heitum. Fjórar mismunandi tegundir af bókasöfnum; Farartæki, Leikur að læra, Klár kríli og Í sveitinni.

Aldur: 0+

60 bls.

**Unga ástin mín ehf.**

ISBN 978-9935-429-06-3/-05-6 /-07-0/-08-7



## FÓTBOLTABÓKIN MÍN

Þessi bók er fyrir þá sem langar að læra um það helsta í knattspyrnu.

Til að verða góður leikmaður er mikilvægt að vita hvernig leikurinn gengur fyrir sig og hvaða tækniatriði þarf að æfa. Textinn og ekki síður myndirnar útskýra flest sem varðar íþróttina.

**Ritstjórn og umsjón:**

**Janus Guðlaugsson**







### Líkami þinn

Kate Barnes

Þýð.: Örnólfur Thorlacius

Í þessari bók er gerð líkamans kynnt, allt frá minnstu frumum til stórra öflugra vöðva og beina, og hvernig hlutir líkamans vinna saman við öndun, meltingu og önnur lífsstörf. Bókin eykur skilning ungra lesenda á undraheimi eigin líkama.

48 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-521-9

Leiðb.verð: 2.950 kr.



### Lærðu að teikna Herramenn

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Bók sem kennir krökkum að teikna herra Skell, vafinn inn í sárabindi, ungfrú Sól með sólskinsbros og tíkarspena og alla hina herra mennina og ungfrúrna! Hér eru nákvæmar leiðbeiningar, stenslar, lím-miðar, heilræði og heil teikni-blokk til að æfa sig í. Frábær gjöf fyrir börn á öllum aldri!

32 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-188-3



### Má ég lesa

Richard Scarry

Þýð.: Rúna Gísladóttir

Lárus lögreglustjóri verður að handsama bananabjóf-inn. En Villi frændi lendir í ræningja höndum og fleiri fyndnar sögur eftir Richard Scarry.

32 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-505-9

Leiðb.verð: 950 kr.



### Minni líkur – meiri von

Marjolijn Hof

Þýð.: Jóna Dóra Óskarsdóttir

Bíbí er hrædd. Pabbi hennar er læknir og enn á ný farinn til lands þar sem geisar stríð. Hann vill hjálpa fólki en Bíbí vill bara að hann komi heill heim. Marjolijn Hof hlaut virtustu barnabókaverðlaun Hollands fyrir bókina, bæði frá dómnefnd fagfólks og frá dómnefnd skipaðri börnum og unglingum. Hún hefur skrifað fjölmargar vinsælar barnabækur og vinnur um

# HÖRKUSPENNANDI FRAMTÍÐARSAGA

Katniss þarf að berjast fyrir lífi sínu á Hungurleikunum. Þar kemst aðeins einn lífs af.




*Hungurleikarnir* er fyrsta bókin í þrileik sem vermt hefur efstu sæti metsölulista um allan heim.

**JPV**

JPV ÚTGÁFA

www.fortlagid.is

Þessar myndir að sögu sem gerist á Íslandi.  
101 bls.  
FORLAGIÐ  
**Mál og menning**  
ISBN 978-9979-3-3209-1



**Múmínsnáðinn á afmæli**

Tove Jansson  
Þýð.: Sigbrúður Gunnarsdóttir  
Þegar múmínsnáðinn vaknar í rúminu sínu geispar hann einu sinni og teygir tvisvar úr sér. Svo man hann: Hipp-húrra! Ég á afmæli í dag! Litríkar persónur Múmíndals hafa glatt börn um víða veröld áratugum saman. Þessi skemmtilega saga hentar lesendum frá tveggja ára aldri.  
32 bls.  
FORLAGIÐ  
**Mál og menning**  
ISBN 978-9979-3-3218-3  
Harðspjaldabók



**Músahús Mikka**

Fyrstu þrautirnar mínar – Guffi  
Fyrstu þrautirnar mínar – Mikki  
24 bls.

**Edda útgáfa**  
ISBN 978-9935-13-033-4/-032-7  
Leiðb.verð: 790 kr. hvor bók  
Kilja



**Ninjago**

Masters of Spinjitzu  
Þýð.: Sigbrúður Gunnarsdóttir  
Þessi glæsilega gjafaaskja inniheldur allt sem þú þarft til að byggja og leika þitt eigið LEGO® Ninjago ævintýri. Með kubbumum sem fylgja getur þú byggt sögu svið fimm spennandi kafla hvert á eftir öðru. Askjan inniheldur yfir 140 kubba og tvo Minifigures karla.  
48 bls.  
FORLAGIÐ  
**JPV útgáfa**  
ISBN 978-9935-11-187-6 Askja



**Nýjar bækur með hljóðum**

Dýrin í sveitinni  
Gamli Guðjón átti bú  
Hvolpar og kettlingar  
Þýð.: Hálfán Ómar

**Hálfánarson og Davíð Guðjónsson**  
Börnin elska að ýta á hljóðhnappana og hlusta á dýrin í þessum yndislegu bókum.  
Aldur: 3+  
10 bls.  
**Unga ástin mín ehf.**  
ISBN 978-9935-429-10-0/-11-7  
/-09-4



**Nýjar lestrarbækur**

*Mariubjallan snjalla*  
*Veistu hvað ég elska þig mikið?*  
*Vinaból*  
Þýð.: Halldór Gunnarsson og Hálfán Ómar  
Hálfánarson og Hálfán Ómar  
Þrjár nýjar og yndislegar barnabækur sem henta vel til að lesa fyrir börn frá 3ja ára aldri.  
*Mariubjallan snjalla* segir frá bíræfnum þjófum sem ætla að stela verðlaunakú af bónda einum.  
*Vinaból* segir frá kuðungakrabba sem vill ekki deila húsinu sínu með neinum. Bækurnar eru eftir höfund bókanna Greppikló og Greppibarn.

*Veistu hvað ég elska þig mikið* segir frá Litla og Stóra héraaljúf sem tjá væntumþykju sína á hvorum öðrum með ýmsum leiðum.  
28 bls.  
**Unga ástin mín ehf.**  
ISBN 978-9935-429-01-8/-9979-9974-9-8/-9935-429-02-5



**Næstum ósýnileg – Kalli og Lóa**

Lauren Child  
Þýð.: Margrét Gunnarsdóttir  
Loksins á íslensku! Lóa er lítil og mjög klár. Hún vill alltaf fá að vita hvað stóri bróðir hennar er að gera og hún vill alltaf það sama og hann. Svo á hún líka ósýnilegan leynivín.  
40 bls.  
**Bókafélagið Ugla**  
ISBN 978-9979-651-73-4



**Óvættafór VII Ófreskjusmökkfiskurinn Sepja**

Adam Blade  
Þýð.: Árni Arnason  
Sjöunda bindið í spennandi flokki um ævintýri piltins Toms og stúlkunnar Elennu. Hér hefja þau leitina að Gullnu brynjunni og takast á við ófreskusmökkfiskinn Sepju. Væntanlegar í sama flokki: *Ófurapinn Klói*, *Marmaraseiðkonan Soltra*, *Slöngu-*



Það er gaman að skoða dýrin og ýmsa hluti, vinnuvélar, bíla og eldhústækin heima. Svára spurningum og uppgötva eitthvað nýtt.



Í þessari bók er líkami mannsins kynntur, gerð hans og starfsemi. Bókin eykur skilning ungra lesenda á undraheimi eigin líkama.



## LESUM OG LÆRUM

Fellibylur feykir Dóróteu til undralandsins Oz. Á leiðinni kynnist hún Fuglahræðunni, Tinkarlinum og Ljóninu. Skemmtileg og víðfræg saga, fallega myndskreytt.



Pétur Pan og Bjalla vinkona hans ætla að kenna Vöndu, Jóni og Mikka að fljúga til Hvergilands. Saga og 6 púsluspil.



Saga og 6 púsluspil. Þjálfá huga og hönd og auka hugmyndaflugið.



SETBERG

maðurinn Víperó, Kónguláar-  
konungurinn Araknið,  
Þríhöfða ljónið Trilljón.

Hver bók er sjálfstæð saga.  
128 bls.

**IGNÚ bókaútgáfa**

ISBN 978-9979-67-288-3 Kilja



### Pétur Pan

saga og þúsulspil

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Hvern langar ekki að læra  
að fljúga? Pétur Pan og  
vinkona hans Bjalla ætla að  
kenna Vöndu, Jóni og Mikka  
að fljúga til Hvergilands. Í  
bókinni eru þúsulprautir sem  
þjálfá börn og auka hug-  
myndaflug þeirra.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-488-5

Leiðb.verð: 1.650 kr.



### Rauðhetta

saga og þúsulspil

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

„En hvað þú ert með stór  
augu, amma,“ sagði Rauð-  
hetta undrandi. Sigilt ævin-  
týri um Rauðhettu og vonða  
úlfinn. Í bókinni eru þúsulspil  
sem þjálfá börn og auka hug-  
myndaflug þeirra.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-487-8

Leiðb.verð: 1.650 kr.



### Ripleys – Ótrúlegt en satt!

Ekki fyrir viðkvæma

Robert Ripley

Farðu í ótrúlega ferð í kring-  
um hnöttinn, hittu dularfullar  
verur, stórskrýtið fólk og upp-  
lifðu fáránleika og furður til-  
verunnar. Þú munt ekki trúa  
ýmsu því sem þessi bók  
greinir, en vita skaltu að allt  
er það satt. Ótrúlegt en satt!  
254 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-51-3



### Risa brandarabók Andrésar

Hnauspykk og sjúklega  
fyndin brandarabók sem fær

þig til að bilast úr hlátri! Tryll-  
ingslega skemmtileg lesning  
fyrir hresst fólk á öllum aldri  
aok þess sem hér má finna  
sígildar ráðgátur fyrir snill-  
ing með athyglisgáfuna í  
lagi! Rúmlega 1000 spren-  
g-hlægilegir brandarar!  
336 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-13-062-4

Leiðb.verð: 2.690 kr.



### Seiðkonan

Leyndardómurinn um him-  
náðauðlega Nicolas Flamel

Michael Scott

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Nicolas Flamel fer huldu höfði  
í London. Máttur hans fer  
þverrandi og eigi að takast að  
yfirbuga óvininn verður hann  
að finna einhvern til að kenna  
tvíburunum töfra vatnsins.  
Seiðkonan er þriðja bókin í  
vinsælum bókaflökki Micha-  
els Scott um hinn ódaudlega  
Nicolas Flamel. Bækurnar  
fara sigurför um heiminn og  
kvikmyndir byggðar á bóka-  
flöknum eru í deigluinni.  
419 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-211-8



### Sjóræningjar

Skemmtileg bók fyrir litla  
grallara um sjóræningjaleiki  
og þrautir. Tvær sjóræningja-  
grímur fylgja með bókinni  
aok fjölda limmiða.  
24 bls.

**Bókafélagið**

ISBN 978-9935-426-02-4



### Skósmiðurinn og álfarnir

Skemmtilegu

smábarnabækurnar

Eric Suben

Myndir: Jerry Smath

Þýð.: Björgvin E. Björgvinsson  
Hvað er það sem hvetur okkur  
til að gera eitthvað fyrir aðra  
án þess að ætlast umbunar?  
Bókin *Skósmiðurinn og álfarnir*  
fjallar um fátækan skósmið-  
ir og konu hans. Þegar harðnar  
á dalnum berst hjálpin óvænt  
og óumbeðið úr álfheimum.  
Indæll og elskulegur skó-  
smiðurinn og hans ljúfa kona  
launa bjargvættum sínum  
með því að búa til það sem





EFTIR SKRÍMSLABRÆÐURNA SKÚLA OG SKJÖLD

## BÚIÐ YKKUR UNDIR SKRÍMSLAVEISLU!

Hinn illi Mýrgarður barón er kominn á kreik og dreymir um að gæða sér á skrímslum! Getur Úlfur komið í veg fyrir hina grimmdarlegu skrímslaveislu, eða endar hann sjálfur sem gómsætur eftirréttur?

ÞÝÐANDI: INGUNN SNÆDAL

ÉG ER KLÁRASTUR EFTIR MARIO RAMOS

## ÉG ER KLÁRASTUR

Úlfurinn óforbetranlegi – en óneitanlega þó nokkuð glæsilegi – fær nú framúrskarandi hugmynd. Hann ætlar ekki bara að éta hana Rauðhettu, heldur ömmuna líka! Og það fyrirhafnarlaust, í krafti kænsku sinnar.

ÞÝÐANDI: GUÐRÚN VILMUNDARÓTTIR



# SÁ RÖNDÓTTI SNÝR AFTUR!

Getur þú fundið hann?



JPU  
J.P.V. ÚTGAFA  
www.fortagid.is

## Hvert þó í strumpandi!

Sögubækur fyrir byrjendur í lestri  
Þrautabækur  
Felumyndabók

STRUMPAÐU ÞÆR ALLAR!




ÍÐUNN  
www.fortagid.is

BÓKATÍÐINDI 2011

Þá bráðvantar. Falleg saga sem sýnir að greiðviki og góðsemi eru göfugir mannkostir. Gleðin, sem fólgin er í því að geta hjálpað öðrum, er dýrmætasta umbunin. 24 bls.

**Bókaútgáfan Björk**  
ISBN 978-9979-807-80-3  
Leiðb.verð: 385 kr.



andi og skemmtileg verkefni tengd stafrófinu.

Aldur: 3-7 ára  
28 bls.

**Unga ástin mín ehf.**  
ISBN 978-9935-429-12-4



**Skrautleg sæskrímsli og aðrar lystisemdir**

*Hrikalega skrytnar skepnur*  
Skrímslabræðurnir Skúli & Skjöldur

Þýð.: Ingunn Snædal

Hinn illi Mýrgarður barón ætla að gæða sér á skrímslum – getur Úlfur komið í veg fyrir hina grimmdarlegu veislu, eða endar hann sjálfur sem gómsætur eftirrétturnar? 168 bls.

**Þjartur**

ISBN 978-9935-423-50-4  
Leiðb.verð: 3.480 kr.



**Skúli skelfir og jólaleikritið**

Francesca Simon

Myndir: Tony Ross

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Hér birtist Skúli skelfir í litríkri og skemmtilegri bók fyrir byrjendur í lestri. Skúli býst fastlega við að fá aðalhlutverkið í jólaleikritinu! Hver annar en hann gæti leikið hinn syngjandi og dansandi Jósef? Því miður horfir málið allt öðruvísi við Hörku hörðu ...

96 bls.

FORLAGIÐ

**JPV ÚTGAFA**

ISBN 978-9935-11-199-9

**Skrifum og þurrkum út**

*Lærum að skrifa stafina*

Þýð.: Sara Hlín Hálfðanardóttir  
Lærum að skrifa stafina er fjórða bókin í bókaflóknum Skrifum og þurrkum út. Bókin þjálfar barnið í að skrifa og teikna og styrkir fínhyfingar þess. Í bókinni eru þrosk-



Galdrakarlinn í oz

# ÆVINTÝRID LIFNAR VIÐ Í HÖNDUM BARNSINS

Hrífandi fellimyndir og leikhljóð

sögur  
ÚTGÁFA



Velkomin í töfraland



**Skúli skelfir rokkar**

Francesca Simon  
Myndir: Tony Ross  
Þýð.: Guðni Kolbeinsson  
Fjórar nýjar prakkarasögur af Skúla skelfi með fullt af fyndnum myndum. Skúli er uppáhald allra og hér er hann sannarlega í essinu sínu!  
108 bls.  
FORLAGIÐ  
JPV útgáfa  
ISBN 978-9935-11-209-5 Kilja

**Stóra Dýrabókin**

Þýð.: Hálfdan Ómar  
Hálfdanarson  
Bókin hjálpar börnum að byggja upp orðaforða sinn þegar þau skoða fallegar myndir af ýmsum dýrum og læra að þekkja þau.  
Aldur: 1 árs +



12 bls.  
Unga ástin mín ehf.  
ISBN 978-9935-429-03-2



**Strumpanir**  
Geimstrumpur  
*Strumpanir og draugahöllin*  
*Strumpanir og eiturflygan*  
*Strumpanir og risafuglinn*  
Peyo  
Þýð.: Sólvi Björn Sigurðsson  
Strumpanir ástsælu eru sífellt að lenda í spennandi ævintýrum. Nú bætast fjórar skemmtilegar strumpasögur í safnið. Fjórir sögur sem

henta lesendum á aldrinum 3-7 ára.  
32 bls.  
FORLAGIÐ  
IÐUNN  
ISBN 978-9979-1-0500-8  
/-0501-5/-0496-4/-0497-1



**Strumpanir – þrautabækur**  
*Strumpafjör 3*  
*Strumpafjör 4*  
Peyo  
Þýð.: Sólvi Björn Sigurðsson  
Tvær skemmtilegar bækur með fjölbreyttum þrautum og verkefnum, önnur fyrir 4-6 ára og hin fyrir 7-9 ára börn. Strumpaðu þessar þrautir ef þú getur!  
36 bls.  
FORLAGIÐ  
IÐUNN  
ISBN 978-9979-1-0498-8  
/-0499-5 ób



Risasyrpa  
**Svarti Skuggi**  
Walt Disney  
Þýð.: Sigríður Halldórsdóttir  
Svarti Skuggi, hinn útsmogni erkióvinur Mikka Músar, svífst einskis til að ná heimsyfirráðum. Mikki þarf stöðugt að vera á varðbergi gagnvart honum enda er Svarti Skuggi snillingur á sviði grimmðarverka. Hér er komin Risasyrpa sem fjallar um átök þessara tveggja fjandmanna í tuttugu og tveimur hörkuspennandi sögum.  
512 bls.  
Edda útgáfa  
ISBN 978-9935-13-028-0  
Leiðb.verð: 2.690 kr. Kilja

Dúkkulísu- og límmiðabækur

www.bokafelagid.is

BÓKAFÉLAGIÐ





### Svona gerum við

Richard Scarry

Þýð.: Rúna Gísladóttir

Í bókinni eru 7 sögur eftir Richard Scarry, einn snjallasta barnabóka-höfund heims. Fjörlega skrifaðar og teikningar hans skemmtilegar og hugmyndaríkar.

32 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-506-6

Leiðb.verð.: 950 kr.

**Bókaforlagið Bifröst**

ISBN 978-9935-412-12-6

Leiðb.verð.: 2.980 kr.



### Úkk og Glúkk

Ævintýri kúng-fú-hellisbúa úr framtíðinni

Dav Pilkey

Þýð.: Bjarni Guðmarsson

Varúð! Ekki fyrir lúða. Úkk og Glúkk eru svölustu hellisbúar steinaldarinnar. Þeir una glaðir við sitt þegar södalegt risafyrirtæki úr framtíðinni ræðst inn í líf þeirra. Strákarnir og risaeðlukrílið Lilja snúa vörn í sókn og ferðast um tímagöng til ársins 2222 e.Kr. Þau eignast nýja vini, læra kúng-fú og berjast við hroðaleg illmenni framtíðarinnar. En stóra spurningin er: tekst þeim að bjarga fortíðinni og þar með okkur í nútíðinni? Æsispennandi grallarasaga eftir höfund bókanna um Kaftain Ofurbrok.

176 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-226-2



### Tilraunabók barnanna

Berndt Sundsten og Jan Jäger

Þýð.: Örnólfur Thorlacius

Það er spennandi að rannsaka og gera tilraunir. Þessi bók opnar börnunum leið að heimi tilraunavísinda. Þau komast að því, hve skemmtilegt það getur verið að uppgötva hvernig hlutirnir gerast og hvað gerist ekki. Hér er lýst fjölda stórskemmtilegra og einfaldra tilrauna sem hver og einn getur gert og nýtt sér það sem er innan seilingar á heimilinu.

45 bls.



# Töfrar eru til

Geta krakkar í alvörunni  
bjargað heiminum?  
**GRÆNI ATLASINN**  
er hressandi fantasíusaga  
fyrir tíu ára og eldri.



**JPV**

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

# Spreyttu þig

Nú getur þú lært  
að teikna herra Skell,  
ungfrú Sól og  
alla hina líka!

Með  
límmiðum,  
stenslum og  
teikniblokk



## Vallabækur

*Hvar er Valli?*

*Hvar er Valli núna?*

Martin Handford

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Allir þekkja Valla en það getur reynt erfitt að hafa uppi á honum! Stórskemmtilegar bækur sem fólk á öllum aldri getur gleymt sér yfir. Loksins fánlegar að nýju.

32 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-149-4/150-0



## Pankastrik

Walt Disney


Þýð.: Sæunn Ólafsdóttir  
Bráðskemmtileg blöð, full af spennandi verkefnum, sögum og afþreyingu af ýmsu tagi.

48 bls.

Edda útgáfa

ISBN 978-9935-13-031-0

Leiðb.verð: 1.290 kr. Kilja



## Valva vandræðanorn

Þýð.: Helga Soffía Einarsdóttir

Valva er mesta vandræðanorn sem sest hefur á skólabekk í Nornaskóla Teklu.

Þrátt fyrir góðan ásetningu tekst henni alltaf að koma sér í klandur.

Aldur: 6-11 ára

83 bls.

Unga ástin mín ehf.

ISBN 978-9935-429-04-9



## Dytur í laufi

*(Wind in the willows)*

Kenneth Grahame

Pytur í laufi er í hópi sígildra barnabóka. Börn njóta þess svo sannarlega að hlýða á eða lesa um ævintýri Molda, Rotta, Todda og Greifingjans. Þetta vinsæla ævintýri eftir Kenneth Grahame í frábærri þýðingu Jóns Arnar Marinóssonar og með rómuðum myndum Roberts Ingpen.

224 bls.

Sögur útgáfa

ISBN 978-9935-416-62-9



# Barna- og unglingsbækur

## «HLJÓÐBÆKUR»



### Fangarnir í trúnu

Harpa Dís Hákonardóttir  
Sjálfstætt framhald af Galdra-  
steininum sem kom út 2009.  
Nú lendir Erla í nýjum ævin-  
týrum í Álfheimum þar sem  
hún reynir að bjarga vinum  
sínum konungsbörnunum  
úr klóm svartdverganna  
í töfratréi Völmundar illa.  
Ólafía Hrönn Jónsdóttir leik-  
kona les.



**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-51-0

Leiðb.verð: 2.490 kr.



### Sólskinsbarn

Hulda Ólafsdóttir  
Karl Theódór var sólskins-  
barn. Samt var svo mikil rign-  
ing daginn sem hann fæddist  
að fólkið í Keflavík, bænum  
þar sem hann bjó, hafði aldrei  
vitað annað eins ...

Ólafía Hrönn Jónsdóttir  
leikkona les þessa líflegu bók  
sem er á 2 CD diskum.



**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-40-4

Leiðb.verð: 2.490 kr.



### Sögur af Munda

- fyrir alla fjölskylduna

**Bryndís Víglundsdóttir**

Mundi átti heima fyrir vestan  
þegar hann var strákur. Í sög-  
unum er sagt frá samskiptum  
hans og fólksins í dalnum  
við hvert annað, dýrin og  
hrikalega náttúruna. Margt  
dreif á daga Munda sem  
áreiðanlega er frábrugðið lífi  
nútimabarna og alltaf var  
nóg við að vera bæði í leik  
og starfi. Í sögunum er leitast  
við að halda ýmsu til haga  
úr daglegu máli fólksins fyrir  
vestan.

🔊 120 mín.

**Gaman að lifa sf**

ISBN 9 789979 650669



Jólagjafirnar  
færðu í Office**1**

Ég ætla að spara í ár!

# Skáldverk

## « ÍSLENSK »



### Allra síðasta eintakið

Heiða Þórðar

Þetta er einlæg saga og hispurlaus, allt að því erótísk á stundum... Undir sléttu og felldu yfirborði Sólu leynist fjársjóður sem geymir misfagr minningar úr fortíð hennar.

Þetta er frumraun Heiðu Þórðar á ritvælinum sem hefur skrifað pistla fyrir Bleikt.is og Spegill.is. Sagan er að einhverju leyti byggð á atvikum úr lífi höfundar.

144 bls.

**KSF útgáfa**

ISBN 9789979709299

Leiðb.verð: 3.990 kr.



### Allt með kossi vekur

Guðrún Eva Mínervudóttir

Myndskr.: Sunna

Sigurðardóttir

Sannleiksleitinn leiðir fólk á óvæntar slóðir. Davíð vill vita hvaða þátt móðir hans átti í dapurlegum örlögum vina hennar. Hafði hún kannski tortímandi áhrif á alla í kringum sig? Leit Davíðs verður ferðalag djúpt inn í innstu sálarmyrkur og knýr hann að lokum til að takast á við erfiðar spurningar um sjálfa tilvistina og kossinn sem býr yfir ævintýrlegum ógnarkrafti. Hugkvæm, áleitinn og eftirminnileg saga sem sver

sig í ætt við fyrri verk höfundar, þar sem frásögnin dansar á mörkum raunsæis og fantasíu.

353 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-221-7



### Bernskubók

Sigurður Pálsson

Hér teflir Sigurður Pálsson fram lífandi fortíðarmyndum sem hafa mótað hann sem einstakling frá frumbersku, hann lýsir því hvernig skilningavitin vakna, hvernig

barnið nemur og skynjar umhverfi sitt, fjölskyldu og sveitunga, náttúruna, tungumálið; hvernig dýr og menn og almættið sjálf leika hlutverk sín á leiksviði barnsins. Sigurður hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2007 fyrir *Minnisbók sína*.

288 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-218-7



### Bónusstelpan

Ragna Sigurðardóttir

Sem útskriftarverkefni í Listaháskólanum velur Diljá að afgreiða á kassa í Bónus, með Bónusbleikt hár og skærbleikar varir. Þegar sá kvittur kemst á kreik að Bónusstelpan geri kraftaverk hika Diljá ekki við að taka gjörninginn skrefi lengra. Skólinn og fjölskyldan vilja að hún hætti en þúsundþjalasmiðurinn Hafliði stendur með henni. Griþandi saga beint úr blæðandi íslenskum samtíma.

213 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3238-1

## Sígilt meistaraverk

www.bokafelagid.is



Almenna bókafélagið



Ayn Rand

Uppsprettan



# „SAGNAMEISTARI“

THE GUARDIAN

EINVÍGIÐ eftir Arnald Indriðason er snilldarlega samin saga um spennuþrungið andrúmsloft kalda stríðsins – en líka um átakanleg örlög, glataða bernsku og hjartasár



ARNALDUR INDRIDASON

„... sálfræðileg glöggskyggni, afar hnitmiðaður stíll og þægilegur taktur.“

THE INDEPENDENT

„Arnaldur skrifar betur en nokkur annar íslenskur glæpasagna-höfundur.“

KB / MORGUNBLAÐIÐ

„Fremstur norrænna sakamála-höfunda.“

TIMES



# ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON SÁLUMESSA



Í *Sálumessu* kristallast saga þjóðarinnar frá upphafi byggðar til okkar daga. Þær fimm tengdu frásagnir sem hér birtast eiga það sameiginlegt að greina frá merkjum tímamótum í sögu okkar. Þáttaskil – átökin sem fylgja nýjum síðum í breyttu samfélagi – eru leiðarstefið sem leggur grunninn að eftirminnilegri hljómkviðu í þessu heilsteypta skáldverki. Af samhenginu má ef til vill ráða hvers er að vænta af framtíðinni.



**Ari Trausti Guðmundsson** hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir skáldverk sín. Hann hefur sent frá sér fjórar ljóðabækur og þrjár skáldsögur auk þess sem hann hlaut Bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness árið 2002 fyrir sagnasafnið *Vegalínur*.



## Brakið

Yrsa Sigurðardóttir

Hvað varð um fjögurra manna fjölskyldu og þriggja manna áhöfn snekkju sem rekur mannlausa inn í Reykjavíkurborg? Þóra Guðmundsdóttir lögmaður fær það verkefni að grafast fyrir um örlög fólksins en um leið kemst lesandinn smám saman að því hvaða óhugnanlegu atburðir áttu sér stað um borð. „Verk Yrsu standast samanburð við það sem best gerist í glæpasögum samtímans, hvar sem er í veröldinni,“ segir Times Literary Supplement. 320 bls.

Veröld

ISBN 978-9935-440-08-2

Leiðb.verð: 5.890 kr.



## Dagbók vesturfara 1902-1918

Jóhann Magnús Bjarnason

Formáli: Gyrðir Elíasson

Inng.: Baldur Hafsth

Dagbók Jóhanns Magnúsar kemur nú út í fyrsta sinn. Hún varpar ljósi á líf og starf fremsta skáldsagnahöfundar Vestur-Íslendinga en lýsir jafnframt einstöku samfélagi landa okkar á sléttunum miklu í Norður-Ameríku.

„Reyndar töfraði Jóhann Magnús mig svo dreinginn, að ég gleymdi að hugsa úti harmleik útflytjandans ...“ (Halldór Laxness)

251 bls.

Lestu.is

ISBN 978-9935-15-000-4

Leiðb.verð: 3.990 kr.



## Einvígið

Arnaldur Indriðason


Sumarið 1972 er Reykjavík í uppnámi; heimsmeistarainvígið í skák er að hefjast og fulltrúar austurs og vesturs fylgja sínum mönnum að tafborðinu. Meðan hæst stendur fer ungur piltur í bíó og verður fyrir fólkskulegri árás. Marion Briem stýrir rannsókn málsins og reynir að átta sig á því einvígi sem þarna er háð með lífið að veði. Áleitinn saga meistara Arnaldar þar sem sannsögulegir atburðir ramma inn grípandi frásögn af hörmulegri mannförn. 317 bls.

FORLAGIÐ

Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2147-0





„Ein af fjórum bestu  
skáldsögum haustsins.“  
ÞÝSKA TÍMARITID GAGA  
UM SNJÓBLINDU

# MYRKNÆTTI AÐ SUMRI





Ílla útleikið lík við eyðibýli í Skagafirði, nýgræðingur í lögreglunni á Siglufirði reynir að koma reiðu á eigið líf, ung reykvísk sjónvarpskona í upplýsingaleit og nepölsk stúlka sem bíður dauða síns á myrkum stað. Saman fléttast þessir þræðir í spennuþrungna frásögn þar sem ekkert er sem sýnist. Ragnar Jónasson sýnir og sannar að velgengni Snjóblindu heima og erlendis er engin tilviljun.

„Vel heppnuð flétta, sígild morðgáta þar sem heill leikflokkur liggur undir grun. Og þegar upp er staðið var það ekki neinn sem maður var með á listanum. Hvað vill maður meira?“  
[SPIEGEL ONLINE UM SNJÓBLINDU](#)

# SAMHENGI HLUTANNA

– skáldsaga um áleitinn raunveruleika –



## Sigrún Davíðsdóttir

er landskunn fyrir pistla sína í Speglinum á RÚV. Sýn hennar á íslenskt efnahagslíf er skörp, efnistökin vönduð og bein-skeytt. Hér fær þekking hennar og reynsla notið sín til fulls í **spennandi skáldsögu** sem skrifuð er beint inn í íslenskan samtíma. Höfundur setur hlutina í samhengi sem er í senn óvænt, áleitnið og sárt.



## Eiríkur Hansson

*Bernskan*

Jóhann Magnús Bjarnason

**Formáli:** Baldur Hafstað

Sagan af Eiríki Hanssyni eftir Vestur-Íslendinginn Jóhann Magnús Bjarnason kom út í þremur hlutum á árunum 1899 til 1903 og naut gríðar-legra vinsælda. Um árabil hefur þetta töfrandi verk verið ófánlegt. Hér birtist fyrsti hluti verksins (Bernskan) sem greinir frá brottför hinnar ungu söguhetju frá Íslandi og fyrstu árunum í framandi umhverfi. Sannfærandi og spennandi skáldsaga um gleði og sorgir vesturfara upp úr 1870.

„...sögur Jóhanns Magnú-úsar eru skrifaðar af einlægni og alúð og umtalsverðri gáfu. – Í raun er ekki hægt að biðja um meira.“ Gyrdír Elíasson  
118 bls.

**Lestu.is**

ISBN 978-9935-15-001-1

Leiðb.verð: 2.990 kr.

## Eitt andartak í einu

Harpa Jónsdóttir

Dag nokkurn birtist ung ófrísk stúlka í litlu sjávar-plássi. Lárus, borinn og barnfæddur í firðinum, tekur á móti henni á flugvellinum. Bæjarbúar komast smám saman að leyndarmálum þessarar hæglátu stúlku og taka þátt í glímu hennar við

BÓKATÍÐINDI 2011



lífið. Áður en yfir lýkur eru örlög hennar samofin pláss-ínu og þá sérstaklega Lárusi.  
160 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-022-4 Kilja



## Elíasarbók

sögur og ljóð

Elías Mar

## Elíasarbók

Elías Mar

**Samant.:** Þorsteinn Antonsson  
Hér birtast í fyrsta sinn sögur og ljóð úr óútgefnum handritum Elíasar ásamt óbirtum teikningum hans. Bók um ástir og örvæntingu með áherslum sem ekki hafa fyrr verið kynntar fyrir íslenskum lesendum á eigin tungumáli.  
331 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-021-7





### Farandskuggar

Úlfar Þormóðsson

Sársaukafullt ferðalag sonar um ævi móður sinnar en um leið er hér sögð saga heillar kynslóðar íslensks alþýðufólks – farandskuggum fyrri tíðar – í bók sem er í senn raunsæ og þrungin feegurð.

„Frábær bók.“ – Árni Mattiásson, Morgunblaðinu.

101 bls.

### Veröld

ISBN 978-9979-789-94-9

Leiðb.verð: 5.290 kr.



### Feigð

Stefán Máni

Lögreglumaðurinn Hörður Grímsson er heljarmenni, einrænn og skyggn, og feigðin


kallar að honum úr öllum áttum – hann hefur komist af úr sjávarháská og hinu mannskæða snjóflóði á Súðavík. Á hverjum degi berst hann við fortíðardrauga. Hörður á í höggi við fornan fjanda, dópsalann, steratröllið og undirheimahrottann Símon Örn Rekoja og berast átök þeirra milli Reykjavíkur og Vestfjarða. Kynngimögnuð saga, full af krafti, kynjum og taugatrekkjandi spennu frá höfundi *Skipsins* og *Svartur á leik*.

524 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-204-0



### Fimm þjófar

Jón Páll Björnsson

Lyosborg! Stærsta borg veraldar, oft nefnd Demantur austursins, háborg stjórnsýslu, fjármála, menningar og lista, miðdepill galdrafræða í hinum víðfeðma Austurheimi.

En bak við glæsilegt ytra útlit, bak við hvítar hallir og



# ALLSLAUS Á GÖTUNNI

Ísmeygilega myndin skáldævisaga Þórarins Leifssonar



ÞÓRARINN LEIFSSON



MÁL OG MENNING  
www.forlagid.is


græna garða eru skuggalegar götur og myrkir gangar, undir yfirborði velmegunar starfa þjófar, hörur, svikahrappar og morðingjar.

Inn í þennan iðandi og viðsjárverða heim sogast Atli Oddgeirsson, sveitapiltur af norðlægum slóðum, sem virðist einfaldur og saklaus, en ekki er allt sem sýnist. Eftir aðeins 10 daga dvöl í stórborginni er hann nánast ættleiddur af litlum en einkennilegum hópi þjófa sem sér notagildi í stráknum.

*Fimm þjófar* er fyrsta bókinn í fantasíuheimi Jóns Páls Björnssonar, sagnfræðings. Hér er á ferðinni algjör nýjung í íslenskum skáldskap sem lesendur munu vel kunna að meta. Jón Páll hefur skapað magnaðan og framandi fantasíuheim sem er fullur af skrautlegum furðuverum. 320 bls.

### Tindur

ISBN 978-9979-653-69-1  
Leiðb.verð: 2.690 kr. Kilja



### Gestakomur í Sauðlauksdal

Sölvi Björn Sigurðsson  
Aldurhnigninn og blindur snýr  
Björn Halldórsson á heima-

slóðir í Sauðlauksdal með litilræði af kartöfluútsæði sem Friðrik konungur hefur falið honum að rækta svo landar hans drepist ekki úr sulti. Það er dimmt yfir þjóðinni: mannfelli og kuldatíð, eldgos og bjargarleysi. Mitt í öllum hörmungunum ríkir samt von hjá gömlum bónda um að koma Íslendingum í hóp vel haldinna þjóða. Heillandi saga um mat og hugarheim 18. aldarinnar.

### Sögur útgáfa

ISBN 978-9935-416-64-3



### Glæsir

Ármann Jakobsson

Hér er fjallað á fágætlega skemmtilegan hátt um gamalmenni sem varð að draugi í lífanda lífi af því hann gat ekki skapað heldur aðeins tortímt. En hver er hann? Hví verður þorstinn eftir sæmdinni öllu öðru sterkari? Sagan um Glæsi er í senn viðburða-




# GERAST KRAFTAVERK ... Í BÓNUS?

Á kassanum vinnur stúlka með skærbleikt hár og skærbleikar varir. Hún lætur óskir manna rætast – er það gjörningur eða gabb?

Grípandi saga úr blæðandi íslenskum samtíma eftir Rögnu Sigurðardóttur



RAGNA SIGURÐARDÓTTIR





# Áleitin og eftirminnileg



GUÐRÚN EVA  
MÍNERVUDÓTTIR

Eftir höfund  
SKAPARANS  
og YOSOY



JPV

JPV ÚTGÁFA  
www.forlagid.is

*Hugkvæm, áleitin og eftirminnileg skáldsaga  
sem dansar á mörkum raunsæis og fantasíu*

HAUKUR INGVARSSON

# GLETTIN OG GRÁTBROSLEG

„Þú drapst sjónvarpið kona,  
þannig er það nú bara.  
Það verður ekkert horft  
á dagskrána í kvöld.“

NÓVEMBER 1976 er margslungið  
skáldverk frá liðnum tíma – nálægum  
en samt undarlega fjarlægum



rík, dramatísk og neistandi  
fyndin en umfram allt barma-  
full af tilfinningum.

☆☆☆☆ FB / Fréttablaðið

204 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-205-7



## Götumálarinn

Þórarinn Leifsson

MÁL OG MENNING  
[www.fortagid.is](http://www.fortagid.is)

Áhrifamikil bók um leit að ást og hamingju í grimmum heimi.  
Hrífandi söguleg skáldsaga eftir höfund HÚSS ANDANNA og EVU LUNU.





### Mundu mig, ég man þig

Dorothy Koomson

Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Fyrir 20 árum stóðu Poppy og Serena í sömu sporum: á unglingsaldri voru þær ákærðar fyrir hræðilegan glæp. Í 20 ár hafa þær lifað hvor í sínum heimi: Serena var sýknuð en Poppy dæmd í fangelsi. Eftir öll þessi ár er Serena enn á flóttu undan fortíðinni en Poppy loksins laus og vill draga allan sannleikann fram í dagsljósið. Minningin um manninn sem misnotaði traust þeirra ásækir þær báðar enn. Snjöll og átakanleg saga um leyndarmál, svik og glataða æsku. 505 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-173-9 Kilja



### Myrkraslóð

Ása Larsson

Þýð.: Eyrún Edda

Hjörleifsdóttir

Gaddfreðið lík af vel klæddri konu finnst í veiðiskýli í Lapplandi. Lögræðingurinn Rebecka Martinsson og lögreglan í Kiruna rannsaka málið og saman rekja þau sig eftir þráðum hagsmuna og peninga alla leið þangað sem engin lög og engar reglur gilda. Hörkuspennandi saga eftir höfund hinnar vinsælu bókar *Blóðnætur*.

☆☆☆☆ PBB / Fréttatíminn

414 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-180-7 Kilja



### Náttbál

Johan Theorin

Þýð.: Anna R. Ingólfssdóttir

Katrine og Joakim Westin kaupa gamalt býli á Ölandi og flytja þangað. En eftir að þau eru flutt heyrja þau hrollvekjandi sögusögn: að þeir sem dáði hafa við Áludden snúi þangað aftur um hver jól...

Líkt og *Hvarfið er Náttbál* ógleymanleg lesning; allt í senn sakamálasaga, draugasaga og fjölskyldudrama. 424 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-96-9

Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja

hluti hins heimsfræga verks Mobergs um vesturfaranu Karl Óskar og Kristínu sem gerast landnemar í Ameríku ásamt fjölda Svía og annarra Evrópubúa á 19. öld. Lífsbaráttan er hörð og margt sem þarf að læra í nýju landi til að koma undir sig fótunum en nú horfa þau til bjartari tíma. 360 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-08-1 ib

/-72-2 Kilja



### Ófreskjan


Roslund og Hellström

Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Óhugnanlega spennandi glæpasaga sem spyr lesandann mikilvægra og óvæginna spurninga um það hvers líf sé dýrmætast. Ófreskjan er fyrsta glæpasaga félaganna Roslunds og Hellströms og hefur, líkt og síðari bækur þeirra, farið sigurför um heiminn. Bókin hlaut Glerlykilinn, Norrænu glæpasagnaverðlaunin, 2005 sem besta norræna glæpasagan. 368 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-16-2 Kilja



### Nýtt land

Vilhelm Moberg

Þýð.: Magnús Ásmundsson

Þetta er þriðji og næst síðasti

Drakúla er magnaður greifi

www.bokafelagid.is



BÓKAFELAGIÐ





SÍÐASTA GÓÐMENNID EFTIR A. J. KAZINSKI

# Í SÉRFLOKKI!

Niels Bentzon lögreglumaður er vanur að eltast við glæpamenn en þarf skyndilega að hafa uppi á góðmenni. Óþekktur morðingi hefur myrt fulltrúa mannkærleikans um víða veröld - og nú berast böndin að Kaupmannahöfn. Hér kveður við nýjan tón í spennusögum samtímans.

„Tryllir í  
algjörum sérflokki!“

KÖLNER STADT  
ANZEIGER MAGAZIN



BJARTUR

„Ímyndunarafl,  
sálrænt innsæi og  
tungumál á allt öðru plani  
en í flestum öðrum bókum  
af þessu tagi.“

ARNE MARIAGER, FREDERICA  
DAGBLAD



AMAZON.FR

„Ímyndunarafl, sálrænt innsæi  
og tungumál á allt öðru plani en í flestum  
öðrum bókum af þessu tagi.“

Arne Mariager, Fredericia Dagblat



**Órólegi maðurinn**

Henning Mankell  
Þýð.: Hólmfríður  
Gunnarsdóttir

Árið 2008 hverfur sænskur sjóliðsforingi, tengdafaðir Lindu, dóttur Wallanders lög-  
reglufulltrúa, og skömmu síðar hverfur eiginkona sjó-  
liðsforingjans líka sporlaust. Þræðir málsins liggja aftur  
til kalda stríðsins en margir vilja varpa ryki í augu Wall-  
anders. Mankell bregst ekki aðdáendum sínum en það er spurning hvernig fer fyrir Wallander að lokum?

☆☆☆☆ PBB / Fréttatíminn  
472 bls.

FORLAGIÐ  
Mál og menning  
ISBN 978-9979-3-3237-4 Kilja

Lík ungrar stúlku finnst í bát á reki í skerjagarðinum utan við Stokkhólm og skömmu síðar finnst forstjóri sænska vopnaeftirlitsins hengdur á heimili sínu. Lögreglufor-  
inginn Joona Linna kemst á sporið en þarf líka að hjálpa fólki á flótta undan kaldrifju-  
uðum byssumanni. Hraður og hörkuspennandi krimmi eftir höfunda *Dávaldsins* sem sló eftirminnilega í gegn í fyrra. Sannkallaður „síðu-  
flettir“.

510 bls.  
FORLAGIÐ  
JPV útgáfa  
ISBN 978-9935-11-201-9




**Radley-fjölskyldan**

Matt Haig  
Þýð.: Bjarni Jónsson

Þegar ráðist er á Klöru á leið heim úr partýi rennur upp ljós fyrir henni og bróður hennar. Þau komast loksins að því af hverju þau geta ekki sofið, af hverju þau eru alltaf svöng ... fjölskylduleyndar-  
málið er afhjúpað. Og lífið verður aldrei samt.  
363 bls.

Bjartur  
ISBN 978-9935-423-33-7  
Leiðb.verð: 2.680 kr. Kilja



**Paganisamningurinn**

Lars Kepler  
Þýð.: Jón Danielsson




**Rannsóknin**

Philippe Claudel

Þýð.: Kristín Jónsdóttir  
Rannsóknarmaðurinn á að komast að rótum sjálfsmorðs-  
bylgju sem gengið hefur yfir. En ekkert fer einsog hann ætlaði, spurningar vakna en svörin láta á sér standa. Áður hefur komið út hjá Bjarti bókin *Í þokunni*, eftir Claudel, sem er margfaldur verðlaunahöfundur.  
192 bls.

Bjartur  
ISBN 978-9935-423-36-8  
Leiðb.verð: 2.680 kr. Kilja




**Reisubók Gúllivers**

Jonathan Swift  
Þýð.: Jón St. Kristjánsson  
*Reisubók Gúllivers* varð vin-  
sæl og fræg (að endemum)

um leið og hún kom út árið 1726. Hún hefur verið lesin í þaula æ síðan og verið leikin og kvikmynduð ótal sinnum en kemur nú í fyrsta sinn út í fullri lengd hérlendis í bráðskemmtilegri nýrri þýðingu Jóns St. Kristjánssonar. Í þessari glæsilegu útgáfu eru allar ferðasögurnar fjórar, fróðlegur inngangur um baksvið verksins og höfund og ítarlegar skýringar. Sígidl skemmtisaga með áleitinn boðskap.

381 bls.  
FORLAGIÐ  
Mál og menning  
ISBN 978-9979-3-3242-8



**Síðasta góðmennið**

A.J. Kazinski

Þýð.: Jón Hallur Stefánsson  
Niels Bentzon er vanur því sem lögreglumaður að elt-  
ast við brotamenn. Hann á því erfitt með að taka það alvarlega þegar honum er falið að finna manneskjum sem geti orðið næsta fórnarlamb morðingja sem hefur myrt góðmenni um víða veröld. Og nú berast böndin að Kaupmannahöfn. Hér kveður við nýjan tón í spennusögum samtímans!

468 bls.  
Bjartur  
ISBN 978-9935-423-48-1  
Leiðb.verð: 5.680 kr.

# Kraftmikið uppgjör

Áleitið skáldverk um hræsni nútímans,  
skömmina og skilin milli austurs og vesturs



Sofi Oksanen er höfundur  
metsöluþókarinnar HREINSUN  
og handhafi Bókmenntaverð-  
launa Norðurlandaráðs 2010



UM HREINSUN:



„Oksanen er sögumaður  
af guðs náð ...“





**Sjöundi himinn**

James Patterson

Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir  
Metsöluhöfundurinn James Patterson bregst ekki lesendum sínum í þessari hrollvekjandi glæpasögu um félagana í Kvennamorðklúbbum en þetta er sjöunda bókin í flokknum. Brennuvargur

kveikir í húsum auðmanna í San Francisco og brennir þá inni. Einkasonur ríkisstjórans er horfinn ... Málið tekur óvænta stefnu og eldarnir í auðmannahverfunum færast sífellt nær.

270 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-174-6 Kilja

**Skindauði**

Thomas Enger

Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Í tjaldi á Ekebergsléttunni finnst lík myrtrar konu. Henning Juul er falið að fjalla um málið og hann rekur þræði sem leiða hann á sífellt hættulegri brautir. Öfugt við lögregluna trúir hann ekki að málið sé eins einfalt og það virðist við fyrstu sýn. Og dauðsföllin verða fleiri...



Norðmaðurinn Thomas Enger er rísandi stjarna á glæpasagnahimninum. *Skindauði* er fyrsta bókin í röð 6 bóka um Henning Juul. 418 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-432-24-7 Kilja

**Skugginn af brosi þínu**


Mary Higgins Clark

Þýð.: Pétur Gissurarson

Í Skugganum af brosi þínu eftir metsöluhöfundinn Mary Higgins Clark er aðalsöguhetjan, Monica Farrell, barnalæknir á sjúkrahúsi. Monica veit ekki hverra manna hún er. Hún þekkir ekki uppruna sinn. En aðrir vita allt um hann og þeim er ekki í hag að

**SPENNUSAGNADROTTNINGIN**

Í Skugganum af brosi þínu eftir metsöluhöfundinn Mary Higgins Clark er aðalsöguhetjan, Monica Farrell, barnalæknir á sjúkrahúsi. Monica veit ekki hverra manna hún er. Hún þekkir ekki uppruna sinn. En aðrir vita allt um hann og þeim er ekki í hag að Monica komist að því hverrar ættar faðir hennar var. Mikill ættarauður er í húfi. Atvik haga því svo að Monica fer að fá ákveðnar grunsemdir um ætt sína og hver sé hinn raunverulegi afi hennar. Sá grunur setur líf hennar í mikla hættu.



Monica komist að því hvernig ættar faðir hennar var. Mikill ættarauður er í húfi. Atvik haga því svo að Monica fer að fá ákveðnar grunsemdir um ætt sína og hver sé hinn raunverulegi afi hennar. Sá grunur setur líf hennar í mikla hættu.

328 bls.

#### Bókafélagið Bifröst

ISBN 978-9935-412-09-6

Leiðb.verð: 4.980 kr.



#### Skurðlæknirinn

Tess Gerritsen

Þýð.: Hallgrímur H. Helgason  
Morðingi gengur laus í Boston, nefndur „Skurðlæknirinn“ af gildri ástæðu. Blóðugar aðfarir hans eru úthugsaðar, einbeitin ótrúleg og konurnar – sérvalin fórn-


arlömb sem búa ein – algerlega varnarlausar þegar þær vakna upp með óhugnaðinn yfir sér. Æsispennandi og nærgöngul hrollvekja eftir lækninn Tess Gerritsen sem er metsöluhöfundur víða um heim.

375 bls.

FORLAGIÐ

#### Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2135-7 Kilja



#### Stjarna Strindbergs

Jan Wallenten

Þýð.: Þórdís Gísladóttir

Í gömlum námugöngum í sænsku Dölunum finnst lík sem heldur á krossi. Í ljós kemur að krossinn tengist týndri stjörnu. Gripirnir tveir eru lykill að best varðveitta leyndarmáli veraldar. Sögu-

legir atburðir 19. og 20. aldar lifna hér við; ferðir landkönnuða, heimsstyrjöldin fyrri og ógnartími nasismans.

356 bls.

#### Bjartur

ISBN 978-9935-423-49-8

Leiðb.verð: 5.680 kr.



#### Sumardauðinn

Mons Kallentoft

Þýð.: Ísak Harðarson


Önnur bókin um Malin Fors segir áhrifamikla sögu af gæfulausri ást og kolsvartri illsku – og skelfingunni þegar ógnin beinist að því sem Malin Fors stendur hjarta næst... Mons Kallentoft (f. 1968) er einn vinsælasti glæpasagna-höfundur Svía og bækur hans um Malin Fors njóta mikillar hylli. Fyrsta bók hans

á íslensku, *Vetrarblóð*, kom út 2010 og hlaut frábærar viðtökur.

480 bls.

#### Uppheimar

ISBN 978-9979-659-93-8 Kilja



#### Táknið

Raymond Khoury

Þýð.: Ásta Kristín Hauksdóttir

Raymond Khoury hefur skrifað geysivinsælar bækur sem selst hafa í metupplögum, svo sem *Síðasta musterisíðarann* og *Griðastað*. *Táknið* gefur fyrri bókum hans ekkert eftir. Hér segir frá undarlegu ljóstákni sem birtist á himni og veldur uppnámi um víða veröld, eltingaleik við harðsvíraða glæpamenn og kapphlaupi við tímann. Er ljóshnötturinn fljúgandi furðuhlutur, guðlegt tákn

## Tvær góðar frá Bókafélaginu

www.bokafelagid.is





# GYRÐIR ELÍASSON



**GYRÐIR ELÍASSON** er ekki einasta viðurkennt afburðaskáld og rit-höfundur, heldur einnig afkastamikill þýðandi öndvegisbókmennta. Á þessu ári sendir hann frá sér tvær ólíkar bækur sem hann hefur þýtt.

**Tunglið braust inn í húsið** er viðamiklð safn ljóða eftir 36 skáld víðsvegar að úr heiminum sem hefur hlotið fádæma lof gagnrýnenda.

**Hvernig ég kynntist fiskunum** eftir Ota Pavel er rómað safn sam- tengdra frásagna sem leikur á mörkum skáldsagna- og smásagna- gerðar og lýsir með ljúfsárum hætti veröld sem var, í sveithéruðum Tékkóslóvakíu. áður en síðari heimsstyrjöldin skall á.




eða blekking? Spennan er miskunnarlaus ...

491 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-178-4 Kilja



## Uppsprettan

Ayn Rand

Þýð.: Þorsteinn Siglaugsson

Tímamótaskáldsaga eftir ein- hvern athyglisverðasta rithöf- und 20. aldar. Uppsprettan fjallar um tvo arkitekta í New York sem halda út í lífið. Bókin er sérlega áhrifamikil og gripandi enda hefur hún verið þýdd á fjölmörg tungu- mál og selst í 6,5 milljónum eintaka.

524 bls.

**Almenna bókafélagið.**

**BF-útgáfa**

ISBN 978-9935-426-13-0 Kilja


## Það sem aldrei gerist

Anne Holt

Þýð.: Solveig Brynja

Grétarsdóttir

Þjóðkunnir einstaklingar finnast myrtir og margt bendir til þess að morðinginn sé að senda skilaboð með voðaverkum sínum. Málið er flókið og æsispennandi leit hefst. Þetta er sjálfstætt framhald af bókinni Það sem mér ber sem sló í gegn 2010 og sat lengi á metsölulistum.



392 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-52-4 Kilja



## Þannig er lífið núna

Meg Rosoff

Þýð.: Helgi Grímsson


Lísa er send til móðursystur sinnar á Englandi og heillast af framandi umhverfinu og frændsystkinum sínum, einkum Edmond sem hún verður ástfangin af. En þegar stríð brýst út og hryðjuverka- menn ná völdum í landinu eru frændsystkinin skilin að og þá gildir það eitt að halda lífi. Áhrifamikil verð- launasaga um hugsanlegar afleiðingar þriðju heimsstyrj- aldarinnar. 203 bls.



FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-176-0 Kilja



### Pegar öllu er á botninn hvolft

Alan Bradley

Þýð.: Karl Emil Gunnarsson  
Flavia de Luce er 12 ára efnafræðisnillingur með ástríðu fyrir eitri sem aldrei hefur fundið raunveruleg not fyrir hæfileika sína. En sumarið 1950 taka dularfullir atburðir að gerast, meðal annars í gúrkubeðinu heima hjá henni. Alan Bradley hlaut verðlaun Samtaka breskra glæpasagnahöfunda fyrir þessa bráðskemmtilegu bók en bækur hans um spæjarann Flaviu hafa vermt efstu sæti metsölulista víða um heim.

352 bls.

FORLAGIÐ

Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2140-1



### Öreigarnir í Lodz

Steve Sem-Sandberg

Þýð.: Ísak Harðarson


Öreigarnir í Lodz hefur hlotið fádæma lof, en fyrir þessa miklu örlagasögu úr heimsstyrjöldinni síðari hlaut höfundurinn Augustpriset, helstu bókmenntaverðlaun Svíþjóðar, sem og De Nio-verðlaunin þar í landi árið 2009. Þá var bókinn tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

„...hreinræktað listaverk úr orðum. Hér umbreytist nákvæm sagnfræði í mergjaðan skáldskap.“ Per Svensson, *Dagens Nyheter*  
586 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-432-33-9

# ÉG ÞEKKI LEYNDARMÁL ÞÍN!



## Þrælsþennandi krimmi sem heldur fyrir þér vöku

„Vaaá! Þvílík frumraun.  
Ofboðslega grípandi,  
frábærlega skrifuð ...“

THE SUN

JPV

JPV ÚTGÁFA

www.fortlagid.is

# Skáldverk

## « HLJÓÐBÆKUR »



### Afleggjarinn

Auður Ava Ólafsdóttir

Ungur maður sem er svo að segja alinn upp í gróðurhúsi á brýnt erindi til afskekkt staðar í útlöndum. Heima skilur hann eftir aldraðan föður, þroskaheftan bróður og guðdómlegt stúlkubarn sem hann eignaðist óvart „með eins konar vinkonu vinar síns“.

Ekki líður á löngu þar til faðirinn ungi fær óvænta heimsókn í klaustrið.

Bókin er margverðlaunuð í Frakklandi og Kanada og fékk tilnefningu til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.


„Frábærlega skrifaður sælkeratexti...“ – Le Monde - Höfundur les.

Fæst bæði sem CD og Mp3 bók.



Hljóðbók.is

ISBN 978-9935-417-56-5/39-8



### Alkemistinn

Paulo Coelho

Þýð.: Thor Vilhjálmsson

Þessi saga er sígilt listaverk sem hefur farið sigurför um heiminn og er vitnisburður um ómetanlegt gildi þess að fylgja draumum sínum og láta hjartað ráða för. Thor Vilhjálmsson les. Bókin er á einum Mp3 disk.

▶ 351 mín.

Hljóðbók.is

ISBN 978-9935-417-60-2



### Borða, biðja, elska

Elizabeth Gilbert

Þýð.: Herdís Magnea Hübner

Metsölubókin sem allir tala um. Eftir erfiðan skilnað ákveður Liz að fara út í heim í leit að sjálfri sér. Fyrst liggur leiðin til Ítalíu að borða góðan mat, á Indlandi leggur hún stund á andlega íhugun en á Balí í Indónesíu finnur hún hamingjuna. Helga Braga leikkona les. Bókin er á einum Mp3 disk.



Hljóðbók.is

ISBN 978-9935-417-49-7



### Dagbók Bridget Jones

„Dagbók Bridget Jones er einstaklega skemmtileg og skörp. Megrúnarkúrar munu bregðast, reykingabindindið mislukkast, áfengiseiningum fjölga, appelsínuhúð mun blómstra, ástarsambönd munu bresta á og konur munu hlæja, já, jafnvel karlmenn munu hlæja.“

- Hermann Stefánsson, Morgunblaðinu.

Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona les. Fæst bæði sem 6 CD bók og Mp3 bók.

▶ 435 mín.

Hljóðbók.is

ISBN 978-9935-417-28-2/32-9



# Jólabækurnar færðu í Office 1

## Ég ætla að spara í ár!



**Lygarinn – Óttar M. Norðfjörð**

**HVAÐ EIGA BOBBY FISCHER,  
BORIS SPASSKY, DAVÍÐ ODDSSON  
OG GEIR H. HAARDE SAMEIGINLEGT?**



*„Krónprins íslenskra glæpasagna.“ Þráinn Bertelsson*



**Gestakomur í Sauðlauksdal**

**HEILLANDI SAGA UM MAT  
OG HUGARHEIM ÞJÓÐARINNAR  
Á 18. ÖLD.**

**Sölvi Björn Sigurðsson**




*Síðustu dagar móður minnar ★★★★★ Bergsteinn Sigurðsson, Fréttablaðinu*



**Meistari hinna blindu – Elí Freysson**

**FYRSTA VERKIÐ Í FANTASÍU-  
BÓKARÖÐ SEM MUN HEILLA  
LESENDUR OG OPNA FYRIR  
ÞEIM NÝJA HEIMA.**



*„Einstök rödd, einstök saga, einstök skemmtun.“ Illugi Jökulsson*



**Einn dagur**

David Nicholls

Þýð.: Arnar Matthíasson

Einhver skemmtilegasta og átakanlegasta ástarsaga sem hefur komið út seinni árin.

„... ekki bara hrikalega myndin heldur líka minnstæð, hjartnæm, og djúpvitur á sinn hógværa og tilgerðarlausu máta.“ – The Guardian.

Fríðrik Friðriksson leikari les.

Hljóðbókin er á 1 Mp3 disk.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-61-9

**Ég læðist fram hjá öxi**

Beate Grimsrud

Þýð.: Hjalti Rögnvaldsson

Samhliða prentaðri útgáfu kemur þessi hljóðbók út, en bókin fékk tilnefningu til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2000.

Margrét Vilhjálmstöttir leikkona les.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-59-6

Ungt fólk sem er að gera upp hús í eyðborpi fyrir vestan fer að gruna að þau séu ekki ein á staðnum. Á sama tíma dregst ungur læknir á Ísafirði inn í rannsókn á sjálfsmorði eldri konu. Þessir ólíku þræðir fléttast saman í gripandi sögu þar sem rómaðir hæfileikar Yrsu til að kveikja spennu njóta sín til hins ítrasta. Vala Þórsdóttir leikkona les.

Bókin er á einum Mp3 disk.

▶ 825 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-27-5

Leiðb.verð: 4.490 kr.

**Frelsarinn**

Jo Nesbø

Þýð.: Ingunn Ásdísardóttir

Í miðborg Oslóar er meðlimur Hjálpræðishersins skotin til bana. Rannsóknarlögreglumaðurinn Harry Hole leitar morðingjans en götur borgarinnar breytast fljótt í vígöll þar sem barist er upp á líf og dauða.

*Frelsarinn* var tilnefnd til hinna virtu ensku glæpasagnaverðlauna CWA International Dagger árið 2009.

Hjálmar Hjálmarsson leikari les. Bókin er á 1 Mp3 disk.

▶ 1044 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-37-4

Leiðb.verð: 3.990 kr.

**Gestaboð Babette**

Karen Blixen

Þýð.: Úlfur Hjörvar

Margir muna hina vinsælu kvikmynd Gestaboð Babette, sem gerð var eftir bók Karenar Blixen, en hún er einn þekktasti rithöfundur Dana fyrr og síðar.

Tvær prófatsdætur ákveða að halda minningarhátíð um föður sinn. Til veislunnar koma gamlir fjölskylduvinir, þjakaðir af lífsleiða. Babette, frönsk eldabuska, kallar fram gleði í hjörtum viðstaddra.


Kristbjörg Kjeld leikkona les. Bókin er á 2 CD diskum.

▶ 120 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-29-9

Leiðb.verð: 3.590 kr.

**Ég man þig**

Yrsa Sigurðardóttir

# bóksala stúdenta

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksalaboksala.is

www.boksala.is

# Hulduheimar

Eftir Hildi Kristínu Ólafsdóttur



**Hulduheimar er fyrsta bók nýs höfundar. Spennandi ævintýrabók fyrir börn og unglinga á öllum aldri.**

Bókin fjallar um ævintýri þrettán drekakríla sem reyna að finna lausn á dularfullum veikindum móður sinnar, veikindum sem lækna Hulduheima virðast ekki geta fundið lækningu við. Krílin taka til sinna ráða ásamt mennskri vinkonu sinni, Kötunni. Þau eru ákveðin í að finna leið til að bjarga móður

sinni og leggja af stað í ferðalag sem leiðir þau í allskyns hættur. Er krílin nógu sterk til að takast á við þær ógnir sem mætir þeim?

Er þau tilbúin að láta af hendi það sem beðið er um fyrir líf og heilsu móður þeirra? Hvað þarf að borða til að prumpa bleiku glimmeri?



Hildur hefur alltaf verið listræn sál sem heldur fast í barnið á sjálfum sér og hefur það því verið langþráður draumur að deila þessum ævintýraheim sínum með öðrum. Fylgist með heimasíðu Hulduheima fyrir frekari upplýsingar og aukaefni.

[hildurko.com/hulduheimar](http://hildurko.com/hulduheimar)

Dreifing Bergvík ehf. - [oli@bergvik.is](mailto:oli@bergvik.is)



**Hausaveiðararnir**

Jo Nesbø

Samtímis prentuðu útgáfunni og bíómyndinni kemur þessi magnaða bók út í lestri Hjálmarssonar leikara. Snilldarflétta hjá Nesbø.

Bókin fæst á 7 CD diskum og einnig sem Mp3 bók. 489 bls.

HLJÓÐBÓK.IS

ISBN 978-9935-417-46-6/-45-9


Arnar Jónsson leikari les. Bókin er á 3 CD diskum.

180 mín.

HLJÓÐBÓK.IS

ISBN 978-9935-417-31-2

Leiðb.verð: 3.490 kr.



**Hollywood**

Charles Bukowski

Þýð.: Hjördís Sigurðardóttir

Hank Chinaski vill helst fara á veðhlaupabrautina á daginn og semja ljóð á kvöldin. Nú hefur hann hins vegar verið ráðinn til að skrifa kvikmyndahandrit. Er hann dæmdur og glataður, orðinn hluti af þeirri peningamaskínu sem hann hefur fyrirliði allt sitt líf?

Örn Árnason leikari les. Bókin er á 1 Mp3 disk.

HLJÓÐBÓK.IS

HLJÓÐBÓK.IS

ISBN 978-9935-417-50-3



**Hvernig ég kynntist fiskunum**

Ota Pavel

Þýð.: Gyrðir Eliásson

Rómað verk sem leikur á mörkum skáldsagna- og smásagnagerðar og segir af ævintýrlegum veiðiferðum Poppers sölufultrúa og Proseks ferjumanns, af vatnakörfum sem fóðraðir eru á maltkorni og dádýrshjörtum sem ruggað er í barnavögnum.

Hjalte Rögnvaldsson leikari les. Bókin er á 4 CD diskum.

289 mín.

HLJÓÐBÓK.IS

ISBN 978-9935-417-48-0

Leiðb.verð: 4.490 kr.



**Landið sem aldrei sefur**

Ari Trausti Guðmundsson

Draumkennd ferðalýsing manns um stærstu álflu heims. Frásögnin ber okkur frá norðaustasta horni Síberíu í krökaleiðum til suðurs og þaðan áleiðis til Íslands. Höfundur les. Bókin er á 4 CD diskum.

284 mín.

HLJÓÐBÓK.IS

ISBN 978-9935-417-30-5

Leiðb.verð: 3.790 kr.



**Hið undarlega mál Jekylls og Hydes**

Robert Louis Stevenson

Þýð.: Árni Óskarsson

Þessi fræga metsölubók um Jekyll og Hyde hefur verið kvikmynduð margsinnis. Hrollvekjandi og dularfullt andrúmsloftið og lýsingar á þokuslunginni Lundúnaborg gera söguna afar eftirminnillega.

**Sneisafull af fróðleik**  
www.bokafelagid.is

Almenna bókafélagið



**Máttur viljans**

Guðni Gunnarsson

Máttur viljans er bók um að stíga einföld skref inn í velsæld og frelsi. Hljóðbókin inniheldur átta geisladiska, sjö klukkustundir af efni þar sem Guðni leiðir hlustandann í gegnum skrefin sjö til velsæðar, hamingju og jafnvægis; athygli, ábyrgð, tilgangur, heitbinding, framganga, innsæi og þakklæti.

420 mín.

Salka


ISBN 978-9935-17-000-2



# DRAMATÍSK ÖRLAGAFLÉTTA



ÓLAFUR JÓHANN  
ÓLAFSSON



Hart er tekist á í stríði þjóða, stríði milli einstaklinga og í því stríði sem einstaklingurinn heyr í eigin brjósti. MÁLVERKIÐ er ógleymanleg örlagasaga um mennskuna og listina.

*Ólafur Jóhann Ólafsson fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir síðustu bók sína, Aldingarðinn.*

  
VAKA-HELGAPELL  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

ÍSLENSKU  
BÓKMENNTA  
VERÐLAUNIN  
**2006**



**Ofviðri í Ljósufjöllum**

Samhliða prentaðri útgáfu kemur þessi spennandi bók út í lestri höfundar á 6 CD diskum og sem Mp3 bók.



**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-58-9/57-2



**Samhengi hlutanna**

Sigrún Davíðsdóttir

Samhliða prentaðri útgáfu kemur þessi bók út í lestri Kristjáns Franklins Magnús leikara. Hljóðbókin er á einum Mp3 disk.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-41-1



**Stjarna Strindbergs**


Jan Wallentin

Þýð.: Þórdís Gísladóttir

Samhliða prentaðri útgáfu kemur þessi bók út í lestri Valdimars Flyngenring leikara. Hljóðbókin er á 1 Mp3 disk.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-53-4



**Óreigarnir í Lodz**

Steve Sem-Sandberg

Þýð.: Ísak Harðarson

Sænska rithöfundinum Steve Sem-Sandberg skaut upp á stjörnuhimin alþjóðlegra bókmennta með þessari bók sem kom út árið 2009. Bókin hefur hlotið fádæma lof, en fyrir þessa miklu örlagasögu úr heimsstyrjöldinni síðari haut höfundurinn ein helstu bókmenntaverðlaun Svíþjóðar. Þá var bókin tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

„Eins og hnitmiðað hamarshögg. Frábært, tímalaut bókmenntaverk.“


- De Standaard -

Kristján Franklín Magnús leikari les. Bókin er á 1 Mp3 disk.



**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-44-2



**Ómynd**

Eyrún Ýr Tryggvadóttir

Kaldan desembermorgun hverfur lítið barn úr vagni sínum á Akureyri. Íbúar eru harmi lostnir og lögreglan ráðþrota. Fljótlega kemur í ljós að ekki er allt sem sýnist hjá fjölskyldu barnsins. Andrea gefst ekki upp fyrr en hún kemst að hvað leynist undir yfirborðinu.

Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona les. Bókin er á 1 Mp3 disk.



**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-52-7



**Skindaudi**

Thomas Enger

Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Í tjaldi á Ekebergsléttunni finnst lík konu sem augljóslega hefur verið myrt. Hennig Juul blaðamanni er falið að fjalla um málið og hann rekur þræði sem leiða hann á sífellt hættulegri brautir.

Höfundur er hratt rísandi stjarna á norska glæpasagnahimninum.

Steinn Ármann Magnússon leikari les. Bókin er á einum Mp3 disk.



**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-54-1



**Svar við bréfi Helgu**

Bergsveinn Birgisson

Aldraður bóndi skrifar bréf til ástkonunnar sem honum bauðst að fylgja til borgarinnar forðum tíð. Gerði hann rétt í að taka sveitina fram yfir kærleikann? Hefði hann átt að flytjast til Reykjavíkur til að moka skurð eða reisa bragga fyrir Ameríkana?

Bókin var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Hér les höfundur sjálfur. Lengd 3 CD diskar.

195 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-36-7

Leiðb.verð: 3.590 kr.





“Ungbarnanudd er frábær leið til að tengjast barninu sínu og bókin er bæði fallegur og fræðandi leiðarvísir um hvernig á að bera sig að. Ég mæli hiklaust með henni fyrir foreldra.”

-Katrín Jakobsdóttir-



Þessari glæsilegu bók er ætlað að kenna aðferðir til að nálgast barnið þitt, tengjast því og örva snertiskynið með nuddi. Höfundur bókarinnar, Dilla, hefur 20 ára reynslu af ungbarnanuddi og setur sitt persónulega mark á leiðbeiningarnar sem allar eru sýndar á skýran og einfaldan hátt með gullfallegum litmyndum Heiðu ljósmyndara ([www.heida.is](http://www.heida.is)). Sá kærleikur sem þú lærir að miðla í gegnum hendurnar með ungbarnanuddi er kær leikur sem setur mark sitt á barnið þitt til lífstíðar. Því vilja höfundar bókarinnar fyrst og fremst miðla til þín. Eigðu kærleiksríkar nuddstundir með barninu þínu. **Falleg gjöf handa öllum foreldrum.**

**Tindur**  
B Ó K A Ú T G Á F A



# Ljóð og leikrit



## Afviknir staðir

**Sigmundur Ernir Rúnarsson**  
Meitlað orðfæri, leiftrandi mælska og einstök og heillandi sýn á lífið og tilveruna.

106 bls.

### Veröld

ISBN 978-9935-440-01-3

Leiðb.verð: 2.290 kr.



## Allt kom það nær

**Þorsteinn frá Hamri**

Ný ljóðabók eftir eitt af höfuðskáldum Íslendinga. Þorsteinn talar í einlægni um vonina sem vermir, um drauminn, fegurðina, frelsið, um fortíð og samtið, um það sem getur breytt lífi okkar á skammri stundu og fyrirvaralaust; en líka um það sem villir okkur sýn: „og blendið er nú / hvers við biðjum, væntum og spyrjum.“

54 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3241-1



## Bláklukkur

**Guðrún Valdimarsdóttir**

Bókin geymir hugljúf ljóð og lausavísur og mörg ljóðanna eru kveðjur til samferðamanna. Guðrún ólst upp í Teigi í Vopnafirði, dóttir skáldkonunnar Guðfinnu Þorsteinsdóttur og þess sér víða stað í ljóðum hennar.

87 bls.

**Félag ljóðaunnenda á**

**Austurlandi**

ISBN 978-9935-410-06-1

Leiðb.verð: 3.880 kr.



## Blindir fiskar

**Magnús Sigurðsson**

Blindir fiskar er önnur ljóðabók Magnúsar Sigurðssonar. Fyrir þá fyrstu, *Fíðildi, mynta og spörfuglar Lesbíu*, hlaut Magnús Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2008.

52 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-01-8 Kilja



Jólaspilm  
færðu í Office**1**

Ég ætla að spara í ár!



### Daloon dagar

**Bergþóra Snæbjörnsdóttir**  
Í Daloon dögum fylgjum við ljóðmælanda er hann ráfar um innviði hversdagsins. Þar er alltaf þriðjudagur, ROYAL búðingur rennur niður hlíðarnar og sumt fólk fer ekki einu sinni í grænmetisdeildina...

Þetta er fyrsta ljóðabók Bergþóru Snæbjörnsdóttur. Kápu mynd er eftir Rakel McMahon.

72 bls.

#### Útúrdúr

ISBN 978-9979-9982-4-2

Leiðb.verð: 2.490 kr. Kilja



### Drauganet

**Bergsveinn Birgisson**  
Bergsveinn Birgisson sló í gegn á síðasta ári með *Svari við bréfi Helgu*. Nú sendir hann frá sér magnaða ljóðabók með teikningum eftir Kjartan Hall.

88 bls.

#### Bjartur

ISBN 978-9935-423-41-2

Leiðb.verð: 2.280 kr. Kilja



### Dögginn skær

**Bjarni Valtýr Guðjónsson**

*Dögginn skær* er þriðja ljóðabók Bjarna Valtýs, en þær fyrri eru: *Ég leita þín vor*, 2009, og *Á sólnæturtíð*, 2010.

Bjarni Valtýr var á áttunda ári þegar hann tók sín fyrstu spor í ljóðagerð. Var þá ekki um annað að ræða en misgóðar vísur af einföldustu gerð þar sem endarímið sat í öndveginu en stuðlar og efnistökin nokkrum þrepum neðar. Síðan hefur margt á dagana drifið í þeim efnum og yrkisefnin orðið fleiri en tölu verði á komið. Má þar telja meðal fyrirferðarmesta efnis auk almennra kvæða lausavísur, gamanbragi og afmælisljóð.

Við könnun á efni þessara ljóða gæti það verið líklegt til eftirtektar hve mörg þeirra fjalla um fornsagnapersónur og lífsmáta þeirra, þar á meðal nokkur hinna lengstu. Væri skýringa leitað liggur sú staðreynd fyrir að höfundur ólst upp í námunda við þau sagnasvið er sum hver hafa þótt einna áhrifamest íslenskra gullaldarsagna.

83 bls.

**Sigurjón Þorbergsson**

ISBN 978-9935-9066-0-1

Leiðb.verð: 2.800 kr. Kilja


### Feyktu mér stormur

**Hörður Andri Steingrímsson**

Feyktu mér stormur er önnur ljóðabók Harðar og inniheldur andleg ljóð með trúarlegu stefi. Frábær og innblásin ljóð sem fá mann til að hugsa um tilgang lífsins og tilverunnar.

**Hörður Andri Steingrímsson**

ISBN 978-9979-72-044-7



### Fjögur bandarísk ljóðskáld

**Carl Sandburg**

**Þýð.: Hallberg Hallmundsson**

*Fjögur bandarísk ljóðskáld* inniheldur 92 ljóð eftir skáldin Carl Sandburg, William Carlos Williams, Anne Sexton og Alan Dugan. Bókin er samprentuð hefti númer 12.-15. í flokknum LJÓÐAKVER sem Hallberg tók að gefa út eftir að hann fluttist til Reykjavíkur frá New York. Hallberg dó í janúar síðastlinum og hans hinsta ósk var að ættingjar hans gæfu út ljóðapýðingarnar sem hann dó frá. Nú er sú vinna hafin.


144 bls.

**Brú – Forlag**

Dreifing: JPV Útgáfa

ISBN 978-9979-9712-8-3

Leiðb.verð: 2.450 kr. Kilja



### Heimsókn

**Þorgeir Þorgeirsson**

Í bókinni *Heimsókn* er að finna þrjá ljóðaflokka. Efnistökin eru úr hinu hversdagslega en nálæga umhverfi höfundar. Þar sem persónuleg nálgun og vitranir eiga sér stað, er birtast í æskudraumum og djúpum tjörnum fortíðar. Spáð er í framtíðina með upprennandi kynslóð barnabarna, þar sem lífs-gátan er innan seilingar.

108 bls.

**Kjöllur**

ISBN 978-9979-9602-4-9

Leiðb.verð: 3.280 kr.



### Hinn óséði vegur

**Friðjón Stefánsson**

Friðjón Stefánsson rithöfundur (1911–1970) var fyrst og fremst smásagnahöf-



undur og komu út eftir hann alls 8 smásagnasöfn. Ljóðin í þessari bók eru tekin saman eftir lát höfundar og gefin út í tilefni aldarafmælis hans 12. október 2011.

Þessi ljóðabók er að líkindum fyrsta íslenska ljóðabókin sem gefin er út með skapandi almenningi (creative commons) leyfi. Hægt er að nálgast frítt eintak af bókinni á slóðinni: <http://tiny.cc/foom1101> bls.

**Herborg Friðjónsdóttir**  
ISBN 978-9979-70-977-0



### Hinum megin við sólsetrið

**Sveinn Snorri Sveinsson**  
*Hinum megin við sólsetrið* er áttunda ljóðabók Sveins Snorra. Hún skiptist í fjóra sjálfstæða kafla, en fyrstu þrjú kaflarnir innihalda ljóð um ást, stríð og margs konar

upplifanir úr reynsluheimi skáldsins. Fjórði kafli geymir eintal manns, sem stendur upp á sviði og lýsir skoðunum sínum og lífsreynslu á þremur ólíkum æviskeiðum. 132 bls.


**Sveinn Snorri Sveinsson**  
ISBN 978-9979-70-947-3  
Leiðb.verð: 3.299 kr. Kilja



### Hliðargötur/Sideroads

**Jónas Þorbjarnarson**  
Þýð.: Ástráður Eysteinnsson og Julian Meldon D'Arcy  
Tvímála útgáfa af marglofaðri ljóðabók Jónasar sem fyrst kom út fyrir 10 árum. Ljóðunum er fylgt úr hlaði með ítarlegum formála þýðendanna. Bókin er myndskreytt af Önnu Jóa. 118 bls.


**Háskólaútgáfan**  
ISBN 978-9979-54-921-5  
Leiðb.verð: 3.800 kr. Kilja



### Höfuð drekans á vatninu

**Guðbrandur Siglaugsson**  
*Höfuð drekans á vatninu* er ellefta ljóðabók Guðbrands Siglaugssonar. Hinar tíu komu út á árabílinu 1977 til 2007. Hér tífar tíminn, leikur sér ljóðið á meðan hafið hlustar. 100 bls.

**Uppheimar**  
ISBN 978-9935-432-08-7 Kilja



### Í klóm dalalæðunnar

**Sindri Freysson**  
„Í klóm dalalæðunnar er full af sprengikrafti hugmynda ... teygir sig inn í sálarlíf lesandans og hreyfir þar rækilega við honum.“ Úr umsögn dómnefndar um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 94 bls.

**Veröld**  
ISBN 978-9935-440-02-0  
Leiðb.verð: 2.290 kr.



### Ísafjörður ægifagur

**Ljóð**  
**Matthías Kristinnsson**  
Í huga mínum held ég væð um heimabæinn bjarta og geymi ávallt Ísafjörð innst í mínu hjarta.

96 bls.  
**Vestfirska forlagið**  
ISBN 978-9935-430-07-6  
Leiðb.verð: 2.400 kr.



### Kafbátakórinn

**Steinunn G. Helgadóttir**  
Höfundur vakti verðskuldaða athygli er hún hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör 2011 fyrir ljóðið *Kaf.* Steinunn, sem þekktust er fyrir störf sín að myndlist, stígur hér fram sem þroskað skáld. *Kafbátakórinn* er fyrsta ljóðabók hennar. 56 bls.

**Uppheimar**  
ISBN 978-9935-432-09-4 Kilja

Skemmtileg dúkkulísu-bók

www.bokafelagid.is



BOKAFELAGIÐ







*Ég drægst  
þar sem mér sýnist*

**Gíslí Rúnar Jónsson**  
og Grínarar hringsviðsins

*segja sögur úr sviðsljósinu ... og skugga þess*

Tindur



### Kanill

Ævintýri og örfá ljóð um kynlíf

Sigríður Jónsdóttir

Listræn bersögli einkennir stíl Sigríðar í þessari annarri ljóðabók höfundar. Bók hennar *Einnar báru vatn* sem út kom 2005 var haustlangt á metsölulista ljóðabóka. 56 bls.

**Útgáfufélagið Sæmundur**

ISBN 978-9935-9014-5-3

Leiðb.verð: 2.290 kr.



### Lausagrjót úr þagnarmúrnum

Ingunn V. Sigmarsdóttir

Ingunn yrkir um lífið og tilveruna, einnig um náttúruna og dregur upp myndir úr heimahögnum í Borgarfirði eystra. Bókin er sú ellefta í flokknum Austfirsk ljóðskáld. 86 bls.

**Félag ljóðaunnenda á Austurlandi**

ISBN 978-9935-410-05-4

Leiðb.verð: 4.480 kr.



### Ljóð og uppstillingar 1951 - 2011

úrval

Kormákur Bragason

Þetta er úrval ljóða sem áður hafa komið út í fjórum bókum höfundar sem eru: *Spiruskip* (1960), *Djúpfryst ljóð* (1961), *Ástfangnar flugvélar* (1996) og *Pólitísk ástarljóð* (2008). Einnig eru í bókinni „uppstillingar“ sem höfundur nefnir svo og birtust í *Spiruskipi*. Einnig áður óbirt ljóð og ljóð sem birtust í blöðum og tímaritum. 148 bls.

**Mostrarskegg**

ISBN 978-9935-9063-0-4



### Ljóddómur ævisaga í ljóðum

Ingimar Erlendur Sigurðsson Þessi ljóðabók Ingimars Erlendar Sigurðssonar er óvenjuleg að því leyti að hún er í tveim bindum og er eins

konar ævisaga höfundarins í ljóðum. Auk þess eru bæði bindin ríkulega myndskreytt af höfundi, bæði litmyndir og teikningar.

**Sigurjón Þorbergsson**

ISBN 978-9935-9066-1-8 Kilja



### Lömbin í Kambódíu (og þú)

Jón Bjarki Magnússon

Myndskr.: Una Björk


Sigurðardóttir

Kambódía er eini hnötturinn sem vitað er til að líf þrífist á. Umhverfis Kambódíu liggur þunnt lag lofttegunda, sem samanstendur að mestu leyti af köfnunarefni og súrefni. Fyrir nokkrum milljónum ára er talið að kambódískur api hafi stökkbreyst og öðlast þann hæfileika að geta staðið á tveimur fótum. Síðan Kambódía myndaðist hefur hún þróast stöðugt, og standa nú eftir litlar sem engar leifar af upphaflegri ásynd hennar. 74 bls.

**Útúrdúr**

ISBN 978-9979-9982-3-5

Leiðb.verð: 2.490 kr. Kilja



### Marlene og ég

Gunnar M. G.

*Marlene og ég* er þriðja ljóðabók Gunnars M. G. Fyrsta bók hans, *Skimað út*, kom út árið 2007 og var fylgt eftir með bókinni *Milli barna* 2009. 44 bls.

**Uppeimar**

ISBN 978-9935-432-12-4 Kilja



### Mávur ekki maður

Ásdís Óladóttir

Sjötta ljóðabók Ásdísar Óladóttur sem vakið hefur athygli fyrir „vönduð og faguð“ ljóð sín, eins og gagnrýnandi komst að orði. 44 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9979-789-90-1

Leiðb.verð: 2.280 kr.



### Nú kveð ég þig Slétta

Visur og víðtalsþáttur

Sigurður Árnason

Sigurður Árnason (1890–1979) ólst upp á Oddsstöðum á Melrakkaslétta, en bjó síðan á Raufarhöfn. Auk vísunnanna er í bókinni viðtal Gríms M. Helgasonar við Sigurð. Þá er inngangur um lífshlaup Sigurðar, ætt og uppruna. Skýringar eru við allt efni

bókarinnar, sem og rækilegar skrár. Sigurður var fljúgandi hagamæltur og gamansamur, orti gjarnan „vísu dagsins“, sem hann kallaði svo. En líka kemur fram hjá honum réttlætiskennnd, hógværð og trúarlegur strengur. 190 bls.

**Einar Sigurðsson**

ISBN 978-9979-70-962-6

### Óminni er ekkert og fleiri ljóð

Pablo Neruda

Þýð.: Hallberg Hallmundsson  
Chileska skáldið Pablo Neruda (1904–1973) er eitt þekktasta ljóðskáld Suður-Ameríku. Út eru komin bókinn Óminni er ekkert, 17 ljóð Neruda sem Hallberg Hallmundsson þýddi úr spænsku. Árið 1950 deildi Neruda heimsfriðarverðlaununum í Moskvu með Paul Robeson



og Pablo Picasso og 1971 hlaut hann bókmenntaverðlaun Nóbels. Neruda lést tólf dögum eftir að vinur hans, Salvador Allende forseti, var myrtur í uppreisn herforingjaklíkunnar illræmdu. 32 bls.

**Brú – Forlag**

Dreifing: JPV Útgáfa

ISBN 978-9935-9051-6-1

Leiðb.verð: 2.450 kr. Kilja



### Sjálfgelinn Fugl - I Leikverk

Eyvindur P. Eiríksson

Eyvindur hefur sent frá sér u.þ.b. 30 skáldverk af ýmsu tæi. Nú birtist frá honum fyrsta bók í röð kvera af kyni Fugla og þar í nokkur leikverk. Þau hafa öll áður komið fyrir augu eða eyru almennings, tvö í útvarpi, önnur á sviði eða sem einleikir á Act Alone.

„Svo fer einn dag að flest  
mun fullnað, jafnvel allt.“

Áleitin og kröftug ljóðabók eftir  
skáldið frá Hamri – bók sem á  
brýnt erindi við nútímafólk

MÁL OG MENNING  
www.fortagid.is



ÞORSTEINN FRÁ HAMRI





Þau eru ýmisleg, gamansöm, gráglettin og grafalvarleg eftir atvikum, svo sem vera ber. Gæti ekki verið áhugavert að safna slíkum Fuglum?

188 bls.

**EPE**

ISBN 978-9979-70-992-3

Leiðb.verð: 3.000 kr.



### Smáljóð

Piet Hein

Þýð.: Auðunn Bragi Sveinsson  
*Smáljóð* eða *Gruk* eftir Piet Hein eru fyrir löngu orðin sigildur hluti danskra bókmennta og raunar fræg um allan heim. Auðunn Bragi Sveinsson hefur verið manna duglegastur við að kynna þessi skemmtilegu lífsviskuljóð fyrir Íslendingum og hér birtast þau í 2. útgáfu með víðfrægum teikningum höfundarins.

164 bls.

**Auðunn Bragi Sveinsson**

ISBN 978-9979-72-043-0



### Skraelingjasýningin

Kristín Svava Tómasdóttir


„Skemmtilegasta ljóðabók sem út hefur komið lengi, en um leið hárbeytt og ögrandi samfélagsmynd sem sest að í minninu og vekur óróa.“ Friðrika Benónýsdóttir, Fréttablaðinu.

46 bls.

**Bjartur**

ISBN 9789935 423-30-6

Leiðb.verð: 2.280 kr.



**Svo ég komi aftur að ágústmyrkrinu**


### Eyþór Árnason

Eyþór Árnason vakti verðskuldaða athygli árið 2009 þegar hann sendi frá sér sína fyrstu ljóðabók, *Hundgá* úr annarri sveit, og hlaut fyrir hana Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar. Með þessari bók sýnir Eyþór með óyggjandi hætti að hann er proskað skáld sem á erindi við lesendur.

96 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-25-4 Kilja



### Sysstrarím


Jóhanna Á. Steingrimsdóttir og

Kristbjörg F. Steingrimsdóttir

Systurnar Jóhanna og Kristbjörg kváðust gjarnan á, sendu vísur um dægurmál og náttúrustemmingar sín á milli. Hér yrkja þær um náttúruna og bregða upp ævintýralegum myndum frá mismunandi árstíðum.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-78-4 Kilja



### Söknuður

Matthías Johannessen

Hrifandi ljóðabók eftir eitt helsta skáld samtímans.

83 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9935-440-03-7

Leiðb.verð: 2.290 kr.



### Tannbursti skíðafélagsins og fleiri ljóð

Anton Helgi Jónsson

Myndir: Jóhann Páll

Valdimarsson

Bók Antons Helga, *Ljóð af ættarmóti*, vakti verðskuldaða

# bóksala stúdenta

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is

www.boksala.is


athygli í fyrra fyrir fersk efnis-tök. Nú er hann að mörgu leyti á persónulegri nótum en áður þótt aldrei sé grímubúningurinn langt undan. Ljóðin í bókinni eru fjölbreytileg, jafnvel ósamstæð, þau geta verið skemmtileg eða dapurleg – og allt þar á milli, eins og dagarnir í lífi okkar.

82 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3246-6 ób



Queens hluta borgarinnar. Framan af var hann í ljóðagerð sinni undir áhrifum frá Beat kynslóðinni og Wallace Stevens og orti þá myrkt og stundum stirt. Síðar höfðu bresk ljóðskáld meiri áhrif á Collins, menn eins og Thom Gunn og Ted Hughes. Eftir þessi lærdómsár tók að léttast brúin á Collins í ljóðagerðinni og hann er nú eitt vinsælasta ljóðskáld Bandaríkjanna.

92 bls.

**Brú – Forlag**

Dreifing: JPV Útgáfa

ISBN 978-9979-9712-9-0

Leiðb.verð: 2.450 kr. Kilja



## Tunglið braust inn í húsið

Þýð.: Gyrðir Elíasson

Tunglið braust inn í húsið er viðamikili safn ljóða eftir 36 skáld víðsvegar að úr heiminum. Það elsta, kínverska skáldið Tao Tsien, var uppi á fjórðu öld en það yngsta, bandaríska skáldkonan Jane Hirshfield, er fædd 1953. Gyrðir Elíasson, kynnir hér úrval skálda og ljóða sem fléttast listilega saman við hans eigin skáldskap.

324 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-00-1



## Það kviknar í vestrinu

Unnur Guttormsdóttir

Minningar frá björtum sumrum í sveitinni í Grundarfirði

þegar krían kom með vorið og sendi telpuna í Reykjavík vestur á land þar sem fráenka tók á móti henni, mjúk eins og nýstrokkað smjör. Og eintómir strákar á heimilinu! Af blárósótttri undirskálinni sýgur langamma kaffi gegnum sykurmola. Ljós lifandi ljóðminningar frá horfinni tíð.

65 bls.

**Ormstunga**

ISBN 978-9979-63-108-8

Leiðb.verð: 2.140 kr. Kilja



## Það sem ég hefði átt að segja næst

Þráhyggjusögur

Ingunn Snædal

Fjórða ljóðabók metsölu-skáldsins af Jökuldal. Umfjöllunarefni: Ástin. Eða ástleysi? Falleg og skemmtileg bók.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-423-39-9

Leiðb.verð: 2.280 kr. Kilja

## Þýskaland

– Vetrarævintýri

Heinrich Heine

Þýð.: Einar Thoroddson

Fá skáld hafa farið eldi með orði sínu um allar álfur eins og Heinrich Heine, eitt áhrifamesta ljóðskáld nítjándu aldar. Kveðskapur hans hefur þennan lýriska streng sem er aðall góðrar rómantíkur og Heine var ófeiminn við að láta



í ljósi andúð sína á öfgum, í hvaða mynd sem þær birtust. Í þessari tvímála útgáfu er að finna nýja þýðingu Einars Thoroddsens lækis sem annálaður er fyrir kímigáfu sína.

75 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-171-5 ób



## Öldublik

Bjarni Theodór Rögnvaldsson Séra Bjarni Th. Rögnvaldsson, höfundur þessarar bókar, byrjaði ljóðagerð á unga aldri. Hér koma fram nokkur sérvalin ljóð af ýmsu tagi. Höfundur gefur bókina út.

**Bjarni Theodór Rögnvaldsson**  
ISBN 978-9979-72-036-2 Kilja

## Víxlsöngur

og önnur ljóð

Billy Collins

Þýð.: Hallberg Hallmundsson

Billy Collins fæddist 1941

í New York og ólst upp í

# Endurútgáfur

## « ÍSLENSKAR »




### Auðnin

Yrsa Sigurðardóttir

Ný kiljuútgáfa af einni vinsælustu glæpasögu Yrsa Sigurðardóttur sem valin var bók vikunnar í Spiegel á sínum tíma. 403 bls.

### Veröld

ISBN 978-9979-789-85-7  
Leiðb.verð: 2.690 kr. Kilja



### Áttablaðarósinn

Glæpasaga


Óttar M. Norðfjörð

Áttablaðarósinn er pólitískur tryllir um samband Íslands við alþjóðleg stórfyrirtæki og söguleg spennusaga um hið stutta bil á milli fortíðar og framtíðar, lífs og dauða.

„Innihaldsrík, spennandi og skemmtileg. Einfaldlega frábær glæpasaga.“ – Gurrí á Vikunni. 450 bls.

### Sögur útgáfa

ISBN 978-9935-416-41-4 Kilja




### Dauðans óvissi tími

Þráinn Bertelsson

Dauðans óvissi tími fjallar um þjóðfélagsbreytingar og mannlega hegðun. Hörkuspennandi krimmi sem sló svo sannarlega í gegn þegar hún kom út og fékk frábæra dóma.

### Sögur útgáfa

ISBN 978-9935-416-46-9 Kilja



### Edda Snorra Sturlusonar

Gunnar Skarphéðinsson

Þetta er ný og endurskoðuð skólaútgáfa Snorra-Eddu. Hér er Prologus verksins hafður með auk Gylfaginningar og lengstu frásagnarkafli Skáldskaparmála. Þá fylgja örfáir kaflar úr Ynglingasögu með í viðauka. Textinn er í öllum aðalatriðum færður til nútímastafsetningar og fylgja skýringar bundnu sem óbundnu máli. Í bókinni eru vísnaskýringar og skrár auk nýs eftirmála um Snorra Sturluson og verk hans. 206 bls.

### IÐNÚ bókaútgáfa

ISBN 978-9979-67-295-1 Kilja



Jóla kortin  
færðu í Office **1**

Ég ætla að spara í ár!



JÓJÓ EFTIR STEINUNNI SIGURÐARDÓTTUR

# UNDUR VINÁTTUNNAR



Ný og áhrifamikil skáldsaga eftir einn ástsælasta höfund þjóðarinnar um ást og uppgjör, glæp og refsingu – og órannsakanlega vegi vináttunnar.

„Einstakur höfundur.“

– LE MONDE

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR



BJARTUR

„Bókmenntaleg stjarna yfir himni eldfjallaeyjunnar.“

– NEUE ZÜRCHER ZEITUNG

“... mergjaður skáldskapur.”

PRÖSTUR HELGASON, VÍÐSIÁ,  
UM GÓÐA ELSKHUGANN

HELDARNA





**Englar dauðans**

Þráinn Bertelsson  
Kröftug, spennandi og umhugsunarverð. Í þessari æsispennandi sögu vefur Þráinn listilegan vef um heim fíknar og ofbeldis.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-47-6 Kilja

og Ísafirði. Ein vinsælasta skáldsaga síðari ára komin í kilju!  
392 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9979-789-81-9

Leiðb.verð: 2.690 kr. Kilja



**Fjallkirkjan**

Gunnar Gunnarsson


Myndir: Gunnar Gunnarsson  
yngri

Skáldævisaga Gunnars Gunnarssonar sem fyrst kom út á dönsku í fimm bókum 1923–28. Þetta mikla skáldverk er nú gefið út handa lesendum á 21. öld í rómaðri þýðingu Halldórs Laxness og með formála eftir Gunnar Stefánsson. – Íslensk klassík Forlagsins.

870 bls.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-559-1 Kilja



**Fleiri Þrjónaperlur**

Þrjónað frá grasrótinni

Erla Sigurlaug Sigurðardóttir og Halldóra Skarphéðinsdóttir  
Sextíu skýrar og skemmtilegar þrjóna- og hekluppskriftir frá íslensku þrjónafólki. Einnig fjöldi frásagna, þrjónaráða og fróðleiks um þrjónalíf og listina.

78 bls.

**Þrjónaperlur**

ISBN 978-9979-70-836-0

Leiðb.verð: 3.600 kr.



**Fljótt fljótt sagði fuglinn**

Thor Vilhjálmsson

Fyrsta skáldsaga Thors braut

blað þegar hún kom út 1968 fyrir myndisækinn stíl sinn og ólgandi undiröldu. Þar fléttar hann saman á nýstárlegan hátt fornum goðsögnum og svipmyndum úr lífi nútímamannsins til að bregða ljósi á hlutskipti mannanna. Kristján Jóhann Jónsson ritaði formála. „Stórbrotið barokkmálverk.“ *Aarhus Stiftstidende* – Íslensk klassísk Forlagsins.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-547-8 Kilja



**Furðustrandir**

Arnaldur Indriðason


Erlendur er á æskuslóðum og liðin tíð sækir á, atvik úr hans eigin lífi sem og önnur óuppgerð mál. Gömul saga af breskum hermönnum sem lentu í hrakningum og ungrí konu sem hvarf á sama tíma vekur forvitni Erlendar sem þyrstir í svör við gátum fortíðar. Mögnuð saga um myrk leyndarmál sem hlotið hefur einstaka dóma og frábærar viðtökur.

300 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2137-1 Kilja



**Ég man þig**

Yrsa Sigurðardóttir

Metsölubók Yrsu Sigurðardóttur sem gerist á Hesteyri



Bókabúðin **HAMRABORG**



Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877

Mögnuð ævisaga  
sem kemur á óvart!



Eins og  
æsilegasta  
spennusaga!

DYNAMO KEJGAVIK

# ÆVINTÝRI LÍKUST!



Þorfinnur Ómarsson

Arkitektinn sem söðlaði um við fall Berlínarmúrsins og haslaði sér völl í viðskiptum í **St. Pétursborg**. Við sögu koma heimskunnar persónur eins og **Vladímír Pútín** og borgarstjórinn í St. Pétursborg en líka **dularfullir karakterar** í austur-þýska kommúnistaflokknum sem gátu opnað ýmsar óþekktar dyr – að ógleymdum kunnum **íslenskum útrásarvíkingum**. Skin og skúrir, **sigrar og ósigrar**, jafnt í einkalífi og starfi – ævintýrarík saga sem varð að segja.





### Fyrirgefning

Lilja Sigurðardóttir

Ungur maður er fenginn til þess að skrifa viðtalsbók við fólk sem lífað hefur af ofbeldi eða hörmungar af annarra völdum. Hann sókkvir sér niður í viðfangsefnið og fyrr en varir er hann flæktur í rannsókn á dularfullum dauðsföllum sem honum finnst smám saman sem tengist á óvæntan hátt. 200 bls.

#### Bjartur

ISBN 978-9935-423-25-2

Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja



### Gerpla

Halldór Laxness

*Gerpla* er eitt af stórvirkjum Halldórs Laxness og gerist á 11. öld þegar tveir vestfirskir garpar sverjast í fóstbræðralag að fornum sið. Þetta er hetjuharmarsaga í söguldarstíl – og þó allt annað; margræð, beitt og myndin háðsádeila á stríðsrekstur og hetjudýrkun að fornu og nýju, snilldarlega stílað og magnað verk sem upphaflega kom út 1952, þremur árum áður en Halldór hlaut Nóbelsverðlaunin. 408 bls.

FORLAGIÐ

#### Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2136-4



### Hnífur Abrahams

Óttar M. Norðfjörð

Nú er þessi metsölubók fáanleg í kilju. Æsispennandi skáldsaga sem sækir í sagnfræðilegan efnivið. Höfundurinn hefur lagst í áralanga rannsóknarvinnu og grafið upp byltingarkenndan fróðleik um Abraham ættföður. Fræðandi spennusaga sem leiðir lesandann meðal annars á slóðir Nostradamusar, Dauðahafshandritanna og aldalangra átaka íslam og kristni.

„Hnífur Abrahams er snaggaralegur þriller, löðrandi í blóði, leyndardómum, samsærum og mannkynsögum. Óniðurlátanleg.“

- Stefán Máni, rithöfundur.

320 bls.

#### Sögur útgáfa

ISBN 978-9935-416-39-1 Kilja



### Horfðu á mig

Yrsa Sigurðardóttir

„Án efa besta bók Yrsu til þessa“, sagði Úlfhildur Dagsdóttir um *Horfðu á mig*. Nú í nýrri kiljuútgáfu. 478 bls.

#### Veröld

ISBN 978-9979-789-91-8

Leiðb.verð: 2.690 kr. Kilja

## Dúkkulísu- og límmiðabækur

www.bokafelagid.is




BOKAFÉLAGIÐ



# ÆVISAGA GUNNARS GUNNARSSONAR

Viðburðarík og spennandi saga bóndasonarins úr Fljótsdal  
sem varð einn vinsælasti höfundur Evrópu

Jón Yngvi Jóhannsson byggir á rækilegri könnun heimilda  
og skoðar verk Gunnars í ljósi flókinna tengsla einkalífs og skáldskapar



MÁL OG MENNING  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



**Landslag er aldrei asnalegt**

**Bergsveinn Birgisson**  
Fyrsta skáldsaga Bergsveins frá 2003, nú endurútgefin í kilju. Hér er lýst lífi nokkurra trillukalla í deyjandi sjávarbyggð og tilraunum þeirra til að finna þorskinn, ástina og guð. Glæsileg frumraun sem var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. 239 bls.

**Bjartur**  
ISBN 978-9935-423-22-1  
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja



Yfirrétturinn á Íslandi – Dómar og skjöl (I 1690–1710)  
á vegum Sögufélags og Þjóðskjalasafns Íslands, með stuðningi Alþingis.

Í þessu fyrsta bindi er fræðileg ritgerð um sögu yfirréttarins, skjöl sem varða starfsemi réttarins, dómar og málsskjöl í yfirréttarmálum og málum sem tengdust yfirréttinum.

Ejldi mynda af skjölum, innsiglium og undirskriftum birtist í ritinu,  
auk nokkurra Þingvallateikninga frá fyrri öldum





og búsetjumjum í landnámi Bresason, frá Katanesi og út á Skaga, allt norður fyrir að Stóru-Fellsöxl, lýst á einstakan hátt.

**Uppheimar**  
ISBN 9789935432049



**Saga Akraness**

*11 bindi – átjándi öldin*

**Gunnlaugur Haraldsson**

Átjándu öldinni er gerð skil í öðru bindi Sögu Akraness. Uppbygging sjávarútvegsins og sjósókn Akurnesinga myndar þar ákveðna þungamiðju enda lykilinn að þróun byggðar og mannlífs. Bindid í heild geymir yfirgrípsmikla og þaulunna lýsingu á samfélagi bænda og sjómanna á áttatímum þegar sjóþorpíð Akranes byggðist upp.

**Uppheimar**  
ISBN 9789935432056



**Undir strauhvörfum**

*Saga Fiskifélags Íslands í hundrað ár*

**Hjörtur Gíslason og**

**Jón Hjaltason**

Fiskifélagið var um áratugi hreyfiaflið í íslenskum sjávarútvegi. Íslenska iðnbyltingin, Slysavarnafélag Íslands, hagnýting karfans, hin ægilega saltfiskgula, mótóristaná, landhelgisgæsla, fiskveiðikerfi, skólaskip og ábyrgar fiskveiðar, allt þetta á þráð í sögu Fiskifélagsins. Grundvallarrit um kvótakerfið, uppruna og þróun. LIÚ og Kristján Ragnarsson voru fyrst á móti kvótanum en svo með. Vestfirðingar voru alltaf á móti. Af hverju?

Grundvallarrit um íslenskan sjávarútveg á 20. öld.

Fjöldi ljósmynda varpar skæru ljósi á söguna. 420 bls.

**Völuspá, útgáfa ehf.**  
ISBN 978-9979-9796-7-8  
Leiðb.verð: 12.900 kr.



Safn til sögu Eyjafjarðar og Eyfirðinga

**Upp á líf og dauða**

**Sigurður Ægisson,**

**Július Kristjánsson og**


**Jón Hjaltason**

Júlí fórst í febrúar 1959 við Nýfundnaland. Harðbakur lenti í sama óveðri. Hér segja skipverjar í fyrsta sinn frá reynslu sinni. Saga af ótrúlegum mannaumum.

Hinsta sjóferð Elliða. Áttatímur frásögn. Varðskip klífur himinháar öldur á 17 hnúta hraða, skipstjórnin á Júpiter gengur fram af körlunum og á Elliða berst áhöfnin fyrir lífi sínu. Tveir tapa því stríði. Björgun hinna er lyginni líkust.

Aprílveðrið 1963 kostaði 16 sjómenn lífið. Gylfi Björnsson segir frá. Vinir hurfu í veðurofsann og sáust aldrei frammar. Óvenju hreinskilid viðtal við sjómann sem sneri aldrei aftur á sjóinn. 92 bls.

**Völuspá, útgáfa ehf.**  
ISBN 978-9979-9796-6-1  
Leiðb.verð: 3.490 kr. Kilja



**Varðinn í vestri**

**Jónas Þór**

Á hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar 1911 höfðu Vestur-Íslendingar hug á að heiðra minningu hans. Jónas Þór sagnfræðingur rannsakaði tildrögin að þessum hugmyndum og rekur hvernig þær enduðu með minnisvarða í Winnipeg. Fróðleg frásögn – og kostuleg á köflum – og lýsir vel takmarkalausri aðdáun manna á Jóni Sigurðssyni og hvernig hann var nánast tekinn í guðatölu. 145 bls.

**Ormstunga**  
ISBN 978-9979-63-103-3  
Leiðb.verð: 2.990 kr. Kilja

**bóksala stúdenta**  
Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólenni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is  
www.boksala.is



### Veislan í norðri

Jón Hjartarson

Jakob Jakobsson varaði við hruni norsk-íslenska síldarstofnsins 1966. Enginn hlustaði. Svo lauk veislunni skyndilega. Kannast menn við þrógrammið? 122 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9935-430-11-3

Leiðb.verð: 5.400 kr.



### VESTFIRSKAR KONUR í blíðu og stríðu

Finnbogi Hermannsson tók saman  
2. bók

### Vestfirskar konur í blíðu og stríðu

2. bók


Finnbogi Hermannsson

Hvar eru konurnar í bókunum að vestan? Eru þær kannski enn á bak við eldavélinna? 124 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9935-430-12-0

Leiðb.verð: 2.400 kr.



### Vestfirskar sagnir

2. hefti

Helgi Guðmundsson

Sagnaarfur Vestfirðinga í gegnum aldirnar sem var lesinn upp til agna á sínum tíma. 112 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9935-430-02-1

Leiðb.verð: 1.980 kr.



### Vestfirskar sagnir

3. hefti

Helgi Guðmundsson

Sagnaarfur Vestfirðinga í gegnum aldirnar. Loksins fánlegur aftur. 112 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9935-430-03-8

Leiðb.verð: 1.980 kr.



### Vindur í seglum

Saga verkalyðshreyfingar á Vestfjörðum. 1. bindi 1890–1930

Sigurður Pétursson

Hér er sagt frá fyrstu verkalyðsfélögum á Vestfjörðum og baráttu atvinnurekenda og verkafólks. Lýst er miklum breytingatímum og nýjum viðhorfum sem ruddu sér braut í vestfirskt samfélag. 506 bls.

**Alþýðusamband Vestfjarða**

Dreifing: Skrudda

ISBN 978-9979-655-75-6

Leiðb.verð: 6.900 kr.

### WE CALL HIM PRESIDENT



### We Call Him President

Hallgrímur Sveinsson

Merkilegt má það heita hvað Íslendingar hafa verið ónýtir að kynna lífs sögu Jóns Sigurðssonar fyrir erlendum þjóðum. Er hann þó á ýmsan hátt einstæður í hópi frelsisforingja.

93 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9935-430-01-4

Leiðb.verð: 1.980 kr. Kilja



### Pingvellir

Þjóðgarður og heimsminjar

Sigrún Helgadóttir

Pingvellir við Öxará hafa verið samofnir sögu þjóðarinnar nánast frá upphafi og þar hittist hún gjarnan á stórum stundum. Staðurinn er enda á heimsminjaskrá Unesco. Pingvellir eru náttúrparadís sem á sér fáa líka.

Þessi bók er ætluð þeim sem vilja kanna staðinn til hlítar, kynna sér söguna og náttúrufarið, og eyða þar unaðsstundum í gönguferðum og landkönnun. Sérstakt gönguleiðakort fylgir bókinni. Hún er búin fjölmörgum ljósmyndum og öll litprentuð.

Þetta er önnur bók Sigrúnar Helgadóttur um Friðlýst svæði á Íslandi. Hún hlaut Fræðiritaverðlaun Hagpenkis fyrir bók sína um Jökulsár-gljúfur.

320 bls.

**Bókaútgáfan Opna**

ISBN 978-9935-10-026-9

# Ævisögur og endurminningar



## Af heilum hug

Rætt við eldhugana Jónu  
Hrönn Bolladóttur og Bjarna  
Karlsson

Björg Arnadóttir

Hjónin og prestarnir Bjarni Karlsson og Jóna Hrönn Bolladóttir eru lífsglaðir og ærslafullir húmoristar, eldheitt trúfólk og sannir jafnaðarmenn. Bæði hafa frá æskuárum tekið þátt í kristilegu starfi og miðlað hugsjónum sínum, trú og orku til annarra. Hér segja þau af hjartans einlægni frá sjálfum sér, viðhorfum sínum, lífi og trú. Þau hafa í störfum sínum glímt við mótlæti og sorg, ranglæti og neyð – en leiðarljósið er ávallt kærleikur og lífsins gleði.

276 bls.  
FORLAGIÐ  
JPV útgáfa  
ISBN 978-9935-11-224-8



## Angantýr


Elín Thorarensen

„Þú mátt engum lána hana því það er engum að treysta.“ Hér segir Elín Thorarensen af ástarsambandi sínu við Jóhann Jónsson skáld snemma á 20. öld. Ýmsir höfðu vanþóknun á sambandi þeirra og reyndu að hindra að sagan yrði lesin. Í söguna fléttast lýsingar á þjóðlífinu í Reykjavík

og frásagnir af mörgum af helstu listamönnum þess tíma. Einnig ber að líta ævináttir Jóhanns sem hvergi hafa áður birst.

124 bls.

Lesstofan ehf.  
ISBN 9789979709909  
Leiðb.verð: 3.990 kr.



## Á rauðum sokkum

Baráttukonur segja frá  
Ritstj.: Olga Guðrún  
Arnadóttir

Hér rekja 12 konur sögu Rauðsokkahreyfingarinnar og segja frá uppruna sínum og aðdraganda þess að þær tóku þátt í baráttu hreyfingarinnar. Þær eru: Björg

Einarsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Helga Ólafsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Lilja Ólafsdóttir, Rannveig Jónsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og Vilborg Sigurðardóttir. Dagný Kristjánsdóttir ritar eftirmála.

425 bls.

Háskólaútgáfan  
ISBN 978-9979-54-926-0  
Leiðb.verð: 5.900 kr. Kíljá



## Bjarni Þorsteinsson

Eldhugi við ysta haf  
Viðar Hreinsson



# Jólafröndrið færðu í Office 1

## Ég ætla að spara í ár!



Stórmerkileg og vönduð ævisaga um mann sem braust úr sárri fátækt til mennta. Hann réðst til prestsstarfa í litlu þorpi sem breyttist á skömmum tíma í síldarbæinn Siglufjörð og bjargaði þjóðlagaarfi Íslendinga frá því að falla í gleymsku og dá. Hann var mikill athafnamaður og rómantíker – margbrottinn maður sem kenndi til í stormum sinnar tíðar.

496 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9935-440-05-1  
Leiðb.verð: 6.990 kr.



**Brautryðjandinn –  
ævisaga Þórhalls  
Bjarnarsonar  
(1885–1916)**

Óskar Guðmundsson

Hinn frjálslýndi ritstjóri og útgefandi, kennari og skóla- maður, alþingismaður og búnaðarfrömuður, Þórhallur Bjarnarson, var biskup landsins 1908–1916. Af einstakri ljúfmennsku aflaði hann sér vísanelda á unga aldri og þótti snemma líklegur til forystu í íslensku þjóðfélagi. Ungur naut hann atlætis Jóns Sigurðssonar í Kaupmanna- höfn – og sjálfur var hann gæfusmiður margra manna. Ævisaga hans spannar tímabilið frá gamla bændasamfélaginu í ánaud til frjálshuga borgaralegs þjóðfélags á mótunarskeiði. Þórhallur var


um margt mikilhæfur maður og ævisaga hans greinir frá sigrum hans og sorgum og varpar um leið ljósi á spennandi tímabil í sögu Ísland- inga.

Höfundurinn hefur náð að fanga sögu merkilegs fólks, spegla ótrúlega tíma á sköpunarskeiði samfélags á Íslandi, og spinna þráð í þróttmikla sögu af Þórhalli Bjarnarsyni.

552 bls.

**Skálholtsútgáfan**

ISBN 978-9979-792-91-8  
Leiðb.verð: 6.890 kr.

**Bruninn í Skildi**

Dagný Gísladóttir

*Bruninn í Skildi* er einn sá mannskæðasti í Íslandssögu- unni að vitað sé en þann 30. desember létu 10 manns lífið, þar af 7 börn, þegar eldur varð laus á jólatrésskemmtun Ungmennafélags Keflavíkur.

Á orskotsstundu breyttist gleðistund í andhverfu sína og missirinn í litlu þorpi var mikill. Margir hlutu alvarleg brunasár og þeirra beið löng sjúkdómslega.

Í ritinu eru teknar saman upplýsingar um atburðinn og birt viðtöl við þá sem sóttu skemmtunina örlagaríku og aðstandendur þeirra sem létust.

143 bls.

**Dagný Gísladóttir**

ISBN 978-9979-70-873-5  
Leiðb.verð: 3.490 kr.

# Stórfenglegar minningamyndir




„Þú álfa vorrar yngsta land“ kvað ættjarðar- skáld. Vissulega er Ísland ungt á jarðsögulegan mælikvarða. Blágrýtið í Austurfjöllunum gegnt mér er þó fornt innan Íslands, víst 10-12 milljóna ára gamalt, margfalt eldra en mannkynið. Og svo er jarðarhnötturinn aðeins ungur depill í óendanlega fornum geimnum, Ísland depill á jarðarkúlunni, Sauðárkrókur depill innan Íslands og ég sjálfur depill innan þess depils. Af þeirri ástæðu skyldi maður hafa sig hægan.

Hannes Pétursson hefur stundum verið kallaður síðasta þjóðskáldið. Hér skyggnist skáldið yfir svið bernsku sinnar norður í Skagafirði, rifjar upp mannlífið á Króknum, sumrin frammi í sveit, vegagerð á stríðsárunum og dregur upp minnisstæðar myndir af samferðarmönnum í listilega smíðaðri frásögn.



Þar sem þekkingin á sér samastað




**Dewey**

Litli bókasafnskötturinn sem snéri öllu á hvolf  
 Vicki Myron og Bret Witter  
 Þýð.: Aldís Björnsdóttir  
 Á ísköldum janúarmorgni fann bókaforður hrakinn kettling í skilalúgu almenningsbókasafns í Spencer Iowa. Frá sömu stundu hófst vinátta sem stóð í 19 ár.

Bókaforðurinn skráði söguna sem hlotið hefur mikla athygli, enda mannbætandi frásögn um dýrmæta vinátta. 284 bls.

**Salka**  
 ISBN 978-9935-418-41-8 Kilja



**Ekki líta undan**

Saga Guðrúnar Ebbu, dóttur Ólafs Skúlasonar biskups  
 Elin Hirst skráði  
 Saga Guðrúnar Ebbu er saga sem snertir okkur öll. Í bókinni gerir Guðrún Ebbu upp erfiða fortíð sína og samskipti við föður sinn, Ólaf Skúlason biskup, sem misnotaði hana í fjölda ára. Guðrún Ebba segir frá af miklu hispursleysi og skoðar líf sitt í stóru hennar tilvist. Mikilvæg bók um nauðsyn þess að horfast í augu við hið liðna, hversu sárt og erfitt sem það kann að vera. 254 bls.  
 FORLAGIÐ  
**JPV útgáfa**  
 ISBN 978-9935-11-213-2



**Eldur Niðri**  
 Lífshlaup Haraldar Sigurðssonar  
 Haraldur Sigurðsson

**Eldur Niðri** lýsir ferli eins þekktasta vísindamanns Íslands, eldfjallafræðingsins Haraldar Sigurðssonar. Bókin er einstök heimild um uppleldi og þróun jarðvísindamanns, sem hefur unnið brautryðjendastörf á rannsóknnum á eldfjöllum víðs vegar um heim. Hér fjallar Haraldur um spennandi og lífshættuleg rannsóknaverkefni, ástir, sigra, áföll og annað sem hefur gerst á fimmtíu ára ferli. Brennandi áhugi hans á leyndardómum jarðar kviknar á æskustöðvum á Snæfellsnesi og leiðir af sér ævilangt ferðalag um flest stórvirkustu eldfjöll heims, þar til hann lokar hringnum

með stofnun Eldfjallasafns í Stykkishólmi.  
 336 bls.  
**Vulkan ehf**  
 ISBN 978-9979-70-902-2  
 Leiðb.verð: 3.500 kr. Kilja



**Elfríð**  
 Frá hörmungum Þýskalands til hamingjustrandar  
 Helga Erla Erlendsdóttir

Elfríð Pálsdóttir fæddist í Þýskalandi og upplifði hörmungar stríðsáranna þar sem dauðinn beið við hvert fót-mál. Hún gekk þar í gegnum hræðilega lífsreynslu en þrátt fyrir margs kyns mótlæti í lífinu stendur Elfríð óbuguð og segir nú einstæða sögu sína. Hún kom til Íslands vorið

Tvær góðar frá Almenna bókafélaginu  
 www.bokafelagid.is

# *Brautryðjandi og baráttukona*


Vilborg Dagbjartsdóttir er listfengt ljóðskáld, kennari, barnabókahöfundur, þýðandi, Rauðsokka, herstöðvaandstæðingur og annálaður húmoristi

BÓK SEM ER Í SENN HEILLANDI  
ÆVILÝSING OG ALDARSPGILL

Þorleifur Hauksson skráði



VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR



MÁL OG MENNING  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



1949 og fór sem vinnukona á Siglunes við Siglufjörð. Þar kynntist hún sveitapilti, Er-lendi Magnússyni, og felldu þau hugi saman. Þau bjuggu fyrst á Siglunesi en síðan í rúman aldarfjórðung á Dalatanga þar sem þau gegndu störfum vitavarda. Saga El-fríðar hvort tveggja í senn; óhugnanleg og hugljúf og lætur engan ósnortinn. 230 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**


ISBN 978-9935-435-02-6

Leiðb.verð: 5.980 kr.

132 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-013-2




**Fallið**

Þráinn Bertelsson

Þráinn er rithöfundur, þingmaður – og alkóhólisti. Hann datt í það á fallegu júníkvöldi í Færeyjum 2011 eftir að hafa verið edrú lengi. Hvers vegna og hvað gerist næst? Þráinn er hárbeittur húmoristi og lýsingar á honum sjálfum og samferðamönnum hans á Vogu eru óborganlegar. 190 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-66-7



**Ferill til frama**

Ævisaga Björgvins Guðmundssonar tónskálds

Haukur Ágústsson

Hér er rakin saga manns sem braust úr fátækt til frama upp úr aldamótunum 1900 og lét rætast draum sinn um að verða tónlistarmaður. Björgvin stjórnaði kórum í Kanada og á Íslandi og samdi ódauðleg kórverk og sönglög sem lifa með þjóðinni enn í dag. Fjöl margar ljósmyndir prýða bókina.

**Ásprent**

Dreifing: Salka

ISBN 9789979709107



**Ingibjörg**

Margrét Gunnarsdóttir

Ævisaga Ingibjargar Einarsdóttur, eiginkonu Jóns Sigurðssonar forseta. Hver var hún, konan sem beið tólf ár í festum? Hvernig heimili hélt hún í Kaupmannahöfn? Bók sem varpar nýju ljósi á hversdagslíf Ingibjargar og Jóns – og bregður upp skýrri mynd af merkilegri konu sem löngum hefur staðið í skugga eiginmanns síns. 350 bls.

**Bókafélagið Ugla**

í samvinnu við Sögufélag

ISBN 978-9979-651-95-6



**Er lítið mein yfirtók líf mitt**

Lilja Sólrún Halldórsdóttir

Lilja Sólrún greinist með brjóstakrabbamein og fékk slæmar aukaverkanir af lyfjameðferðinni sem þó bjargaði lífi hennar. Hér dregur hún upp svipmyndir minninga um sköllotta konu; sumar sláandi, aðrar ljóðrænar sagðar í trúnaði og enn aðrar spaug-samar en kaldhæðnar í senn.



**Í björtum Borgarfirði**

Trönustrákur segir frá

Helgi Kristjánsson

Klassískar æviminningar. Bók sem allir Borgfirðingar ættu að lesa og þeir sem áhuga

Mjög fróðleg bók

www.bokafelagid.is

BÓKAFÉLAGIÐ

HVERS VEGNA FITNUM VIÐ? GÖGNUM OG LITNUM GORTUM VIÐ VIÐ? Gary Taubes

NEW YORK TIMES METSÖLUBÓK

# SONUR HAMAS

GRÍPANDI FRÁSAGA AF SKELFINGU,  
SVIKUM, PÓLITÍSKU LAUNRÁÐI,  
OG ÓHUGSANLEGUM VALKOSTUM

**MOSAB HASSAN YOUSEF**  
OG RON BRACKIN

hafa á íslenskum mannlífsfrá-  
sögnum.  
224 bls.  
**Vestfirska forlagið**  
ISBN 978-9935-430-10-6  
Leiðb.verð: 5.400 kr.



**Jarðlag í tímanum**

*Mimíngamyndir úr barnæsku*

**Hannes Pétursson**

Hannes Pétursson hefur stundum verið kallaður síðasta þjóðskáldið. Hér horfir skáldið yfir svið barnsku sinnar norður í Skagfirði; rifjar upp mannlífið á Króknum, sumrin frammi í sveit, vegagerð á stríðsárunum í listilega smíðaðri frásögn. Dregnar eru upp sterkar og minnisstæðar myndir af samferðarfólki og umhverfi sem mótar uppvöxtinn – og skáldið sem er að vakna innra með höfundi.  
370 bls.

**Bókaútgáfan Opna**

ISBN 978-9935-10-047-4



**Konan með opna faðminn**


*Lífshlaup og æviminningar Immu á Hernum*

**Sigríður Hrönn Sigurðardóttir**  
Ingibjörg Jónsdóttir í Hjalpræðishernum kom víða við á langri ævi og snerti líf fjölda fólks, hér á landi og erlendis. Lífandi, persónuleg og falleg saga um fórnarlund og kærleika. „Það munar um svona fólk í hverju samfélagi... bókinn er býsna góð og á erindi við samtíma sinn.“ (SBS/Mbl.)  
221 bls.

**Salt ehf útgáfufélag**

ISBN 978-9979-9864-7-8

Leiðb.verð: 4.990 kr.



**Landnám**

*Ævisaga Gunnars Gunnarssonar*

**Jón Yngvi Jóhannsson**

Líf Gunnars Gunnarssonar var markað skörpum mótsögnum. Hann var friðarsinni en studdi þó forystumenn hugmyndafræði sem kallaði yfir heiminn blóðugt stríð. Hann var fjölskyldumaður sem þó átti í eldheitu ástarsambandi við aðra konu og eignaðist með henni barn. Hann var metsöluhöfundur í Evrópu en yfirgaf meginlandið til að gerast bóndi í íslenskri sveit. Ný ævisaga hans er byggð á umfangsmikilli könnun heimilda og fjallar ítarlega um verk hans í ljósi stöðu hans sem dansk-íslensks höfundar og flókinn tengsla einkalífs og skáldverka.  
485 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3247-3



**Líf**

**Keith Richards**

*Þýð.: Elín Guðmundsdóttir*

Sjálfævisaga Keiths Richards, gítarleikara og aðallagahöfundar frægustu rokkhljómsveitar heims, The Rolling Stones, hefur slegið hressilega í gegn og setið vikum saman í efsta sæti vinsældalista víða um lönd. Mögnuð bók, skrifuð af aðdánverðri hreinskilni. „Algjör sprengja ... Dáleiddandi.“ – Sunday Telegraph  
552 bls.

**Bókafélagið Ugly**

ISBN 978-9979-651-90-1 Kilja

**bóksala stúdenta**

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is

www.boksala.is



# Eldhugar í lífi og starfi




BJÖRG ÁRNADÓTTIR  
SKRÁÐI

**JPV**  
JPV ÚTGÁFA  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



Hjónin og prestarnir Bjarni Karlsson og Jóna Hrönn Bolladóttir eru lífsglaðir og ærslafullir húmoristar, eldheitt trúfólk sem fer ótroðnar slóðir. Hér segja þau í einlægni frá sjálfum sér, viðhorfum sínum, lífi og trú.



**Margit Sandemo**

*Lífsgleði*

Margit Sandemo

Þýð.: Snjólaug Bragadóttir

Langþráð ævisagan Lífsgleði fjallar um mjög svo viðburðaríkt líf og höfundurinn segir sjálfur frá á liflegan hátt.

Maður kemst mjög nálægt

konunni sem selt hefur einna flestar bækur norrænna höfundna og fær að vita hvað hvatti hana helst til að skrifa svo margar stórkostlegar sögur.

Við fylgjum henni þarna í vegferð þar sem á hverju strái er reynsla, í senn hörð, fyndin, átakanleg eða spennandi.

Bókin er ríkulega myndskreytt.

272 bls.

**Jentas**

ISBN 978-9979-795-75-9

Leiðb.verð: 3.990 kr.



**Með sumt á hreinu**

Jakob Frímagn Magnússon

*litur um öxl*

Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir

Hér kynnir rithöfundurinn Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir til sögunnar allt annan Jakob Frímagn en fólk telur sig þekkja. Ljúfar stundir hjá afa og ömmu á Akureyri kvikna í einlægri frásögn, uppvöxtur-

inn hjá „músíkólsku pari“ í Hlíðunum, árin í MH þar sem til varð skrýtin skólahljóm-sveit, sólskinsstundir í LA og London – konurnar í lífi hans, kvikmyndirnar, músíkin, sorgir og sigrar – og ráðgátur sem mótað hafa líf hans og sumar verið leystar en ekki allar.

387 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-228-6



# SÓL Í SINNI

Ljúfar sögur  
úr lífsins skóla

Herdís Egilsdóttir er einstök kona; kennari, rithöfundur, brautryðjandi og mannvinnur sem markað hefur spor í líf ótal ungmenna.



Guðrún Pétursdóttir og Ólafur Hannibalsson færðu í letur



STYRMIR  
GUNNARSSON  
ÓMUNATÍÐ

SAGA UM GEÐVEIKI

*Hún var nýorðin 25 ára.  
Ég þrítugur. Við áttum  
tvær dætur. Tveggja og  
hálfis árs og fimm  
mánaða gamlar.  
Þessa dagsstund  
breyttist líf okkar með  
óafturkallanlegum  
hætti.*





### Napoleon


Herman Lindqvist

Þýð.: Borgþór Kjærnested  
Hrífandi lýsing á lífshlaupi valdamesta manns Evrópu sinnar tíðar. Á þriðja hundruð litmynda. Sjá hib.is  
622 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-272-3

Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Ómunatið

Saga um geðveiki

Styrmir Gunnarsson

Ómunatið er saga Styrmis Gunnarssonar um sjúkdómsbaráttu eiginkonu hans og þau áhrif sem veikindin hafa haft á líf fjölskyldu þeirra í meira en fjóra áratugi. Í þeirri glímu hafa skipst á skin og skúrir, dimmir dagar og glaðar stundir en geðveikin hefur ævinlega verið nálæg. Styrmir fjallar einnig um ólíkar aðferðir í geðlækningum og afleiðingar veikindanna fyrir þá sem næst standa, ekki síst börn geðsjúks foreldris.

220 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9935-440-07-5

Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Sagan sem varð að segja

Þorfinnur Ómarsson og Ingimar H. Ingimarsson

Arkitektinn sem söðlaði um við fall Berlínarmúrsins og haslaði sér völl í viðskiptum í St. Pétursborg. Við sögu koma heimskunnar persónur eins og Vladímír

Pútín og borgarstjórnin í St. Pétursborg en líka dularfullir karakterar í austur-þýska kommúnistaflokknum sem gátu opnað ýmsar óþekktar dyr – að ógleymdum kunn-um íslenskum útrásarvikingum. Skin og skúrir, sigrar og ósigrar, jafnt í einkalífi og starfi – ævintýrarík saga sem varð að segja.

300 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9935-440-06-8

Leiðb.verð: 6.490 kr.



### Sem fríðelskandi heimsborgari

*Sjálfsævisaga*

Sun Myung Moon

Þýð.: Jenny Johansen

Þetta er saga bóndasonar frá N-Kóreu sem svaraði kalli Jesús 16 ára gamall. Uppalinn í nýlendupjóð við þrúandi aðstæður, upplífið ofsóknir og pyntingar, sjö fangelsisvistir þar af 2.8 ár í nauðungavinnu, en fyrirgaf ávallt þeim sem ofsóttu hann. Spennandi og ótrúleg saga sem lætur engan

mann ósnortinn. Bókin var metsölubók í Kóreu.

328 bls.

**Heimfríðarsamband**

**fjölskyldna**

ISBN 978-9979-72-014-0



### Sigurður dýralæknir

Gunnar Finnsson

Í fyrri bindi af ævisögu Sigurðar dýralæknis segir af mönnum og málleysingjum sem urðu á vegi Sigurðar framan af ævinni. Einnig af ættföður Keldnamanna Guðmundi ríka Brynjólfssyni sem átti 28 börn með 3 konum. Uppvexti á Sigurðarstöðum, Keldum, Selalæk og Hemlu. Námsárum á Skógum og í MA. Með slæðast svo sögur af skrytnu fólki og skemmtilegu; kyndugum körlum og konum, prestum og kvenleysingjum, kvenna – og kvæðamönnum vítt og breitt um landið.

280 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9935-435-05-7

Leiðb.verð: 5.980 kr.




Bókabúðin **HAMRABORG**



**Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877**

YMISLEGT AÐUR ÖBIRT EFINI  
OG LÍÐSMYNDIR SEM EKKI Hafa  
KOMIÐ FYRIR ALMENNINGSSJÓNIR!



Byggir meðal  
annars á  
einkabréfum  
og minnisblöðum  
séra Bjarna.

## STÓRBROTIN ÆVISAGA ELDHUGA

**Bjarni Þorsteinsson – Eldhugi við ysta haf** er stórmerkileg og vönduð ævisaga um mann sem braust úr sárri fátækt til mennta. Hann réðst til preststarfa í litlu þorpi sem breyttist á skömmum tíma í **sildarbæinn Siglufjörð** og bjargaði þjóðlagaarfi Íslendinga frá því að falla í gleyskunnar dá. Hann var mikill **athafnamaður og rómantíker** - margbrotinn maður sem kenndi til í stormum sinnar tíðar.

**Viðar Hreinnsson** skrifar þessa glæsilegu ævisögu séra Bjarna en Viðar var á sínum tíma **tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna** fyrir verk sitt um ævi Stephans G. Stephanssonar.

VERÖLD





**Skáldið og ástin**

*Halldór Laxness: Bréf til Ingu 1927–1939*

**Ritstj.: Halldór Guðmundsson og Einar Laxness**


Bréf Halldórs Laxness til Ingu bjargar Einarisdóttur veita ógleymanlega innsýn í sálarlíf skáldsins unga, óbilandi metnað hans, listræn viðhorf, pólitík og hjartans mál. Halldór og Ingibjörg giftu sig 1. maí 1930 og hjónabandið hélt í tíu ár. Skrifum þessum var ekki ætlað að birtast opinberlega en nú hafa sonur þeirra Ingu og Halldórs, Einar Laxness, og Halldór Guðmundsson, sem ritað hefur ævisögu skáldsins, búið þau til útgáfu svo úr verður gullfalleg bók sem varpar nýju ljósi á Nóbelskaldið.

311 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-206-4



**Skip mitt braut við Afrikuströnd**

*Örlagasaga Fjölu Steinsdóttur Mileris*

**Georg Davíð Mileris**

Fjöla fæddist í torfbæ en eyddi mestum hluta ævinnar í Afríku. 17 ára gömul fylgdi hún Litháanum Vladimir til Bretlands og nokkru síðar til Afríku ásamt þremur börnum þeirra. Nú er söguhetjan komin heim og rifjar upp ævintýrlegt líf sitt. Sonarsonur hennar skráir söguna.

224 bls.

**Salka**


ISBN 978-9935-17-014-9

**Sólarmegin**

*Líf og störf Herdísar Egilsdóttur*

**Guðrún Pétursdóttir og Ólafur Hannibalsson**

Herdís Egilsdóttir er einstök



kona; kennari, rithöfundur, brautryðjandi og mannvinnur sem markað hefur spor í líf ótal barna og ungmenna. Hér rifjar hún upp sitt hvað sem á dagana hefur drifið en ræðir þó mest um börnin sem hún hefur kennt og kynnst. Hún segir frá kennsluáðferðum sínum og heimspekinni bak við þær og rifjar upp skemmtilegar skólasögur sem ylja lesendum. Þetta er bók sem geislar af lífsgleði og jákvæðni. Þótt lífið hafi ekki alltaf verið Herdís auðvelt hefur hún ævinlega haldið sig sólarmegin.

204 bls.

FORLAGIÐ

**IÐUNN**

ISBN 978-9979-1-0513-8

**Bragi Kristjánsson**

Vart hefur nokkur samtíma- maður kynnst fleira áhuga- verðu fólki en Bragi Kristjánsson. Hér segir frá bóhemum og bófum, andans mönnum og athafnaskáldum, sóma- mönnum og fleira fólki. Þættir Braga varpa einstæðu ljósi á lífið á Íslandi frá því um miðja 20. öld og fram á okkar tíma. Hér er að finna úrval úr þáttum sem hann skrifaði ungur að árum í Vikuna um marga litríkustu Íslendinga þess tíma. Hér er líka úrval úr minningargreinum Braga, sem sannarlega eru glitrandri þerlur, fullar af næmum mannskílningi og þeim einstæða húmor sem gert hefur Braga að einhverjum vinsæl- asta Íslendingi samtímans. Bókinni fylgir DVD-diskur með völdum atriðum úr Kilj- unni, en þar hefur Bragi slegið rækilega í gegn síðustu árin.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-71-1



**Steina-Petra**

**Þorgrímur Þráinsson**

Petra Sveinsdóttir á Stöðvarfirði er fyrir löngu þekkt um víða veröld fyrir stærsta steinasafni í heimi í einkaeign. Hún byrjaði að safna steinum árið 1946 og opnaði húsið sitt og garðinn fyrir gestum og gangandi árið 1974 því allir vildu líta gersemarnar augum. Gestir safnsins skipta hundruðum þúsunda og margir lýsa staðnum sem himnaríki og Petru sem einum af hornsteinum þjóðarinnar. Í bókinni segir



**Sómamenn og fleira fólk**

*minningarbrot og mannlýsingar*

**Sneisafull af fróðleik**  
www.bokafelagid.is

Almenna bókafélagið




# HJARTANS MÁL SKÁLDSINS

Bréf Halldórs Laxness til Ingibjargar Einarsdóttur á árunum 1927–1939 veita ógleymanlega innsýn í sálarlíf skáldsins unga, óbilandi metnað hans, listræn viðhorf og pólitík




EINAR LAXNESS OG  
HALLDÓR GUÐMUNDSSON  
TÓKU SAMAN



Steina-Petra frá sambandi sínu við náttúruna og æviskeiði. Bókina prýða um 200 einstakar myndir af steinum. 132 bls.

**Steinasafn Petru Sveinsdóttur**  
Dreifing: Þorgrímur Þráinsson  
ISBN 978-9979-72-019-5  
Leiðb.verð: 3.990 kr.



**Trúmaður á tímamótum**

*Ævisaga Haralds Nielssonar*  
**Pétur Pétursson**  
Saga Haralds Nielssonar er saga baráttumanns og eldhuga, saga efasemda og ósgra, en umfram allt áhrifamikill vitnisburður um sannleiksleit manns sem varð að spyrja viðkvæmra og áleitinna spurninga um hinstu rök mannlegrar tilveru. Sjá hib.is 363 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**  
ISBN 978-9979-66-294-5  
Leiðb.verð: 5.990 kr.



**Úr þagnarhyl**

*Ævisaga Vilborgar Dagbjartsdóttur*  
**Þorleifur Hauksson**

Vilborg Dagbjartsdóttir er listfengt ljóðskáld, barnabókahöfundur, þýðandi, Rauðsokka, kommúnisti og herstöðvaandstæðingur og feikivinsæll barnakennari. Hún segir frá heimahögunum á Vestdalseyri, dvöl hjá vandalausum á Norðfirði, frá náms- og mótunarárum í Reykjavík, Edinborg og Kaupmannahöfn og lífsbaráttu sinni og lífsförunautarins, Þorgeirs Þorgeirsonar. Hrífandi bók sem er í senn ævilýsing og aldarspegill.

299 bls.  
FORLAGIÐ  
**Mál og menning**  
ISBN 978-9979-3-3243-5



**Þórður Þ. Grunnvíkingur**

*Rímnaskáld. Ævisaga Guðlaugur Gíslason frá Steinstúni*

Magnús Hj. Magússon, Skáldið á Þröm, var náfrændi og besti vinur Þórðar Grunnvíking. Þeirra örlög voru sláandi lík. 96 bls.

**Vestfirski forlagið**  
ISBN 978-9935-430-08-3  
Leiðb.verð: 2.400 kr. Kilja



**Öll þau klukknaköll. Síðara bindi**


*Frásagnir 24 prestkvenna*  
**Umsj.: Guðrún L. Asgeirsdóttir**  
Aldrei hefur áður verið fjallað svo ítarlega um störf prestfrúna vítt og breitt um landið og er þetta undirstöðuverk í þeim skilningi. 208 bls.

**Vestfirski forlagið**  
ISBN 978-9935-430-05-2  
Leiðb.verð: 4.980 kr.



Loksins komnar á íslensku

www.bokafelagid.is



# HISPURSLAUS FRÁSÖGN SEM ÞÚ VERÐUR AÐ LESA

„Fólk hefur spurt mig hvers vegna ég segi frá. Það spyr af hverju ég sé að svarta minningu látins manns. Oft megi satt kyrrt liggja.

Ég lít svo á að ég beri ábyrgð á því að uppgjör þessa máls fari fram og tel að það muni leiða til góðs.“



JPV

JPV ÚTGÁFA  
www.fortlagid.is




„... einlæg, heiðarleg  
og lærdómsrík ...“

JBP / DV

Mikilvæg bók um nauðsyn þess að horfast í augu við hið liðna,  
hversu sárt og erfitt sem það kann að vera.



# Matur og drykkur



## 64° Reykjavík Distillery: Desserts / Eftirréttir

**Snorri Jónsson og Judith Orlishausen**  
Líkjörnir frá 64° Reykjavík Distillery hafa slegið hressilega í gegn á síðustu miss-erum. Uppgötvíð nýja túlkun á íslenskum og alþjóðlegum eftirréttum þar sem líkjörar úr ferskum íslenskum krækiberjum, rabarbara og bláberjum leika lykilhlutverk.

Tvítýngd útgáfa: þýsk, íslensk.  
44 bls.

**Reykjavík distillery**  
ISBN 978-9979-72-027-0  
Leiðb.verð: 2.299 kr.




## Bollakökur Rikku

**Friðrika Hjördís Geirsdóttir**  
Myndir: Gísli Egill Hrafnsson  
Bollakökuæði hefur gengið yfir þjóðina að undanförmu og listakokkurinn Rikka á sinn þátt í því. Hún er snillingur í að baka gómsætar og gullfallegar bollakökur og hefur haldið fjölda vinsælla námskeiða. Í þessari bók má finna fjölbreyttar uppskriftir að girmilegum bollakökum sem henta við öll tækifæri. Spreyttu þig bara!  
78 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**  
ISBN 978-9979-2-2139-5



## Einfaldara sushi

**Steven Pallet**

Þýð.: Rósa Guðbjartsdóttir

Í þessari aðgengilegu bók er kennt að útbúa sushi á einfaldan hátt. Bókin kemur í öskju með DVD kennsludisk í sushi-gerð, auk áhalda til sushi-gerðar.  
64 bls.

**Bókafélagið**  
ISBN 978-9935-426-05-5



## Eldum íslenskt með kokkalandslíðinu

*Aðeins fimm hráefni í hverjum rétti*

Meistarakokkar fyrir og nú opna „Íslenska eldhúsið“ sitt og opinbera nokkur af sínum helstu leyndarmálum. Hvað elda þeir sjálfir heima hjá sér? Í hvern rétt þarf aðeins fimm hráefni sem gerir undirbúninginn sérlega einfaldan. Nú er eldhúsið ævintýraland – eldum íslenskt!  
191 bls.

**Sögur útgáfa**  
ISBN 978-9935-416-67-4




# Dúkkulísu- og límmiðabækur

www.bokafelagid.is



BÓKAFÉLAGIÐ





# Ómissandi í aðdraganda jólanna!

Aðalréttir, eftirréttir, forréttir og sósur.  
Og svo auðvitað allt jólagóðgætið!



NANNA  
RÖGNVALDARDÓTTIR



Sígildar uppskriftir og spennandi nýjungar





**Góður matur – gott líf**  
*í takt í við árstíðirnar*  
 Inga Elsa Bergþórsdóttir og  
 Gísli Egill Hrafnsson

Í þessari einstöku bók sýna hjónin Inga og Gísli Egill hvernig fjölskyldan öll getur notið þess besta sem lífið hefur að bjóða með því að þiggja gjafir náttúrunnar: rækta, tína, veiða, verka og nýta, elda og framreiða hollan og góðan mat árið um kring. Þetta er miklu meira en matreiðslubók – því girnilegum uppskriftum fylgja einnig leiðbeiningar um öflun og meðhöndlun á árstíðabundnu íslensku hræfni. Hér er sagt frá brauðbakstri, söltun, reykingu, ostagerð, pylsugerð, meðferð villibráðar og tínslu villtra jurta en einnig ræktun og garðagróðri. Bókin er prýdd fjölda stórglæsilegra litmynda.

250 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2141-8



**Grillað**

*Einfalt – gott – girnilegt.*  
 Bestu BBQ uppskriftirnar  
 Völundur Snær Völundarson,  
 Sigurður Gíslason og  
 Stefán Ingi Svansson

Myndir: Gunnar Konráðsson  
 Hér töfra þrír meistarkokkar fram einfalda, góða og girnilega rétti úr öllu mögulegu; fiskur, kjöt, pítsa, ávextir, grænmeti o.fl. Að auki er kafli með ljúffengum kryddblöndum, sósam, drykkjum og eftirréttum.

138 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-77-7 Kilja



**HaPP HaPP húrra**

Unnur Guðrún Pálsdóttir og  
 Erna Sverrisdóttir

Í HaPP-eldhúsinu eru grænmeti, ávextir, hnetur og fræ í öndvegi. Litatónar ávaxta og grænmetis bera með sér lífsgleði og orku og með hæfilegu magni af hreinu kjöti og fiski verður til dásamlegur matur. Í bókinni eru fjölmargar uppskriftir af hollum réttum, skreyttum fallegum ljósmyndum. Þetta er bók sem getur bætt heilsu þína og veitt þér gleði og ánægju í eldhúsinu. Njóttu og gefðu þér tíma til að elda og skapa. Þú færð það margfalt til baka.

**Bókafélagið**

ISBN 978-9935-426-15-4



**Heilsudrykkir**

Auður Ingibjörg Konráðsdóttir Í þessari fallegu bók er fjöldi uppskrifta að einföldum, hollum og umfram allt ljúffengum drykkjum. Höfundurinn, Auður Ingibjörg Konráðsdóttir, hefur getið sér gott orð sem heilsukokkur en hún heldur úti vefsíðunni heilsukokkurinn.is.

80 bls.

**Bókafélagið**

ISBN 978-9935-426-06-2



Bókabúðin **HAMRABORG**




**Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877**





# Gæðin í grenndinni

**Lærðu að rækta, tína, veida, verka og nýta í takt við árstíðirnar**



- ALLT Í EINNI BÓK**
- uppskriftir
  - brauðbaktur
  - ostagerð
  - reyking
  - pylsugerð
  - villibráð

**VAKA-HELGAPELL**  
www.fortagid.is



**Einstaklega glæsileg og eiguleg bók eftir hjónin Gísli Egil Hrafnsson og Ingu Elsu Bergþórsdóttur**



**Heimsréttir Rikku**

**Friðrika Hjördís Geirsdóttir**  
 Myndir: Gísli Egill Hrafnsson  
 Sjónvarpskokkurinn Rikka leggur upp í sælkeraleiðangur í eldhúsinu og ferðast um átta lönd. Hún gefur einfaldar og girnilegar uppskriftir að frægum og frábærum réttum sem einkenna matargerð hvers lands um sig, kemur með eigin tilbrigði við suma réttina og gefur góð ráð sem nýtast í matargerðinni.

93 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2152-4



**Hollt nesti heiman að**

**Margrét Gylfadóttir, Sigurrós Pálsdóttir og Sigurveig Káradóttir**  
 Myndir: Gunnar Sverrisson  
 Hér eru um 70 uppskriftir að nesti, hver annari ljúffengari og hollari. Einnig fylgja fróðleiksmolar svo nestisgerðin verður skemmtileg og lærdómsrík, ekki síst ef börnin eru höfð með í ráðum.

120 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-002-6 Kilja



**Ísbókin**

**Jón Brynjar Birgisson**  
 Loksins er komin út íslensk ísbók. Í bókinni er að finna tugi uppskrifta að ljúffengum ís ásamt fjölbreyttum fróðleik um sögu íssins, framleiðslu, íssmökkun, hráefni og margt fleira. Meðal uppskrifta má nefna mangósjerbet, skyrís með rabarbara, frosinn súkkulaðibúðing, möndluís með dökku súkkulaði, eggjapúnsis, sykursnauðan ís og auðvitað vanilluís. Leiðbeiningarnar í bókinni miðast við að hægt sé að gera ísinn með

96 bls.

**Útseta ehf.**

ISBN 978-9979-70-969-5

Leiðb.verð: 3.490 kr.



**Jólamatur Nönnu**

**Nanna Rögnvaldardóttir**  
 Myndir: Gísli Egill Hrafnsson  
 Viltu halda hefðbundin jól, ódýr jól, góðærisjól, frönsk jól eða hollustujól? Hér segir Nanna frá fjölda ólíkra hátíðamálsverða og gefur uppskriftir að aðalréttum, meðlæti og sósum, forréttum og eftirréttum, auk ýmiss konar jólagóðgætis. Viltu þrautreyndar uppskriftir að hefðbundnum jólamat, nýstárlegar útfærslur á gamalkunnum réttum eða eitthvað alveg nýtt og spennandi? Þú finnur það allt í þessari bók, sem prýdd er fjölda glæsilegra ljósmynda sem vekja sanna jólastemningu.

199 bls.

FORLAGIÐ

**IÐUNN**

ISBN 978-9979-1-0511-4



**Jóla kortin færðu í Office 1**

**Ég ætla að spara í ár!**



Eldum íslenskt með kokkalandsliðinu

KOKKALANDSLIÐIÐ OPNAR „ÍSLENSKA ELDHÚSIÐ“ SITT  
OG OPINBERAR NOKKUR AF SÍNUM HELSTU LEYNDARMÁLUM.  
HVAÐ ELDA ÞAU SJÁLF HEIMA HJÁ SÉR?

sögur  
ÚTGÁFA



Aðeins fimm hráefni í hverjum rétti

Nú er eldhúsið ævintýraland - eldum íslenskt!





**Matmenn**

Fríða Sophia Böðvardsdóttir  
Bók fyrir þá sem eru að byrja að elda og vilja læra meira.

Konur eru klárari að elda heldur en karlar – ekki satt? Það er því áriðandi að karlar bæti sitt ráð! Allir vilja bjarga sér og flestir þrá að geta boðið vinum í mat. Hvort sem við erum ungir eða gamlir, búum einir, erum nýbyrjaðir að búa eða erum einir á ný – við þurfum að borða. Allir erum við matmenn! Bók þessi er hugsuð fyrir þá sem eru að byrja að elda – en vilja læra svolítið meira. Er bókin byggð á námskeiði sem höfundurinn hefur kennt við Kvöldskóla Kópavogs síðustu 15 árin og hefur verið mjög vinsælt. Matmenn allir – sameinumst!

Eldri bækur Fríðu Sophíu (*Bakað í brauðvél* og *Bakað úr spelti*) fengu frábæra umfjöllun í DV (Nauðsynleg bók á öll heimili) og Fréttablaðinu (Stórmerkileg bók), einnig í Politiken í Danmörku og Kvinner og Klær í Noregi. Fríða var tilnefnd til Alheims-

verðlauna (Gourmand World Cookbook Award) fyrir báðar bækurnar.  
140 bls.

**Tindur**  
ISBN 978-9979-653-71-4  
Leiðb.verð: 3.990 kr.



**Matur sem yngir og eflir**

96 ofurhollar uppskriftir  
**Þorbjörg Hafsteinsdóttir**  
Vegleg matreiðslubók með ljúffengum og ofurhollum mat í anda bókarinnar 10 árum yngri á 10 vikum. Frábær viðbót sem kitlar bragðlaukana og styður við lífsstíl gegn ótímabærri öldrun.  
218 bls.

**Salka**  
ISBN 978-9935-418-65-4



**Stóra bókin um villibrað**

Úlfar Finnbjörnsson  
Myndir: Karl Petersson  
Myndskr.: Jón Baldur Hlíðberg  
Þessi glæsilega bók er alfræðirit um nýtingu villibraðar, full af fróðleik, og ómótstæðilegum sælkeru-  
uppskriftum. Úlfar fjallar um meðhöndlun bráðarinnar og hvernig má nýta hráefnið sem best, búa til kæfur, pylsur, súpur, soð og sósur auk matreiðslu bestu bitana.  
312 bls.

**Salka**  
ISBN 978-9935-17-003-3



**Sultur allt árið**

Sigurveig Káradóttir  
Myndir: Gunnar Sverrisson  
Áður fyrr einskorðaðist sultugerð við haustið, bláber og rabarbara. Nú er hægt að sulda allan ársins hring. Í pottum Sigurveigar ræður fjölbreytni ríkjum; bananar, gulrætur, sitrónur, gojiber – svo dæmi séu tekin.  
83 bls.

**Salka**  
ISBN 978-9935-17-004-0 Kilja



**bóksala stúdenta**

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is

www.boksala.is

# FYRIR BRAGÐ- LAUKANA

*Tvær spennandi  
uppskriftabækur  
eftir listakokkinn  
Rikku*



# Fræði og bækur almenns efnis



## „að skilja undraljós“


*Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni Ritsstj.: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson*

Greinarnar eiga flestar rætur í fyrirlestrum frá árinu 2008 þegar þess var minnst, bæði í Háskóla Íslands og á Þórbergssætri, að 120 ár voru liðin frá fæðingu Þórbergs, en hann er í hópi fremstu rit höfunda Íslendinga. Í safninu gefst lesendum meðal annars kostur á að lesa um ættir hans og frændgarð; skipti hans við útgerðarmann og prest; handrit og skáldverk svo

ekki sé minnst á esperantó-áhuga og tengsl við erlendar framúrstefnuhreyfingar. 255 bls.

### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-879-9  
Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



## „Í hverri bók er mannsandi“

*Handritasýrur – bókmenning, þekking og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld*

Guðrún Ingólfssdóttir

Bókin fjallar um handrit frá 18. öld með fjölbættu efni, handritasýrur. Litið er á skrifarana sem höfunda sýrpnanna –

ytra útlits (t.d. skreytinga), niðurskipanar texta og efnisvals. Meginviðfangsefni verksins er bókmenning Íslendinga á umbrotatímum í sögu þjóðarinnar. Ein helsta niðurstaða þess er sú að þekkingarleit alþýðukarla og kvenna hafi verið skipulegri en talið hefur verið. Þó að þau væru ekki skólagengin nutu þau góðs af almanakshefðinni, en segja má að hún hafi snemma orðið hluti af menntunar-þrógrammi alþýðukarla og kvenna. Þar eð ein syrpan sem fjallað er um í bókinni er hönnuð af konu er í viðaukum fjallað um handritamenningu kvenna og leitast við að varpa ljósi á þátt þeirra í bókmenningu Íslendinga. 384 bls.

### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-930-7  
Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



## 10 árum yngri á 10 vikum

*Þorbjörg Hafsteinsdóttir Þýð.: Friða Garðarsdóttir og Nanna Gunnarsdóttir*

Þorbjörg hefur rannsakað nútímalífsstíl árum saman og komist að niðurstöðu um hvers konar matur, vítamín og bætiefni viðhalda best æsku og lífsþrótti. Hér leiðir hún lesendur í gegnum 10 vikna ferli sem eflir lífskraftinn. 223 bls.

**Salka**



ISBN 978-9935-418-69-2



# Jólaspilm færðu í Office 1

## Ég ætla að spara í ár!





*„trúverðug persónu- og þroskasaga, spennandi leiðangur um fjarlæggar slóðir við háskalegustu eldstöðvar heims og fróðlegt inngangsrít um þróunarsögu rannsókna í jarðfræði á nær hálftrar aldar tíma.“*

P.B.B. Fréttatíminn

## Bókin þar sem Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur lýsir ævintýrlegu lífshlaupi

Bókin er einstök heimild um uppeldi, sköpun og þróun jarðvísindamanns, sem hefur unnið brautryðjendastörf á rannsóknum á eldfjöllum víðs vegar um heiminn.

Hér fjallar Haraldur á hispurslausan hátt um spennandi og oft lífs hættuleg rannsóknaverkefni, um ástir, sigra, áföll og margt annað sem hefur gerst á nær fimmtíu ára ferli.

Hann greinir frá leiðöngurum sínum í Indónesíu, Ítalíu, Haítí, Vestur Indíum, Grikklandi, Afríku og víðar.


Brennandi áhugi hans á leyndardómum jarðar kviknar á æskustöðvunum á Snæfellsnesi og leiðir af sér ævilangt ferðalag um flest stórvirkustu eldfjöll heims, þar til hann lokar hringnum með stofnun Eldfjallasafns í Stykkishólmi.

**Eftir atburðaríkan feril hefur Haraldur frá mörgu að segja.**



**ELDFJALLASAFN STYKKISHÓLMI**

Vulkan ehf. | vulkan@simnet.is | 862 8551



### 1001 gamansaga

Helgi Seljan

Helgi Seljan fyrrverandi alþingismaður er hnyttinn maður og húmoristi. Hann hefur um árabíl komið fram á fjölda skemmtana og farið með gamanmál. Hér er þúsund og ein saga úr safni hans! Bók sem léttir lund. Má lesa í skömmtum daglega en einnig alla í heild – með bros á vör.

249 bls.

**Bókaútgáfan Æskan**

ISBN 978-9979-767-89-3

Leiðb.verð: 3.000 kr. Kilja



### 1001 Þjóðleið

Jónas Kristjánsson

Jónas Kristjánsson fyrrverandi ritstjóri hefur áratugum saman skrásett þjóðleiðir á Íslandi og afraksturinn birtist í þessari einstöku bók. Yfir 1.000 göngu- og reiðleiðum er lýst og þær sýndar á vönduðum kortum. Þessi útgáfa er

viðburður í íslenski bókaútgáfu. Bókinni fylgir stafrænn diskur sem gerir kleift að hlaða leiðunum inn í GPS-tæki.

400 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-56-8



### Aðgát skal höfð í nærveru sálar


Solveig Lára Guðmundsdóttir

Solveig Lára hefur unnið við sálgæslu í yfir aldarfjórðung og hjálpað fólki að ná tökum á tilverunni. Hér fjallar hún um hvert æviskeið fyrir sig, allt frá bernsku til elliára og bendir á hvernig vinna má úr erfiðum aðstæðum og öðlast hugarró og betri líðan.

144 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-78-4 Kilja



### Aðgát skal höfð í nærveru sálar

Solveig Lára Guðmundsdóttir

Í bókinni fjallar höfundur um hvert æviskeið fyrir sig, allt frá bernsku til elliára og hikar ekki við að taka á viðkvæmum málum, svo sem einelti, heimilisofbeldi, mismunandi kynhneigð, breytingaskeiði, áföllum og depurð, en bendir á hvernig vinna má úr erfiðum aðstæðum, byggja upp sjálfstraust og öðlast hugarró.

Höfundur les. Bókin er á 3 CD diskum.

▶ 229 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-38-1

Leiðb.verð: 2.990 kr.



### Af ást til heimsins

Ritstj.: Sigríður Þorgeirsdóttir

Hannah Arendt (1906–1975) var einn merkasti stjórnmálaheimspekingur 20.

aldar og hér birtist í fyrsta sinn á íslensku úrval ritgerða eftir hana. Umfjöllun hennar um samfélagið miðaði að því að greina vanda stjórnmála, sem hafa verið ofurseld valdi fjármálaheimsins og skortir aðhald frá borgurum sem lifa í neytlusamfélagi og eru sinnulausir um stjórnmál. Henni sjálfri var umhugað um að heimspeki væri ekki bara ást á vísku, heldur einnig ást á heiminum. Greinunum sem hér birtast er ætlað að gefa innsýn í nokkur helstu viðfangsefni hennar. Þær fjalla um samband heimspeki og stjórnmála, alræði, illsku mannsins og mannréttindi. Í inngangi fjallar Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor, um ævi hennar og verk og tengir stjórnmálaheimspeki hennar við lýðræðisumræðu samtímans og kröfuna um að virða vistræðilegar forsendur lífs mannkynsins á jörðinni.

251 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-880-5

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



### Af fornum lögum og sögum

Fjórar ritgerðir um

fornislenzka sögu

Sveinbjörn Rafnsson

Safn áður óbirtra ritgerða um íslenska miðaldasögu. Í fyrri hluta er fjallað um elstu íslensku lögin, Grágás og Járnsíðu. Í síðari hluta bókarinnar



er fjallað um forna sagnarit- un. Loks er texti Grænlen- dinga þáttar greindur, tímatal hans, laganotkun og mælsku- fræðilegur stíll.

187 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-914-7

Leiðb.verð: 4.490 kr. Kilja



#### Allra besta gjöfin

Jim Stovall

Þýð.: Guðrún G. Bergmann

Þessi metsölubók fjallar um hvernig uppgötva má tilgang lífsins með því að endurmeta gildi sín og samskipti við aðra. Hér er hún í lestri Kristjáns Franklins Magnús leikara.

#### Hljóðbók.is

ISBN 978-9935-417-55-8



#### Alltaf er Farmall fremstur

Bjarni Guðmundsson


Bjarni Guðmundsson á Hvanneyri vakti óskipta athygli með bók sinni um Ferguson dráttarvélinu sem kom út árið 2009. Bjarni heldur áfram að ausa af brunni

þekkingar sinnar og reynslu í afar áhugaverðri bók, fullri af fróðleik, skemmtilegum sögum og einstöku myndefni víðs vegar að af landinu.

Í þessari bók segir Bjarni sögur af þessum vinsælu vélum á sinn einstaka hátt, auk þess sem fjórtán þekktir einstaklingar rífa upp minningar sínar um Farmal og fleiri búvélar frá IHC. 216 bls.

#### Uppheimar

ISBN 978-9935-432-20-9



#### Almanak Háskóla Íslands 2012

Ritstj.: Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson

Auk dagatals flytur almanak- ið margvíslegar upplýsingar, s.s. um sjávarföll og gang himintungla. Lýst er helstu fyrirbærum á himni, sem frá Íslandi sjást. Birt eru stjörnu- kort, kort sem sýnir áttavita- stefnur á Íslandi og kort sem sýnir tímabelti heimsins. Þar er að finna yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mann- fjöldi allra sjálfstæðra ríkja og tímann í höfuðborgum þeirra. Loks eru upplýsingar um helstu merkisdaga fjögur ár fram í tímann. 96 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-927-7

Leiðb.verð: 1.690 kr. Kilja

# Með þjóðinni á Þingvöllum



## Saga – náttúra – útivist

*Þingvellir eru áfram þögulir í hógværð sinni á mörkum byggðar og öræfa og geyma sögu þjóðarinnar, mestu sigra hennar, dýpstu niðurlæginguna, stærstu gleðistundirnar. Þangað leita skáld til að yrkja og mála og vísindamenn til að sannreyna furður veraldar. Þangað er þjóðinni og þjóðum öllum boðið að koma, hallast að dökkum hamraveggjum, spegla sig í lygnum hyljum, teygja að sér ilman lyngsins, næra og styrkja sál og líkama, sameinast náttúru og sögu.*

Úr formála Sigrúnar Helgadóttur, sem hlaut Fræðiritaverðlaun Hagbenkis árið 2009 fyrir Jökulsárgljúfur, fyrstu bókina í ritröðinni Friðlýst svæði á Íslandi.

Alhliða ferðahandbók sem jafnframt rekur sögu Þingvalla, ríkulega myndskreytt. Gönguleiðakort fylgir.

Þar sem þekkingin á sér samastað







### Almanak Hins íslenska Þjóðvinafélags 2012

Heimir Þorleifsson, Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson

Almanak Þjóðvinafélagsins er aðgengileg handbók um íslensk málefni. Í almanakinu sjálfu er m.a. að finna dagatal með upplýsingum um gang himintungla, messur kirkjuársins, sjávarföll, hnattstöðu Íslands o. fl. Í Árbók Íslands er fróðleikur um árferði, atvinnuvegi, stjórnmál, úrslit Íslandsmóta, náttúruhamfarir, slys, mannalát, verklegar framkvæmdir, vísitölur, verðlag o. s. frv.

Fjöldi mynda er í ritinu. 208 bls.

#### Hið íslenska þjóðvinafélag

Dreifing: Sögufélag

ISSN 1670-2247

Leiðb.verð: 1.950 kr. Kilja



### Andvari 2011

Nýr flokkur, LIII, 136. ár

Ritstj.: Gunnar Stefánsson

Tvö hefti koma út af Andvara á árinu. Í hinu fyrra skrifa níu fræðimenn um ýmsa þætti sem varða ævi og verk Jóns Sigurðssonar forseta í tilefni af 200 ára afmæli hans. Aðalgrein í seinna hefti er æviágríp Jakobs Benediktssonar orðabókarritstjóra eftir Guðrúnu Kvaran. Jakob var einn helsti fræðimaður þjóðarinnar í hugvísindum á sinni tíð. Auk orðabókarstarfa vann hann að rannsóknum fornra rita, fjallaði meðal annars um verk Arngríms lærða og gaf út Landnámu. – Í öðrum greinum heftisins er auk annars fjallað um Snöruna eftir Jakobínu Sigurðardóttur, íslenskar þýðingar á sögum Hemingways og Annie, eigin konu Jóns Leifs tónskálds. 160 bls.

#### Hið íslenska þjóðvinafélag

Dreifing: Sögufélag

ISSN 0258-3771

Leiðb.verð: 1.950 kr. Kilja



### Anna Rósa grasalæknir og íslenskar lækningajurtir

Anna Rósa Róbertsdóttir

Í þessari ítarlegu og vönduðu bók fléttast saman vísindi og aldagömul þekking á 85 íslenskum lækningajurtum. Hér birtist í fyrsta sinn á prenti samantekt yfir vísindarannsóknir á þessum jurtum. Fjallað er um sögu þeirra, notkun og tínslu, greint frá aðferðum við vinnslu og gefnar uppskriftir. Bókin er einstakt uppflettirit fyrir unnendur íslenskrar náttúru, prýdd fjölda glæsilegra ljósmynda. 295 bls.

#### Anna Rósa grasalæknir ehf

ISBN 978-9979-70-999-2

Leiðb.verð: 5.999 kr.



### Á afskekktum stað

Arnþór Gunnarsson

Bráðskemmtileg bók sem byggir á viðtölum við sex Austur-Skaftfellinga: hjónin Álfheiði Magnúsdóttur og Gísli Arason, feðgana Sigurð Bjarnason og Einar Rúnar Sigurðsson, Þorvald Þorgeirsson og Ingibjörgu Zophoniasdóttur. Sannkallað ferðalag í tíma og rúmi. 222 bls.

#### Bókaútgáfan Hólar

ISBN 978-9979-797-97-5

Leiðb.verð: 3.500 kr. Kilja

# bóksala stúdenta

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is

www.boksala.is

# FRÆÐANDI FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

NÝ BÓK Í GEYSIVINSÆLLI RITRÖÐ



RÚMLEGA 500  
SÍÐUR Í  
STÓRU BROTI




JPV  
JPV ÚTGÁFA  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

Í stórvirkinu **VÍSINDIN** er greint frá öllum helstu vísindauppgötvunum mannkyns og sýnt hvernig hugmyndirnar, uppfinningarnar og fólkið á bak við þær hafa breytt heiminum.

Frá uppfinningu hjólsins til lausna á loftslagsvanda á 21. öld.

SÉRTEIKNADAR SKÝRINGARMYNDIR OG GLÆSILEGAR LJÓSMYNDIR



### Á rétttri hillu

*Leiðin til meiri hamingju í lífi og starfi*

Árelía Eyðis Guðmundsdóttir

Ertu að fást við það sem hentar þinni manngerð og nýta hæfileika þína til fulls? Ertu að leita að nýjum starfs- vettvangi? Aðgengileg og áhugaverð bók um það hvernig hægt er að rýna í sjálfan sig og finna hvar hæfileikarnir liggja.

208 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9979-789-89-5

Leiðb.verð: 3.990 kr.



### Ákall til mannkyns. Sjálfbærni, lýðheilsa, bætt lofslag

*Tvær skýrslur samdar af Alþjóðanefnd um framtíð matvæla og landbúnaðar Vandana Shiva*

**Þýð.:** Jóhann Páll Jóhannsson  
Einn höfundar, Vandana Shiva, hélt fyrirlestur í Reykjavík s.l. haust og hlaut gríðarlega athygli. Önnur skýrslan fjallar um framtíð matvæla en hin um loftslagsbreytingar og matvælaöryggi.

118 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-005-7 Kilja



### Árstíðirnar í garðinum

*Handhægur leiðarvisir fyrir ræktendur*

Vilmundur Kip Hansen

**Myndir:** Páll Jökull Pétursson

Bókin er fimmta bókin í bókaflokknum Við ræktum og skiptist hún í fjóra megin-kafla, vor, sumar, haust og vetur. Höfundur fjallar um verkin sem tengjast árstíðunum og leitast er við að gera bókina aðgengilega öllum sem dreymir um að rækta garðinn sinn. Í bókinni er fjallað um fjölda plantna, sumarblóm, haustlauka, grænmeti, laukjurtir, fjölda kryddtegunda, sígræn og lauffellandi tré og runna auk úrvals ávaxtatrjáa og berjarunna.

224 bls.

**Sumarhúsið og garðurinn ehf**

ISBN 978-9979-9784-6-6

Leiðb.verð: 4.500 kr.



### Ásfall

Pétur Thomsen

Bókin var gefin út í tengslum við samnefnda sýningu í Myndasal Þjóðminjasafns Íslands 16.6. – 9.10. 2011.

Ljósmyndir Péturs sýna hverfið Ásfall í Hafnarfirði eftir að framkvæmdir stöðv- uðust þar við efnahagshrunið 2008. Pétur hlaut styrk frá Þjóðminjasafninu til að vinna verkefnið.

Í bókinni eru myndirnar af sýningunni auk greinar eftir Sigrúnu Sigurðardóttur um ljósmyndun Péturs Thomsen. Margrét Hallgrímsdóttir þjóð- minjavörður ritar formála.

120 bls.

**Þjóðminjasafn Íslands**

ISBN 9789979790327

Leiðb.verð: 3.990 kr.



Bókabúðin **HAMRABORG**



**Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877**





### Ást, heilsa og uppeldi stjörnumerkjanna

**Gunnlaugur Guðmundsson**  
Hér fjallar Gunnlaugur stjörnuspekingur á spennandi hátt um ástina, heilsuna og uppeldið. Hvernig eiga stjörnumerkin saman – karl og kona – foreldrar og börn? Hvernig er best að háttá samskiptunum? Hvað einkennir Hrutinn? Hvernig á hann við Sporðdreka eða Bogmann? Og Vogin, passar hún við Steingeitina? Hér er líka fjallað um líkamann – tengsl heilsunnar og stjörnumerkjanna. Hér getur þú fengið persónulýsingu á barninu þínu og ráðleggingar um uppeldi þess. Töflur aftast í bókinni vísa á fimm kafla um barnið þitt. 360 bls.

#### Útkall ehf.

ISBN 978-9979-9957-6-0  
Leiðb.verð: 6.990 kr.

### Bankastræti núll

**Einar Már Guðmundsson**  
Hér fjallar Einar Már um ofurvald fjármálaheimsins, um eldfjöll, banka og byltingar, skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, gamanleikara og kökubakstur, fátækt og ríkdæmi, réttlæti og óréttlæti, og setur þetta allt fram í sönnum sögum þar sem veruleikinn slær öllum skáldskap við. Beitt og bráðskemmtileg bók eftir einn okkar flinkustu penna.



185 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3208-4 Kilja



### Barnanuddbókin

– frá fæðingu til fimmtán ára aldurs

**Þórgunna Þórarinsdóttir**

Hér er foreldrum og systkinum sýnt á myndrænan hátt hvernig á að nudda börn frá fæðingu til fimmtán ára aldurs – ungbörn, leikskóla- og grunnskólabörn. Nudd gerir líf barnanna okkar betra. Öll börn hafa gagn af hugguninni og notalegheitunum sem nuddið veitir og losna við spennu. Ef barnið þitt er með magaverk, eyrnaverk, vaxtarverki eða hefur tognað í íþróttum, finnur þú góð ráð í þessari bók. Við kynnumst svæða- og þrýstinuddi, hömópatíu, blómadropum og ilmólíum. 112 bls.

**Útkall ehf.**

ISBN 978-9979-9957-8-4

Leiðb.verð: 3.490 kr.

# 100 ára saga

Tvö bindi,  
896 blaðsíður

## Íslandsmótsins í knattspyrnu

Sigmundur Ó. Steinarsson



„Bókin hefur veitt mér mikla ánægju. Hún hefur að geyma margar skemmtilegar sögur, viðtöl, myndir og rifjar upp gamlar góðar minningar um þróun íþróttá Íslandi.“

Sigríður Sigurðardóttir, íþróttamaður ársins 1964.

„Það er sómi að verkinu.“

Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttatímanum.

„Þessi bók er afrek í heimildavinnu, hún er ótrúlega yfirgrípsmikil, frágangur frábær og lesning stórskemmtileg.“

Árni Matthíasson, Morgunblaðinu.

„Sigmundur hefur unnið algjört afrek í vinnslu bókarinnar, sem hefur að geyma hafsöj af fróðleik um knattspyrnuna á Íslandi.“

Ríkharður Jónsson, knattspyrnukappi.

„Þessi bók er ótrúleg. Það má finna grípandi frásagnir á nær hverri síðu.“

Guðjón Guðmundsson, Stöð 2.



### Barnið og uppvaxtarárin með hómópatíu

Guðný Ósk Diðriksdóttir og Anna Birna Ragnarsdóttir

Hér er önnur sjálfshjálparbókin í ritröð htveir ehf um hómópatíu á íslensku fyrir almenning. Í beinu framhaldi af Meðganga og fæðing með hómópatíu kemur Barnið og uppvaxtarárin með hómópatíu. Í þessari bók er tekið á rúmlega þrjátíu atriðum sem upp geta komið á fyrstu árunum og hvernig má á auðveldan hátt takast á við einkenni þeirra heima við. Í seinni hluta bókarinnar eru aðgengilegar samanhæfðar-töflur sem auðvelda val á milli remedia eftir þeim einkennum sem eiga við í hverju tilfelli fyrir sig. www.htveir.is 150 bls.

#### Hugarflug ehf.

Dreifing: Htveir hómópatíu-bækur ehf  
ISBN 978-9935-9020-1-6 Kilja



### Betri næring – betra líf

Kolbrún Björnsdóttir

Áhugaverð og aðgengileg

bók eftir Kolbrúnu Björnsdóttur grasalækni um melt-ingarkerfið, hvernig það virkar og hvernig hægt er að koma starfsemi þess í lag til frambúðar. Bókinni fylgja uppskriftir að spennandi réttum úr smíðju Kolbrúnar og Sólveigar Eiríksdóttur (Sollu á Gló).

#### Veröld

ISBN 978-9979-789-80-2

Leiðb.verð: 4.490 kr.



### Candida sveppasýking

Hallgrímur P. Magnússon og Guðrún G. Bergmann

Hér er fjallað á einfaldan hátt um einkenni candida sveppasýkingar, hvaða skaða hún geti valdið og hvernig hægt sé að losna við hana og öðlast góða heilsu á ný. Bókin kom fyrst út 1995 en er nú aukin og endurskoðuð. 129 bls.

#### Salka

ISBN 978-9935-418-63-0 Kilja



### Detox

14 leiðir til að hreinsa líkamann

Helen Foster

Þýð.: Þórhildur Ólafsdóttir

Líkaminn á að hreinsa sig sjálfur af öllum eiturefnum og það þarf engin tól eða töfralyf til þess – en við getum auðveldað honum verkið og styrkt varnir hans með heilbrigðara liferni, réttu mataræði og æfingum. Hér er lýst fjórtán öfgalausum leiðum sem hjálpa líkamanum að takast á við það sem við leggjum á hann. 128 bls.

FORLAGIÐ

Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2117-3 ób



**Hóla, lovers**  
eða Lífsstíls- og megrunarbók Tískubloggsins eða Hvernig á að þóknast karlmönnum og vera betri en aðrar konur

Hildur Knútsdóttir

Lífstíls- og megrunarbókin er byggð á Tískublogginu, vinsælasta bloggi á Vesturhveli jarðar. Útgáfa hennar er mikil tíðindi fyrir allar komandi kynslóðir íslenskra kvenna. Í bókinni er fjallað um útlit, hegðun, hugsun, framkomu og kynlíf, auk þess sem í henni má finna ítarlegan kafla um gæludýrafóður og greiningu á kvikmyndinni Alien vs. Predator sem kom út árið 1993. Höfundur er h, kyndilberi megrunar og fegrunar á Íslandi. 100 bls.

#### Ókeibæ

ISBN 978-9935-9019-3-4



### Eitt samfélag fyrir alla

Saga Öryrkjabandalags Íslands 1961–2011

Friðrik G. Olgeirsson

Í bókinni er rakin hálfra aldar baráttusaga ÖBÍ í máli og myndum. Allar aðstæður öryrkja voru slæmar framan af síðustu öld og það var ekki fyrr en eftir að fyrstu félög þeirra voru stofnuð að kjörin fóru að batna. Árið 1961 sameinuðust sex félög undir merki Öryrkjabandalagsins og nú eru aðildarfélögin orðin 33. Saga bandalagsins er samofin þeim miklu breytingum sem orðið hafa á kjörum fatlaðra og auknum möguleikum þeirra til þátttöku í samfélaginu. Sannkölluð baráttusaga.

400 bls.

**Öryrkjabandalag Íslands**  
ISBN 978-9979-72-020-1  
Leiðb.verð: 4.900 kr.



### Ekkert nýtt, nema veröldin

*Bréfaskipti Grims Thomsens og Brynjólfs Péturssonar*  
Samant.: Aðalgeir Kristjánsson og Hjalti Snær Ægisson  
Skáldið Grímur Thomsen var á stöðugum ferðalögum á fimmta áratugi nítjándu aldar. Hann bjó um skeið í París, London og Brussel, heimsótti söguslóðir Napóleonsstríðanna, fylgdist grannt með leikhúslífi og bókmenntum, sótti veislu með helstu fyrir-  
mennum samtímans og tók virkan þátt í dönskum stjórn-  
málum með greinaskrifum sínum. Hér birtast bréfaskipti hans og Fjölismannsins

Brynjólfs Péturssonar, en í þeim má finna ferðalýsingar, bókmenntarýni, leikhúsdóma, lifandi umræðu um þjóðmál og hressandi slúður um samlanda þeirra í Kaupmannahöfn.  
170 bls.

### Sögufélag

ISBN 978-9979-9902-4-6  
Leiðb.verð: 3.800 kr. Kilja



### Eldgos 1913–2011

Ari Trausti Guðmundsson  
Myndritstj.: Ragnar Th. Sigurðsson


Þessi glæsilega bók geymir ljósmyndir af öllum eldgosum 20. aldar og fyrstu gosum þeirrar 21. Bókin lýsir stórkostlegu sjónarspili eldsumbrota á einstæðan hátt. Fróðlegir textar Ara Trausta Guðmundssonar setja myndirnar í samhengi en hann

semur einnig fróðlegt yfirlit um sögu og eðli eldsumbrota og landmótunar á Íslandi. Ragnar Th. Sigurðsson annaðist myndarstjórn og leitaði í smíðu margra fremstu myndasmiða þjóðarinnar á þessu sviði.  
336 bls.

FORLAGIÐ

### Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2146-3



### Ég drepst þar sem mér sýnist

Gísli Rúnar Jónsson

Þessi bók er fágætt safn 2.000 upplýsandi og drepskemmtilegra sagna úr sviðsljósinu. Í þessari kaldhæðnislega innbundnu en dagsönnu revíu stígur Gísli Rúnar Jónsson dramatískan darraðardans í óformlegu en taktísku hliðarspori við leiklistarsöguna, við undirleik kostulega ónákvæmrar en alþjóðlegrar ritstjórnar Grínara hringsviðsins.

Öldum saman hefur sviðsljósið verið uppspretta óþrjótandi söguburðar og má þá einu gilda hvort við sögu komu leikstjórnir og leikhússtjórnir sem reyndu að bíta nefið hvor af öðrum, gagnrýnandinn sem kom að konunni sinni uppi í rúmi með ballettdansarum



### Engan þarf að öfunda

Barbara Demick

Mögnuð verðlaunabók, sem farið hefur sigurför um heiminn, um daglegt líf almennings í Norður-Kóreu, lokaðasta landi heims.  
336 bls.

Bókafélagið Ugla

ISBN 978-9979-651-71-0 Kilja

## Tvær góðar frá Almenna bókafélaginu

www.bokafelagid.is



Almenna bókafélagið





eða leikskáldið sem gekk í skrokk á leikaranum fyrir að fara afturábak með textann; hvort það var upphlaup í áhorfendasal vegna þess að áhorfandi á öðrum bekk ældi yfir alla á fyrsta bekk, leikmyndin hrundi ofan á aldraða leikkonu sem var að flytja dauðaatriði Ásu í Pétri Gaut eða rafmagnið fór með þeim afleiðingum að hluti þjóðleik-húskórsins gekk rakleitt ofan í Hljómsveitargryfjuna; öll kræsilegustu atvik sem um getur við leikupptroðslur í íslensku sviðsljósi er að finna í þessari bók og gera hana að fágætri lesningu sem allir, óvígðir sem innvígðir, geta notið til afþreyingar milli atriða og á flotta frá sínu eigin hunddagslega leikriti. 400 bls.

#### Tindur

ISBN 978-9979-653-61-5  
Leiðb.verð: 7.890 kr.

### Family Nursing in Action

Ritstj.: Erla Kolbrún Svavarsdóttir og Helga Jónsdóttir

Fjölskyldur um víða veröld glíma við ýmis heilsufarsleg vandamál, misflókin og ólík að uppruna en slík vandamál geta haft mikil áhrif á þær fjölskyldur er málið varðar.



Þetta undirstrikar þörfina á að setja sjónarhorn fjölskyldunnar í brennidepil hvað varðar nútíma heilbrigðisþjónustu. Í þessari bók er nýjasta þekking innan fjölskylduhjúkrunar í alþjóðlegu samhengi lýst, sem gerir bókina að ómetanlegri. 406 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-881-2  
Leiðb.verð: 5.900 kr. Kilja



### Fágætar plöntur á Snæfjallaströnd

Hörður Kristinsson

Þýð.: Ian Watson

Eftir að byggð lagðist af á Snæfjallaströnd hefur gróður tekið við sér og þar vaxa margar fágætar plöntur eins og Þúsundablaðarósín. Hörður Kristinsson grasfræðingur hefur tekið saman þetta yfirlit yfir fágætar plöntur á Snæfjallaströnd með ágrípi á ensku.

16 bls.

#### Snjáfallasetur

ISBN 978-9979-9714-6-7



#### Lærdómsrit

Bókmenntafélagsins

### Ferlið og dygðin HLJÓÐBÓK

Laozi

Uppl.: Hjalti Rögnvaldsson

Kjarnmikil forn kínversk lífsspeki sem orðið hefur mörgum kær. Sjá hib.is

120 mín.

Hið íslenska bókmenntafélag

ISBN 978-9979-66-280-8

Leiðb.verð: 3.490 kr.



### Félagsfræðiveislan


Magnús Einarsson

Þessi kennslubók er ætluð nemendum í félagsfræði á framhaldsskólastigi. Hún hentar einnig nemendum á fyrsta ári í háskóla svo og hin-

um almenna lesanda. Grundvallarhugtök félagsfræðinnar eru skýrð og meginsjónarhorn hennar kynnt. Þá er sérstaklega fjallað um afbrot, menntun, fjölmiðla og heilsu og veikindi í ljósi sjónarhorna og kenninga félagsfræðinnar. Námsmarkmið og samantekt fylgja hverjum kafla. Hér er dregin upp mynd af félagsfræðinni og viðfangsefnum hennar með nýstárlegum og skipulögðum hætti. 344 bls.

#### ÍDNÚ bókaútgáfa

ISBN 978-9979-67-276-0 Kilja



### FISKUR! fyrir lífið

Stephen Lundin og Harry Paul John Christensen

Þýð.: Sigríður Á. Ásgrímsdóttir Milljónir manna hafa notfært sér hugmyndafræði bókarinnar FISKUR! til að auka vinnugleði og bæta starfsárangur. FISKUR! fyrir lífið beinir sjónum að einkalífni og hvernig okkur getur lífið betur með því að ræða málin af einlægni. 151 bls.

Salka

ISBN 978-9935-418-52-4 Kilja




BÓKAFÉLAGIÐ

www.bokafelagid.is

# Umbrot Íslands

**Þessi glæsilega bók geymir ljósmyndir af öllum eldgosum tuttugustu aldar og fyrstu gosum þeirrar tuttugustu og fyrstu**


**NÝ OG  
UPPFÆRÐ  
ÚTGÁFA**



**Bókin lýsir stórkostlegu sjónarspili eldsumbrota á einstæðan hátt**

  
**VAKA-HELGAFELL**  
www.forlagid.is

**Ari Trausti Guðmundsson skrifar fræðandi texta um gossögu Íslands og Ragnar Th. Sigurðsson annast myndaritstjórn**





### Fiskurinn í okkur


*Ferðasaga mannslikamans í þrjú þúsund og fimm hundruð milljónir ára*

Neil Shubin  
Þýð.: Guðmundur Guðmundsson

Hvers vegna lítum við út eins og raun ber vitni? Af hverju fáum við hiksta? Höfundur skýgnist milljónir ára aftur í sögu alls lífs og skýrir hvernig nýjar uppgötvanir og aðferðir náttúruvísindanna bregða birtu á skyldleika manna við gerólikar lífverur, eins og bakteríur, sæffilla, orma, flugur, fiska og marglyttur. Vísindaskrif fyrir almenning eins og þau gerast best. Hrifandi og upplýsandi frásögn með fjölda skýringarmynda, aðgengileg og sögð af ómótstæðilegum eldmóði. 208 bls.

### Ormstunga

ISBN 978-9979-63-104-0  
Leiðb.verð: 3.490 kr. Kilja




### Fjölbreyttar leiðir í námsmati

*Að meta það sem við viljum að nemendur læri*

Erna Ingibjörg Pálsdóttir  
Um er að ræða handbók ætluð skólalæra, kennurum og öðrum sem áhuga hafa á fjölbreytni í námsmati. Fjallað er um lykilkætti námsmats sem felst einkum í því að íhuga tilgang matsins og ákveða hvað eigi að meta, hvaða matsaðferð henti best, hvernig best sé að miðla upplýsingum og til hverra. 213 bls.

ÍDNÚ bókaútgáfa  
ISBN 978-9979-67-269-2 Kilja



### Fjör og manndómur

Vilhjálmur Hjálmarsson

Hér er fjallað um nítján gönguleiðir sem liggja um háfjallaskörð milli Mjóafjarðar og nágrennabyggðarlaganna og hrakninga þar – sem ekki enduðu allir vel. Þá er brugðið upp myndum af tilgreindum fjölskyldum og einstaklingum. Beinist athygli sögumanns mjög að hlutskipti kvenna og lýkur bókinni á ævibætti konu sem ekki mátti sín mikils, en lifði langa ævi og dó á tíraðisaldri – án þess að hafa í eitt einasta skipti leitað til læknis, utan augnlæknis einu sinni. 252 bls.

Bókaútgáfan Hólar  
ISBN 978-9935-435-00-2  
Leiðb.verð: 5.480 kr.



### Flickmylife

Vefsetrið FLICKMYLIFE dregur fram það myndna, fáránlega og oft það vandræðalega úr daglegu amstri íslensks mannlífs, menningar, stjórnmála og samskipta á 21. öldinni. Hér er komið viðamikilið samsafn af því helsta af síðunni ásamt nýjum gullmolum. Bók sem fær mann til að skella upp úr aftur og aftur!

196 bls.

Ókeibæ - Forlagið

ISBN 978-9935-439-02-4 ób



## Tvær góðar frá Bókafélaginu

www.bokafelagid.is



BÓKAFÉLAGIÐ







### Fórnarlambakultúrinn

*Hvernig pólitískur rétttrúnaður grefur undan frjálslýndishefð lýðræðisríkja*

David G. Green

Þýð.: Elin Guðmundsdóttir

Stórfróðleg bók um ógnvænlega þróun í frjálslýndum lýðræðisríkjum þar sem „fórnarlömb“ njóta forréttinda. 130 bls.

Bókafélagið Ugla

ISBN 978-9979-651-70-3 Kilja



### Frík, nördar og aspergersheilkeni

*Vegvísir um gelgjuskeiðið fyrir unglínga, foreldra og fagfólk*  
Luke Jackson

Þýð.: Guðni Kolbeinsson


Þessi einstaka bók var skrifuð af þrettán ára strák með aspergersheilkeni. Í bókinni talar hann til annarra krakka sem greindir hafa verið á

einhverfurofinu en einnig foreldra þeirra, kennara og fagfólks. Boðskapur hans er einfaldur: Aspergersheilkenið er gjöf og það er kúl að vera öðruvísi. Bókin sló eftirminnilega í gegn og hlaut TES/NASEN-verðlaunin sem eru veitt framúrskarandi bókum um börn með sérþarfir. 223 bls.

FORLAGIÐ

Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2129-6 ób



### Funny Tales

from  
Daily Life in the  
Westfjords of Iceland

Compiled by Gísli Hjartarson

### Funny Tales

*From daily life in the  
Westfjords of Iceland*  
Gísli Hjartarson

Upplagt að senda vinum og vandamönnum erlendis! 112 bls.

Vestfirski forlagið

ISBN 978-9935-430-00-7

Leiðb.verð: 2.400 kr. Kilja

# Táknin í málinu

## EIGULEG BÓK FYRIR ALMENNING

*Tákn í ritmáli og myndmáli eru mörg og margslungin. Hér er gerð grein fyrir merkingu, sögu og ólíkum birtingarmyndum mörg hundruð tákna.*



Fjöldi  
skýringar-  
mynda

EFTIR SÖLVA SVEINSSON





### Grettir sterki

Örnólfur Thorsson

Myndir: Halldór Pétursson

Í þessari fallegu bók eru 16 brot úr Grettis sögu Ásmundarsonar og jafnmargar teikningar Halldórs Péturssonar. Myndirnar sýna atburði úr lífi Grettis og hafa ekki áður birst á bók. Í ítarlegum inngangi veltir Örnólfur Thorsson fyrir sér byggingu sögunnar og stöðu hennar meðal Íslendingasagna. Þessi greinargóði formáli ásamt hinum glæsilegu myndum gera bókina einkar áhugaverða fyrir þá sem ekki þekkja efnið fyrirfram en vilja kynnst spennandi heimi íslenskra forn-bókmennta. Texti bókarrinnar er á 3 tungumálum: íslensku, ensku og þýsku. Tilvalin gjöf til vina erlendis.

73 bls.

**Ormstunga**

ISBN 978-9979-63-053-1

Leiðb.verð: 2.390 kr.



**Guðvelkomnir góðir vinir! Útskorin íslensk horn**

Lilja Árnadóttir

**Ritstj.: Bryndis Sverrisdóttir**  
Sýningarrit gefið út í tengslum við samnefnda sýningu í Bogasal 12.2. – 31.12. 2011.

Í bókinni er grein um hornin á sýningunni eftir Lilju Árnadóttur fagstjóra munadeildar, sem jafnframt var höfundur sýningarinnar.

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður ritar formála.

Texti á íslensku og ensku. 64 bls.

**Þjóðminjasafn Íslands**

ISBN 9789979790303

Leiðb.verð: 1.900 kr. Kilja



### Hamingjulönd

*Landafræði lukkunar*

Eric Weiner

Þýð.: Jóhann Axel Andersen

Hvað gerir þjóð hamingjusama? Eru hugmyndir þjóða um hamingjuna ekki hinar sömu? Eftir að hafa ferðast um ólánsömostu lönd jarðar ákvað fyrrum fréttaritari að heimsækja hamingjuríkustu löndin og kanna hvað gerði þau svona lukkuleg. Hann finnur sambandið milli peninga og hamingju og kemst að því að of mikil hugsun getur verið varasöm. Í Himalajafjöllum uppgötvar hann verga þjóðarhamingju. Hann stundar hugleiðslu í Bangalore, heimsækir nektardansstaði í Bangkok, borðar

hákarl og drekkur sig næstum rænulausan í Reykjavík. 329 bls.

**Ormstunga**

ISBN 978-9979-63-105-7

Leiðb.verð: 3.790 kr. Kilja



### Handbók um íslensku

Ritstj.: Jóhannes B.

Sigtryggsson

Ítarlegt uppsláttar- og yfirlitsrit um íslenskt mál fyrir alla sem fást við skriftir í störfum sínum, námi eða tómstundum. Hér eru hagnýtar ábendingar um málnotkun, stafsetningu og ritun og fróðlegir yfirlitskaflar um ýmis svið tungumálsins, svo sem nýyrði, orðmyndun og örnefni. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum stendur að gerð bókarrinnar og efnið byggist m.a. á ráðgjafarstarfi stofnunarinnar. Nauðsynleg handbók á hvert heimili.

401 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-172-2



### Have fun in Iceland L'Islande en s'amusant Viel Spass in Island

**Gyða Dröfn Tryggvadóttir**

Andrés Önd og félagar fara í ferðalag um Ísland og kynnst mörgum af fallegustu náttúruperlum landsins. Bókina prýða ljósmyndir og teikningar auk áhugaverðra staðreynda um land og þjóð. Bókin er fánleg á ensku, frönsku og þýsku.

46 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-13-041-9

/-043-3/-042-6

Leiðb.verð: 3.390 kr. hver bók



### Hef ég verið hér áður?

*Skáldskapur Steinunnar*

*Sigurðardóttur*

Guðni Elisson og Alda Björk

Valdimarsdóttir

Í þessu greinasafni er fjallað um skáldsögur og ljóðabækur Steinunnar Sigurðardóttur og dregin fram helstu minni og viðfangsefni í verkum skáldkonunnar. Sérstaklega er athygli beint að togstreitunni í sambandi kynjanna, s.s. eyðandi ástarsamböndum, áherslu Steinunnar á viðkvæm





# Nýtt líf á Íslandi

**RÍKISFANG: EKKERT** eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur fjallar um flóttakonurnar sem fluttu á Akranes haustið 2008 og ástæður þess að þær lentu á flóttu.



MÁL OG MENNING  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)




„Sagan sem Sigríður rekur af nákvæmni, andagift, réttlætis-kennnd og smekkvísi er okkur sem tölum þetta tungumál og tilheyrum okkar samfélagi mikilvæg.“

PBB / FRÉTTATÍMINN



„Það er hinn sterki þráður vináttu, væntumþykju, hlýju og skilnings sem Sigríður hefur náð að mynda á milli sín og Línu og Aydu sem gerir þessa bók svo sterka og eftirminnilega.“

AB / MORGUNBLAÐIÐ





en um leið ógnvænleg tengsl manns og náttúru, sérstakt tímaskyn og leit að merkingu í tilveru sem er mörkuð dauða. Öll þessi minni spretta úr kvenlegum reynsluheimi sem oft og tíðum gefur skáldver-  
kum Steinunnar aukna íróníska vídd.

170 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-928-4

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



### Heilræði Gillz


**Egill Gillz Einarsson**

Hér nýtur hispurslaus og litríkur frásagnarmáti Egils sín vel enda eru markmiðin skýr og tilgangurinn með skrifunum fyrst og síðast göfugur: Að ungir menn sjái villur síns vegar, bæti ráð sitt og stefni að því að vera afbragð annarra manna. Útkoman er hafsjór heilræða, ungum mönnum á öllum aldri til heilla

120 bls.

**Bókafélagið**

ISBN 978-9935-426-17-8



### Heilinn þinn er kraftaverk

**Jean Carper**

Þýð.: Guðjón Baldvinsson

Sagt frá áhrifamiklum vísindarannsóknum sem sýna hvernig nota má mataræði og fæðubótarefni til þess að:

- Gera sem mest úr orku heilans
- Efla minnið
- Bæta hugarástandið
- Proska greind og sköpunargáfu
- Hægja á og snúa við huglægri öldrun

Gefur mjög góða sýn á stórkostlega möguleika heilans til breytinga og endurnýjunar með hjálp næringar-efnavísinda.

„Stórkostleg bók sem getur aukið von og vellíðan hjá fjölda fólks.“

370 bls.

**Umgerð ehf. /**

**Heima er bezt tímarit**

ISBN 978-9979-72-040-9 Kilja

Sagt er frá dulrænum hæfileikum Bjargar og rammri skyggni hennar í skemmtiferð um sex Evrópulönd 1976.

Þá er sagt frá sýn við útför hennar og birt viðtal við hana fimm mánuðum síðar, þar sem hún lýsti andláti sínu og fyrstu lífsreynslu í hinum nýju heimkynnum.

Bókin kom fyrst út 1983 í stóru upplagi, sem er löngu þrotið og kemur nú út í 2. útgáfu, aukin og með ljósmyndum.

237 bls.

**Arnesútgáfan**

ISBN 978-9979-70-997-8



### Hjálmar R. Bárðarson í svarthvítu

**Inga Lára Baldvinsdóttir**

**Ritstj.: Bryndís Sverrisdóttir**

Sýningarrit sem gefið var út í tengslum við samnefnda sýningu í Myndasal 29.10.2011–8.4.2012.

Ritið hefur að geyma sýnishorn af myndunum á sýningunni auk greinar um áhugahljósmýndarann Hjálmar R. Bárðarson eftir Ingu Láru Baldvinsdóttur fagstjóra Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður ritar formála.

72 bls.

**Þjóðminjasafn Íslands**

ISBN 9789979790334 Kilja



### Hinn launhelgi glæpur

**Kynferðisbrot gegn börnum**

**Ritstj.: Svala Ísfeld Ólafsdóttir**

Bók þessi er framlag til umræðu um kynferðisbrot gegn börnum og skerfur til frekari skilnings á orsökum þeirra og afleiðingum. Í bókinni er á þriðja tug greina, flestar ritrýndar, þar sem fjallað er um viðfangsefnið á forsendum ólíkra fræðigreina, svo sem lögfræði, læknisfræði, hjúkrunarfræði, félagsfræði, sálarfræði, uppeldisfræði, afbrotafræði og félagsráðgjafar. Bókin er gagnleg handbók fyrir alla sem starfa að mál-efnum barna og láta sig vel-ferð þeirra varða.

561 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54911-6

Leiðb.verð: 5.900 kr. Kilja



### Heimur framliðinna

**Sextíu ára miðilsþjónusta**

**Bjargar S. Ólafsdóttur**


**Guðmundur Kristinnsson**

Bókin er byggð á viðtölum á miðilsfundum með Björgu við tvo þjóðkunnna presta og Einar Loftsson. Þeir lýsa andláti sínu og fyrstu lífsreynslu í heimi framliðinna. Og Einar lýsir ítarlega ferðum sínum þar og skemmtisiglingu.




# HEILLANDI HEIMUR ÞJÓÐSAGNANNA

Í þessu safni tröllasagna úr íslenskum þjóðsögum eru saman komnar allar þekktar sögur af íslenskum tröllum. Auk þess eru sögur og kvæði um Grylu og hennar hyski, Leppalúða og jólasveinana. Bækurnar fást hvor í sínu lagi eða saman í öskju.



Sögnum er raðað eftir landshlutum og kort sýna hvaðan þær eiga uppruna sinn.



Í þessu verki vakna tröllin á nýjan leik!

## NÝ BÓK EFTIR ÞÓRÐ Í SKÓGUM



Nýjasta bók Þórðar Tómassonar, gefin út í tilefni 90 ára afmælis hans. Mannlíf í Vestur-Skaftafellssýslu á liðnum öldum.

Glæsileg tilprif fræðimannsins í Skógum.

## VESTFIRSK SAGNFRÆÐI

Fyrsta bindið af þremur um sögu verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum. Hér er sagt frá fyrstu verkalýðsfélögum og baráttu atvinnurekenda og verkafólks. Lýst er miklum breytingatímum og nýjum viðhorfum sem ruddu sér braut í vestfirskt samfélag.



Frábært verk eftir Sigurð Pétursson sagnfræðing á Ísafirði.

**SKRUDDA**  
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík  
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is  
www.skrudda.is



### Hjúkrun og fjölskyldur

Leiðbeiningar um mat á fjölskyldum og meðferð

Lorraine M. Wright og  
Maureen Leahey

Ein fyrsta bókin sem gefin er út hérlendis um fjölskylduhjúkrun. Hún er samin fyrir alla þá sem sinna fjölskyldum. Kynnt eru til sögunnar fjölskyldumats- og meðferðarlíkön sem gera kleift að meta og bjóða fjölskyldum meðferðir sem hafa áhrif á virkni þeirra. Kynnt eru klínísk dæmi úr starfi með fjölskyldum og mismunandi meðferðir settar fram til íhugunar. 450 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-916-1

Leiðb.verð: 5.900 kr. Kilja



### Hlutverkaleikur

Skólastarf utan veggja

Samant.: Ólafur Guðmundsson og Elísabet Svavarsdóttir

Hvað er hlutverkaleikur,

hvernig tengist hugtakið kennslu- og uppeldisfræði og hvernig má nýta hlutverka-leik sem kennsluáðferð? 96 bls.

#### Vestfirska forlagið

ISBN 978-9935-430-14-4

Leiðb.verð: 2.400 kr. Kilja



### Hollráð Hugos – Hlustum á börnin okkar

Hugo Þórisson sálfræðingur hefur unnið að bættum samskiptum barna og foreldra í áraradír. Í bókinni eru dæmisögur og kaflar um margs konar efni. Þetta er þörf og uppbyggileg lesning sem kemur öllum uppalendum að góðu gagni. 173 bls.

#### Salka

ISBN 978-9935-17-009-5 Kilja



### Hollráð Hugos

Hlustum á börnin okkar

Hugo Þórisson

„Komdu, ég þarf að hlusta

á þig.“ Þetta áhrifaríka en einfalda hollráð er lýsandi fyrir bókina í heild sinni. Sálfræðingurinn Hugo Þórisson hefur unnið að bættum samskiptum barna og foreldra í yfir 30 ár. Þessi þarfa og áhugaverða bók er hér í lestri höfundar. Bókin er á 3 CD.



#### Hljóðbók.is

ISBN 978-9935-417-63-3



### Hugur 22/2010

Ritstj.: Eyja M. Brynjarsdóttir

Þema hér er fagurfræði. Efnistöð í fagurfræði geta verið æði misjöfn og hugmyndin er að gefa mynd af fjölbreytninni. Sex greinar í heftinu falla undir fagurfræðipemað, eftir þau Guðbjörgu R. Jóhannesdóttur, Vilhjálm Árnason, Ólaf Pál Jónsson, Erlend Jónsson og Sigríði Þorgeirsdóttur. Auk þeirra birtast sex aðrar greinar, eftir Guðmund Heiðar Frímansson, Róbert H. Haraldsson, Þóru Björgu Sigurðardóttur, Stefán Snævarr, Hlyn Orra Stefánsson og Atla Harðarson.


Rætt er við Brynhildi Sigurðardóttur og Hrein Páls-son um barnaheimspekí og tvennir ritdómar birtir um bækur sem komu út á síðasta ári.

218 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54816-4

Leiðb.verð: 3.990 kr. Kilja



### Hulin pláss

Ritstj.: Guðrún Ása  
Grímsdóttir

Bókarhöfundur, Einar G. Pétursson, hefur starfað í 35 ár við rannsóknir og útgáfu í íslenskum fræðum á Stofnun Árna Magnússonar og í bókinni er úrval ritgerða sem birta árangur rannsókna hans. Þær skiptast í tvo flokka: íslensk fræði og breiðfyrsk. Í þeim fyrri er m.a. fjallað um Landnámu, álfasögu, íslenska bókfræði á 16. og 17. öld og ritmennt Íslendinga í Vesturheimi. Í síðari hluta er fjallað um þætti úr sögu bernskuslóða Einars við Breiðafjörð og er honum einkum hugleikið að rekja eignarhald kirkna á eyjum og fjaldölum – þar leynast mörg hulin pláss.

366 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-654-16-2

Leiðb.verð: 5.200 kr. Kilja





# KIRKJUR ÍSLANDS

glæsilegar, hentugar handbækur



**KIRKJUR ÍSLANDS** er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi þar sem horft er á þær frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu.

Í máli og myndum er fjallað um kirkjurnar sjálfar ásamt kirkjugripum og minningarmörkum. Ritin í þessum glæsilega bókaflökki opnar sýn inn í menningarsögu okkar Íslendinga þar sem kirkjan er ekki aðeins musterí trúar og tilbeiðslu, heldur einnig sýnileg tákmynd þess besta í byggingar- og listasögu þjóðarinnar á hverjum tíma, sprottið af þörf mannsins fyrir tilbeiðslu til almættisins. Þetta eru glæsilegar listaverkabækur.

Í þessu bindi er sagt frá átta kirkjum í **Rangárvalla-prófastsdæmi**, sem nú er hluti af nýju Suður-prófastsdæmi: *Akureyjarkirkju, Árþeigarkirkju,*

*Breiðabólstaðarkirkju, Hagakirkju, Hlíðarendakirkju, Keldnakirkju, Krosskirkju og Marteinstungukirkju.*

Höfundar eru Svavar Sigmundsson, fyrrverandi forstöðumaður Örnefnastofnunar Íslands, listfræðingarnir Júlíana Gottskálksdóttir og Þóra Kristjánsdóttir og arkitektarnir Guðmundur L. Hafsteinsson og Hjörleifur Stefánsson.

*Ritstjórnar: Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason.*

*Ritnefnd: Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Herra Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands, Nikulás Úlfar Mátsson forstöðumaður Húsafríðunarnefndar og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, formaður.*

*Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa*

*Hið íslenska bókmenntafélag*



### Hún og hann – hamingjuríkt hjónaband

Nicky og Sila Lee

Höfundar hafa þróað vinsælt hjónanámskeið sem kennt er víða um heim. Bókin, sem stendur fyrir sínu óháð námskeiðinu, fjallar um lykiltríði hamingjuríks hjónabands: Grundvöllinn, tjáskipti, ást í verki, lausn ágreiningsefna, mátt fyrirgefningarinnar, tengsl við foreldra og tengdaforeldra og gott kynlíf.

343 bls.

**Salt ehf útgáfufélag**

ISBN 978-9979-9864-8-5

Leiðb.verð: 3.290 kr. Kilja



### Húsráðakver Kitschfríðar


Frú Kitschfríður Kvaran og Sigríður Ásta Árnadóttir

Kitschfríður hefur um árabil skrifað vinsæla pistla í tímaritið Vikuna. Hér hefur hún tekið saman allra handa ráð, sem gagnast jafnt reyndum húsmæðrum sem óreyndum. Bókin er krydduð ráðleggingum um ýmislegt sem frúin hefur tileinkað sér.

188 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-017-0



### Hvað er kristin trú?

*Unnfjöllun um kristna trú í sögu og samtíð*

Halvor Moxnes

Þýð.: Hreinn S. Hákonarson

Hvaða gildi eru kristin gildi? Fjallað er um sögu kristinnar trúar, siðfræði hennar og mannskilning, og rædd umdeild mál sem snúast um kynferði, kynlíf og stjórnmál. Þetta er ekki hefðbundin útlekking á texta Biblíunnar, kirkjusögu eða trúfræði, heldur miklu fremur bók sem skorar á kristna trú sem og önnur trúarbrögð að horfast í augu við sögu sína og samtíð. Hvernig á kristin trú að bregðast við öðrum trúarbrögðum og annarri menningu? Þessi bók gefur mörg áhugaverð svör og sum hver kunna að ýta hressilega við lesandanum.

172 bls.

**Skálholtsútgáfan**

ISBN 978-9979-792-94-9

Leiðb.verð: 2.980 kr.



### Hvað kosta ég?

*Fjármál fyrir ungt fólk*

Daði Rafnsson

Lengi býr að fyrstu gerð þegar kemur að því að umgangast peninga og á ungu fólk brenna óteljandi spurningar. Af hverju er gull svona verðmætt? Hvað kosta ég á einni viku? hvað er verðbólga? Fjármál koma okkur öllum við og þessi bók er ætluð þeim sem vilja kynna þeim á einfaldan og fræðandi hátt. Skoðið einnig vefsíðuna [www.fjarmalaskolinn.is](http://www.fjarmalaskolinn.is)

77 bls.

**Skólavefurinn ehf.**

ISBN 978-9935-15-003-5

Leiðb.verð: 1.990 kr. Kilja




## Dúkkulísu- og límmiðabækur

[www.bokafelagid.is](http://www.bokafelagid.is)



BÓKAFÉLAGID





### Hvers vegna fitnum við og hvað getum við gert í því?

Gary Taubes

Þýð.: Jónas Sigurgeirsson  
Hér eru hraktar ýmsar goðsagnir og eldri kenningar um það hvers vegna við fitnum. Höfundur reynir, með aðstoð vísindalegra gagna, að skýra offitufaradurinn og hvernig fólk á að bregðast við, ef að fita fer að setjast utan á það. 224 bls.

**Bókafélagið**  
ISBN 978-9935-426-14-7



### Hvolpahandbókin

Sif Traustadóttir  
*Hvolpahandbókin* er handhægt uppflettirit fyrir alla hvolpaeigendur, sem og eigendur eldri hunda. Í bókinni er farið yfir flest það sem þarf að vita um hvolpinn, allt frá því hvernig skal velja hent-

ugan félaga þar til kemur að því að þjálfá hann. Höfundur bókarinnar er dýralæknir með framhaldsmenntun í dýraatferlisfræði. 130 bls.

**Gæludýrafræðslan ehf**  
ISBN 978-9979-70-974-9  
Leiðb.verð: 3.999 kr. Kilja




### ICELAND 360°

*The Top Ten Places / Tíu Fallegir Staðir*  
Vilhelm Gunnarsson og Jónas Guðmundsson

Þýð.: Júlíana Björnsdóttir  
Hér er lesendum boðið í ferð um tíu staði sem standa hjarta ljósmyndarans nærri. Hann sýnir feegurð hins stóra jafnt sem smáa og er fundvís á óvænt sjónarhorn. Textinn er bæði á íslensku og ensku. 160 bls.

**Salka**  
ISBN 978-9935-418-76-0



### Iceland and Images of the North

Ritstj.: Sumarliði R. Ísleifsson

Órar samfélagsbreytingar í samtímanum hafa gert menningarlega sjálfmynd og ímyndir að brýnu viðfangsefni félags- og hugvísinda. Í Iceland and Images of the North birtast niðurstöður rannsókna hóps fræðimanna á ímyndum Íslands og norðursins í sögu og samtíð. Á grundvelli þverfaglegar nálgunar er leitast við að skilgreina hverjar þessar ímyndir eru, hvernig þær birtast og hvernig þær verka í samfélaginu. Greinarnar, tuttugu og ein, sýna vel hversu málafni sem snerta ímyndir Íslands eru fjölpætt og margbreytileg. 611 bls.

**ReykjavíkúAkademían**  
ISBN 978-9979-9922-2-6  
Leiðb.verð: 5.960 kr. Kilja



### Icesave-samningarnir

Sigurður Már Jónsson  
Icesave-málið er fordæma-laust í íslenski sögu. Sigurður Már Jónsson, fyrrum ritstjóri Viðskiptablaðsins, skyggnist á bak við tjöldin og lýsir vinnubrögðum og niðurstöðum samninganefnda Svavars Gestssonarar og Lees Buchheit. Deilurnar um samningana eru raktar sem og afskipti forseta Íslands af málinu. Þá er farið yfir ýmis stóryrði sem féllu á Alþingi

og í fjölmiðlum um Icesave, klofninginn vegna málsins í röðum Vinstri grænna og gjörólíka afstöðu margra kunnustu fræðimanna landsins. Veruleikinn er lygilegri en nokkur skáldskapur! Þessi bók á eftir að vekja mikla athygli.

**Almenna bókafélagið**  
**BF-útgáfa**  
ISBN 978-9935-426-20-8



### Iðja, heilsa og velferð

*Iðjubjálfun í íslensku samfélagi*  
Ritstj.: Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson  
Hér má lesa hvernig iðjubjálfar hugsa, hvað þeir gera og hvað mótar störf þeirra og faglegar áherslur. Þetta er fyrsta fræðilega ritið um iðjubjálfun á íslensku og sem lýsir því hvernig alþjóðlegir straumar í faginu, þekking og fræði endurspeglast í íslenskum veruleika. 226 bls.

**Háskólaútgáfan**  
ISBN 978-9979-834-92-2  
Leiðb.verð: 4.300 kr. Kilja







### Innra augað

Samband vitundar og skynjunar í vestrænni hugmyndasögu

Árni Kristjánsson

Hér fjallar höfundur, sem er sálfræðingur og taugavísindamaður, um hlutverk hugans í sjónskynjun og hvernig kenningar þar um hafa þróast í hugmyndasögunni. Fjöldmörg dæmi eru nefnd til vitnis um það hvernig hugurinn ræður því hvernig við skynjum heiminn. 245 bls.

Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-924-6

Leiðb.verð: 5.900 kr. Kilja



### Í Dali vestur

Árbók Ferðafélags Íslands 2011

Árni Björnsson

Árbók Ferðafélags Íslands fjallar að þessu sinni um Dalabyggð norðan Laxárdalsheiðar og fjallar einkum um svæðið milli Hvammsfjarðar og Gilsfjarðar en hluti Stranda, frá Hrutafjarðarbotni og norður í Bitru, kemur einnig við sögu.

Höfundur bókarinnar er Árni Björnsson, þjóðháttufræðingur. Árni hefur áður skrifað texta í árbækur Ferðafélagsins jafnframt því að hafa verið fararstjóri, fyrirlesari og veitt félaginu margvíslega aðstoð í gegnum árin.

Bókin er vönduð landlýsing svæðis sem Árni þekkir vel. Sögu svæðisins eru gerð góð skil en sögurik er það svo sannarlega. Þá eru í bók-

inni upplýsingar um fjölda skemmtilegra gönguleiða. Bókin veitir því lesandanum góða leiðsögn.

Bókin er prýdd fjölda ljósmynda sem flestar voru teknar sérstaklega fyrir bókina af Daníel Bergmann. Daníel annaðist einnig umbrot á bókinni auk vinnslu ljósmynda. Bókin hefur einnig að geyma vönduð kort sem teiknuð voru af Guðmundi Ó. Ingvarssyni.

Handritalestur var í höndum Eiríks Þormóðssonar, Guðrúnar Kvaran og Helga Magnússonar sem einnig vann við skrár. Jón Viðar Sigurðsson ritstýrði verkinu. 239 bls.

Ferðafélag Íslands

ISBN 978-9935-414-04-5

Leiðb.verð: 7.900 kr.



### Ísland og ESB

Tómas Ingi Olrich

Í þessari bók freistar Tómas Ingi Olrich þess að koma umræðum um samband Íslands og Evrópusambandsins á breiðari grunn en tíðkast hefur. Hann reynir jafnframt að tengja núverandi hræringar innan ESB við upphafleg markmið með stofnun sambandsins og helstu áfanga í þróun þess. 96 bls.

Bókafélagið Ugla

ISBN 978-9979-651-93-2 Kilja



### Íslensk knattspyrna 2011

Víðir Sigurðsson

Allt um íslenska knattspyrnu 2011. Bókin er 256 blaðsíður og er stærri og ítarlegri en nokkur sinni áður. Ómissandi í safnið. 256 bls.

Tindur

ISBN 978-9979-653-74-5

Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Íslensk-spænsk orðabók

Ritstj.: Guðrún H. Tulinius, Margrét Jónsdóttir, Sigrún Á. Eiríksdóttir, Teodoro Manrique Antón og Viola Miglio  
Íslensk-spænsk orðabók er vönduð og yfirgrípsmikil. Í henni eru um 27.000 uppflettiorð og ríflega 13.000 orðasambönd og dæmi, auk greinargóðra upplýsinga um málfraði og málnotkun.

Sneisafull af fróðleik

www.bokafelagid.is



Almenna bókafélagið

# Vegvísir að betra lífi

„Komdu, ég þarf  
að hlusta á þig“

## Hollráð Hugos – hlustum á börnin okkar

Þessi áhrifaríka en einfalda setning er lýsandi fyrir  
boðskap Hugos Þórissonar sálfræðings.  
Hugo er mörgum að góðu kunnur en hann hefur starfað  
að bættum samskiptum barna og foreldra í yfir 30 ár.



Allt sem þú veitir  
athygli vex og dafnar

## Máttur viljans


Hér er bent á hvernig stíga má einföld skref inn í  
velsæld og frelsi. Fjallað er um heildræna hug- og  
heilsurækt; um tengingu líkama og sálar, hvernig við  
getum öðlast öflugt sjálfstraust og lifað í kærleika.

Einnig í hljóðbók

## Ertu á krossgötum?

### Aðgát skal höfð í nærveru sálar

Uppbyggileg bók fyrir þá sem vilja vinna úr  
lífsreynslu sinni og tilfinningum.  
Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir byggir bók  
sína á samtölum við fólk á öllum aldri við  
ýmis tímamót á lífsleiðinni.



salka.is • Skipholti 50c • 105 Reykjavík

Kíktu á salka.is

Orðabókin hentar jafnt byrjendum sem lengra komnum í spænskunámi og þeim sem ferðast til spænskumælandi landa eða eiga þar viðskipti. Orðabókin er unnin í samstarfi Háskólans í Reykjavík og Forlagsins.

713 bls.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-554-6



### Íslenskar lækningajurtir

*Söfnun þeirra, notkun og áhrif*

Arnbjörg L. Jóhannsdóttir  
Í þessari handhægu bók er gerð grein fyrir lækningamætti íslenskra jurtu og úrvali erlendra lækningajurtu sem nálgast má hér á landi. Fjallað er um einkenni jurtanna og hvar þær er að finna, virk efni og áhrif þeirra

á mannlíkamann og gegn hvaða kvillum jurtalyf hafa reynst best. Bókin kom fyrst út fyrir um 20 árum og hefur verið endurútfegin nokkrum sinnum óbreytt enda verið feikilega vinsæl. Nú kemur bókin út í nýrri mynd, ríkulega myndskreytt, rækilega uppfærð og endurskoðuð með viðbót um kínverskar lækningar. Höfundur bókarinnar hefur starfað við graso- og nálastungulækningar hér á landi og erlendis um árabil. 302 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3211-4 ób



### Íslenskir kommúnistar

1918–1998

Hannes Hólmsteinn

Gissurson

Fróðleg og vel skrifuð bók þar sem rakin er saga íslenskra kommúnista í máli og myndum frá því að Brynjólfur Bjarnason tók þátt í götu-eirðum í Kaupmannahöfn haustið 1918 og fram til þess að þau Margrét Frimannsdóttir og Svavar Gestsson þáðu boðsferð til kommúnistaflokks Kúbu haustið 1998. Óslitinn þráður var frá fyrstu aðdáendum kommúnismans til hinna síðustu. Eftir stendur, að hreyfing íslenskra kommúnista náði hér meiri áhrifum en víðast annars staðar í lýðræðisríkjum, ekki aðeins í

stjórnmálum heldur einnig í verkalyðshreyfingu og menningarlífi. 624 bls.

**Almenna bókafélagið**

**BF-útgáfa**

ISBN 978-9935-426-19-2



### Íslenskur fuglavísir Icelandic Bird Guide Isländischer Vogelführer

Jóhann Óli Hilmarsson

Þýð.: Anna Yates, Edward B.

Rickson og Coletta Bürling

Ein vinsælasta bók sinnar tegundar kemur nú út að nýju, rækilega endurskoðuð og aukin. Hér er ítarlega fjallað um alla varpflugla og reglulega gesti á Íslandi, og getið fjölmargra árvissra flækingsflugla – alls liðlega 160 tegundir. Kjörin greiningarhandbók, jafnt fyrir þjálfaða fuglaskoðara sem fjölskylduna á ferð um landið. Glöggur og aðgengilegur texti lýsir útliti og hátterni fuglanna, fæðu og kjörlendi, og kort og töflur sýna útbreiðslu, lífsferil og tölfræði. Einnig fánleg á ensku og þýsku. „Bók sem á að vera til á hverju heimili með glugga móti himni ...“

PBB / Fréttatíminn

319 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3220-6

/-3221-3/-3219-0 ób



Tölvulesbók PDF

### Jarðhitabók.

**Eðli og nýting auðlindar**


Guðmundur Pálmason

Fræðslu- og menningarsögulegt rit um brautryðjendur í rannsóknum jarðhita á Íslandi og um uppruna og eðli jarðhita. Nú á PDF formi. Sjá hib.is

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-288-4

Leiðb.verð: 4.600 kr.



### John Dewey í hugsun og verki

*Menntun, reynsla og lýðræði*

Ritstj.: Jóhanna Einarsdóttir

og Ólafur Páll Jónsson

Safn frumsaminnna greina auk þýðinga á nokkrum greinum Deweys. Undirtitillinn er samsettur úr þremur lykilhugtökum í hugmyndafræði hans. Efnistökin eru ólík, sumir kaflarnir eru heimspekilegir, aðrir eru á sviði menntunarfræði og í enn öðrum er leitast við



BÓKAFÉLAGIÐ

www.bokafelagid.is




að setja hugmyndir Deweys í samhengi við skólastarf í íslenskum leik- og grunn-skólum við upphaf 21. aldar. 228 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-884-3

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



#### Jón forseti allur?

Táknmyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar

Páll Björnsson

Jón Sigurðsson varð að þjóðhetju með forystu sinni í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld. Allt frá andláti hans árið 1879 hafa landsmenn hagnýtt sér minningu hans með fjölbreyttum hætti: t.a.m. með sögusýningum, hátíðarhöldum, minnismerkjum, kveðskap, bókaútgáfu, minjagripum, myndverkum og pólitískum deilum. Bókin

dregur fram og skýrir á hvern hátt opinberir aðilar, félagsamtök, fjölmiðlar, stjórn-málamenn, fyrirtæki og almenningur hafa gert sér mat úr táknmynd Jóns. Nýstárleg bók um Jón forseta.

350 bls.

#### Sögufélag

ISBN 978-9979-9902-5-3



#### Jón Sigurðsson

Hugsjónir og stefnumál

Ritstj.: Jón Sigurðsson

Stjórnskipun Íslands, menntamál, verslunar- og efnahagsmál taldi Jón brýnust og það eru þau enn í dag. Ýmsir höfundar skrifa í anda Jóns. Sjá hib.is

220 bls.

#### Hið íslenska bókmenntafélag

ISBN 978-9979-66-285-3

Leiðb.verð: 3.990 kr. Kilja



#### Kaupmannahöfn í máli og myndum

Sigrún Gísladóttir

Ertu á leið til Kaupmannahafnar?

Þá er þetta kjörin bók til að taka með sér og nýta tímann sem gefst til þess að ganga um miðborgina, fræðast og upplifa á skemmtilegan og auðveldan hátt hina gömlu höfuðborg okkar Íslendinga.

Þessi eigulega og fallega bók er einkar upplýsandi, þrýdd miklum fjölda mynda, og létt aflestrar.

Bókin er kjörin tækifæringsgjöf til allra aldurs hópa, jafnt þeirra sem gjörþekkja borgina og hinna sem vilja kynast Kaupmannahöfn betur.

86 bls.

#### Sigrún Gísladóttir

Dreifing: Penninn Eymundsson

/ Sigrún Gísladóttir

ISBN 978-9979-70-904-6

Leiðb.verð: 3.490 kr.



#### Kirkjur Íslands 17. bindi

Ritstj.: Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason


Fríðaðar kirkjur í Rangárvalla-prófatsdæmi sem nú er hluti af nýju Suðurprofatsdæmi, eru 8 talsins. Kirkjunum er lýst í máli og myndum frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu, hverjir teiknuðu, smíðuðu og máluðu, birtar frumteikningar, myndir og uppmælingarteikningar. Legsteinum og kirkjumunum er lýst og gerð grein fyrir tilurð. Kirkjan er táknmynd þess besta í byggingar- og listasögu þjóðarinnar, þetta eru glæsilegar listaverkabækur. Útgefendur eru Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa og prófatsdæmið. Meðútgefandi er Bókmenntafélagið, sem einnig annast dreifinguna. Ritnefnd skipa

# Loksins komnar á íslensku

www.bokafelagid.is



BÓKAFÉLAGID



Margrét Hallgrímsdóttir, Karl Sigurbjörnsson og Þorsteinn Gunnarsson. Fyrri rit bókaflokksins eru um kirkjurnar í *Árnesprófastsdæmi*, *Skagafjarðar*, *Húnavatns*, *Eygafjarðar*, *Kjalarness*, *Borgarfjarðar* og *Snæfellsness* og *Dalaprófastsdæmi*. Sjá hib.is 352 bls.

#### Hið íslenska bókmenntafélag

ISBN 978-9979-66-289-1

Leiðb.verð: 3.990 kr.



VÆNTANLEGT mars 2012

### Kirkjur Íslands 18. og 19. bindi

Ritstj.: Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason

Fríðaðar kirkjur í *Reykjavíkurbprófastsdæmum* eru 7 talsins. Kirkjunum er lýst í máli og myndum frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu, hverjir teiknuðu, smíðuðu og máluðu, birtar frumteikningar, myndir og uppstillingarteikningar. Kirkjumunum er lýst og gerð grein fyrir tilurð. Kirkjan er táknmynd þess besta í byggingar- og listasögu þjóðarinnar, þetta eru glæsilegar listaverkabækur. Útgefendur eru Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa og prófastsdæmið. Meðútgefandi er Bókmenntafélagið, sem einnig annast dreifingu. Ritnefnd skipa Margrét Hallgrímsdóttir, Karl Sigurbjörnsson og Þorsteinn Gunnarsson. Fyrri rit bókaflokksins eru um kirkjurnar í *Árnesprófastsdæmi*, *Skagafjarðar*, *Húnavatns*, *Eygafjarðar*, *Kjalarness*, *Borgarfjarðar*, *Snæfellsness* og *Dala*- og *Rangárvallaprófastsdæmi*. Sjá hib.is

610 bls.

#### Hið íslenska bókmenntafélag

ISBN 978-9979-66-292-1

Leiðb.verð: 5.490 kr.



### Konur eiga orðið allan ársins hring

*Dagatalsbók 2011*

Ritstj.: Kristín Birgisdóttir

Myndskr.: Myrra Leifsdóttir

Fimmta árið í röð eiga konur á Íslandi orðið í dagatalsbók SÖLKU. Hnyttnar tilvitnanir frá orðheppnum konum og skreytingar Myrru gera bókina ómissandi fyrir allar dómur.

224 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-010-1 Kilja



### Kredda í kreppu

*Friðlýshygjan og móteitrið við henni*

Stefán Snævarr

Hugmyndin að bókinni varð til á andvökunóttum í október 2008. Hún var skrifuð með hjartablóði höfundar til að vara lesendur við hugmyndafræði sem átti ólittinn þátt í hruni Íslands og kreppu heimsins. Höfundur gerir gagnrýna úttekt bæði á frjálshyggu og vinstrisósíalisma og kynnir miðjuna hörðu og hentistefnuna mjúku sem móteitur gegn formúlutru og ofstæki.

380 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3225-1 Ób

1258 bls.

#### Ormstunga

ISBN 978-9979-63-106-4

Leiðb.verð: 23.500 kr.



### Landshagir 2011

Hagstofa Íslands

Hversu vel þekkir þú íslenskt samfélag? Árbók Hagstofu Íslands, *Landshagir*, kemur nú út í 21. sinn með nýju talnaefni um flesta þætti íslensks samfélags. Bókin skiptist í 23 kafla og í henni eru yfir 300 töflur, 50 gröf og fjöldi skýringarmynda og ljósmynda. Bókin er bæði á íslensku og ensku og hentar vel til gjafa innanlands sem utan.

464 bls.

Hagstofa Íslands

ISBN 978-9979-770-47-3

Leiðb.verð: 4.900 kr.

### Landfræðissaga Íslands I-V

*Fimm bindi í gjafaöskju*

Þorvaldur Thoroddsen o.fl.

Upprunalegt verk Þorvalds í 4 bindum, myndskreytt, ásamt lykiltækni með viðaukum og skráum í veglegri gjafaöskju.

Þetta undirstöðurit um könnunarsögu og náttúru landsins og aðra þætti menningarsögu þjóðarinnar hefur að geyma frásagnir af hugmyndum manna um Ísland og íbúana og af rannsóknum á landinu frá upphafi vega fram á daga höfundar. Höfundar ítarefnis: Eypór Einarsson, Freysteinn Sigurðsson, Guðrún Ólafsdóttir, Gunnar Jónsson, Karl Skírnisson, Leifur A. Simonarson og Páll Ímsland.



### Léttara og betra líf

Átta vikna heilsuáætlun Lene Hansson

Lene Hansson

**Þýð.: Nanna Rögnvaldardóttir**  
Danski heilsuráðgjafinn og sjónvarpskonan Lene Hansson hefur skrifað fjölda vinsælla bóka um næringu, heilsu og hollt lífni. *Léttara og betra líf* er leiðarvísir; farið er í gegnum átta vikna áætlun þar sem hollmeti og hreyfing vísa veginn til breyttra og bættra lífshátta, því hér er ekki fjallað um skyndilausnir, heldur heilbrigðan lífsstíl til frambúðar þar sem sérstaklega er hugað að rétttri samsetningu matarins. Fjöldi girnilegra og hollra uppskrifta er í bókinni.

304 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2132-6 ób



### Líf í öðru veldi

John Bevere

Ný bók eftir höfund bókarrinnar *Tálbeita Satans*. Hér fjallar höfundur um líf æðra en meðalmennsku. Guð býður eftirsóknarvert líf sem hann ætlar öllum að þiggja. 260 bls.

**Salt ehf útgáfufélag**

ISBN 978-9979-9864-9-2

Leiðb.verð: 2.990 kr.



### Ljósmyndari Mývetninga

*Mannlífsljósmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar*

Ritstj.: Inga Lára Baldvinsdóttir

Í tengslum við samnefnda sýningu í Myndasal 29.1. – 2.5. 2011 gaf Þjóðminjasafn Íslands út vandaða bók um Bárð Sigurðsson (1872–1937) með fjölda ljósmynda eftir hann.

Að auki hefur bókinn að geyma þrjár stuttar greinar um Bárð og ljósmyndun hans

# ÓVENJULEG OG HEILLANDI BÓK

MAGNAÐAR LJÓSMYNDIR OG LJÓÐMYNDA STERKA OG HRÍFANDI HEILD



Fyrir ljóðelska unnendur ljósmyndunar og sögu er þessi bók fagnaðarefni. Túlkun höfunda á feegurð íslenskra eyðibýla er einstæð. Allur texti bókarrinnar er bæði á íslensku og ensku – hún er því tilvalin gjöf til vina og samstarfsmanna erlendis.

## HÚS ERU ALDREI EIN BLACK SKY

NÖKKVI ELÍASSON AÐALSTEINN ÁSBERG SIGURÐSSON

Ljósmyndir Nökkva Elíassonar og ljóð Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar mynda sterka og hrífandi heild í þessari glæsilegu bók.

Viðfangsefnið – eyðibýli víðs vegar um Ísland – býr yfir miskunnarlausri feegurð hnignunar sem þeir fanga í myndir og orð með einstökum hætti. Bergmál horfinna tíma og þess lífs sem var á tvímælalaustr erindi við nýja öld. Tregablandin ljóðin kallast á við áhrifamiklar myndir sem vakið hafa verðskuldaða athygli víða um heim, líkt og ljóðin sem þýdd hafa verið á fjölda tungumála.





eftir Hörð Geirsson safnvörð við Minjasafnið á Akureyri, Ingu Láru Baldvinsdóttur fagstjóra við Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni og Sigrúnu Kristjánsdóttur forstöðumann Menningarstofnunar Þingeyinga. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður ritar formála.

#### Þjóðminjasafn Íslands

ISBN 9789979790297

Leiðb.verð: 1.900 kr. Kilja



#### Lykilorð 2012

Orð Guðs fyrir hvern dag

Lykilorð hafa komið út árlega á íslensku síðan 2006. Í bókinni eru tvö biblíuvers fyrir hvern dag auk sálmafers eða fleygs orðs, sem bæn eða til frekari ihugunar. Lykilorð er bók fyrir alla sem hafa áhuga


á því að lesa Biblíuna, jafnt þá sem eru henni mjög kunnugir sem og hina.

144 bls.

#### Lífsmótun

ISBN 1670-7141

Leiðb.verð: 1.250 kr. Kilja



#### Lýðræði, réttlæti og menntun

Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar

Ólafur Páll Jónsson

Hér er spurt tímabærra spurninga um hvað við eigum við með hugtökum lýðræði, réttlæti og menntun og hvaða hlutverki þau gegna fyrir skipulag skóla og það samfélag sem við byggjum.

Ólafur Páll gagnrýnir viðtekna hugmyndir en setur jafnframt fram sína eigin greiningu á ýmsum lykilhugtökum sem notuð eru í umfjöllun um menntun og skólastarf, t.d. skóli án aðgreiningar, mannréttindi, menntastefna og félagslegt réttlæti.

Eins er fjallað um mörg sigild viðfangsefni í heimspæki menntunar og spurt spurninga sem fræðimenn eru ekki vanir að spyrja, eins og Hvernig elskar maður barn? og Hvað fyllir tímann?

209 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-909-3

Leiðb.verð: 4.200 kr. Kilja



#### Mannvist

Sýnisbók íslenskra fornleifa

Birna Lárusdóttir

Í þessari bók er kynnt gnótt íslenskra fornleifa og fornleifarannsóknna. Fornleifar leynast víða, eru afar fjölbreyttar og geyma mikla sögu. Ekki er einblínt á helstu sögustaði og valdasetur, heldur kappkostað að huga að minjum um daglegt líf almennings.

Talið er að fornleifastaðir á Íslandi séu um 130 þúsund talsins. Margt er enn ókannað þó að rannsóknir hafa stóruaust síðustu árin. Þessi mikla og fallega bók opnar lesendum sýn í töfra fornleifanna og leiðir þá í spennandi ferðalag um landið gervallt. Bókin er búin fjöldamörgum ljósmyndum og er öll prentuð í lit.

380 bls.

#### Bókaútgáfan Opna

ISBN 978-9935-10-045-0



#### Málmsmíði

Poul-Arne Callesen, Allan


Petersen og Niels Poulsen

Þýð.: Jóna Dóra Óskarsdóttir  
Bókin er í senn yfirgrípsmikil og hnitmiðuð kennslubók sem spannar öll helstu undirstöðuatriði málmíðna. Í tíu köflum er fjallað ítarlega um mælingar, verkfæri, spónlausa vinnslu, spóntökuvinnslu, skurðaraðferðir, málm- og logsuðu, lóðun, samskeytingaraðferðir o.fl. Bókin er ætluð til kennslu í grunndeild málmíðna en ætti einnig að nýtast í námi í skyldum iðngreinum, starfstengdu námi og tækninámi á framhaldsskólastigi, sem og þeim sem hafa hug á störfum sem tengjast málmíðnum.

384 bls.

#### ÍÐNÚ bókaútgáfa

ISBN 978-9979-67-280-7 Kilja



#### Máttur viljans

Guðni Gunnarsson

Ritstj.: Davíð A. Stefánsson

Hér er bent á hvernig stíga má einföld skref inn í velsæld og frelsi. Fjallað er um heildræna hug- og heilsurækt; um tengingu líkama og sálar og hvernig við umbreytum orku á hverjum degi.

302 bls.

#### Salka


ISBN 978-9935-418-64-7 Kilja



BÓKAFÉLAGIÐ

www.bokafelagid.is

# ÓMISSANDI BÆKUR!



## AFHJÚPAR SPILT VALDAKERFI



„Þessari bók er ekki hægt annað en að mæla með.“

– BRYNJÓLFUR ÞÓR GUÐMUNDSSON, FRÉTTAMAÐUR

„Spennandi eins og góð glæpasaga. Afhjúpar spilt valdakerfi. Trúverðug rannsóknarvinna fyrsta flokks blaðamanns.“

– SVANUR KRISTJÁNSSON, STJÓRN MÁLAFRÆÐINGUR



„Þessi bók Eiríks Bergmanns um hina sjálfstæðu þjóð – trylltan skril og landráðalýð – er afar þarft framlag til þess að hjálpa okkur til þess að ná áttum.“

– JÓN BALDVIN HANNIBALSSON, FRÉTTATÍMANUM



„Aðgengileg bók um brýnt efni, kannski mikilvægasta efnið um okkur sjálf sem þjóð meðal þjóða.“

JÓHANN HAUKSSON, DV






### Meðganga og fæðing með hómopátíu

**Anna Birna Ragnarsdóttir og Guðný Ósk Diðriksdóttir**  
Áttu von á barni eða er einhver sem þér þykir vænt um sem á von á gullmola. Þessi sjálfshjálparbók er ómissandi fyrir allar þær konur sem vilja taka meiri ábyrgð á eigin heilsu á náttúrulegan, mildan og áhrifaríkan hátt. Það er val hvernig konu hvernig hún vill vinna með líðan sína á meðgöngunni. Kynnið ykkur kosti hómopátíu á vefsíðu h2, [www.htveir.is](http://www.htveir.is)  
69 bls.

#### Hugarflug ehf.

Dreifing: Htveir hómopátíu-  
bækur ehf  
ISBN 978-9935-9020-0-9 Kilja

**Hið íslenska bókmenntafélag**  
ISBN 978-9979-66-268-6  
Leiðb.verð: 3.990 kr. Kilja



### Milli mála (2010)

**Ritstj.: Erla Erlendsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir**

Í heftinu eru greinar eftir tólf fræðimenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og kennara við HÍ. Þýðingar eru þema þessa heftis og fjalla sex greinar um þær auk sex greina um annað efni.  
320 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-905-5  
Leiðb.verð: 4.500 kr. Kilja



### Mín þú leitar, Guð

*Valin orð úr ritum Sigurbjörns Einarssonar, biskups*

**Samant.: Bjarni Árnason**

Hér birtast valin orð til uppbyggingar, uppörvunar og endurnýjunar, úr fjórum bókum dr. Sigurbjörns Einarssonar.

Hér getur fólk sótt sér innblástur og styrk í amstri dagsins.

232 bls.

#### Skálholtsútgáfan

ISBN 978-9979-792-90-1  
Leiðb.verð: 3.580 kr.



### Íslensk fornrit 23. og 24. b. Morkinskinna I og II

**Umsj.: Ármann Jakobsson og Þórður Ingi Guðjónsson**

**Ritstj.: Jónas Kristjánsson**

*Morkinskinna* er mikið konungasagnarit frá fyrri hluta 13. aldar og greinir frá þeim konungum sem ríktu í Noregi eftir fall Ólafs helga á Stiklarstöðum árið 1030. Um er að ræða elsta rit þar sem saga margra konunga er rakin ítarlega. *Morkinskinna* gerist einkum við norsku hirðina, og má greina í frásögninni mikinn áhuga á hirðmenningu og hirðlífi, en ekki síst konungsvaldi. Enn fremur ber sagan vitni miklu dálæti á framandi löndum, og drjúgur hluti hennar gerist í Austur-Evrópu og löndunum umhverfis Miðjarðarhaf. Ein höfuðþrýði *Morkinskinnu* eru hinar mörgu frásagnir af samskiptum konunga við Íslendinga sem dveljast í Noregi, hinir svonefndu Íslendinga þættir. Sumir þáttanna eru



### Mikilhæfur höfðingi

**Jón Sigurðsson**  
Ólafur Stefánsson Stephen-  
sen 1731–1812 var merkis-  
beri í íslenskrri sögu. Sjá hib.25  
183 bls.




Stórskemmtileg  
bók fyrir alla  
krakka

[www.bokafelagid.is](http://www.bokafelagid.is)



BÓKAFÉLAGID





meðal meistaraverka íslenskra bókmennta. Í *Morkinskinnu* eru fleiri vísur en í nokkru öðru fornu íslensku sagnariti, og setja þær og hin íslensku skáld mikinn svip á verkið. *Morkinskinna* er hér í fyrsta sinn gerð aðgengileg íslenskum almenningi, með ítarlegum formála og skýringum. Skrár, kort og myndir prýða útgáfuna. Sjá hib.is 800 bls.

#### Hið íslenska fornritafélag

Dreifing:

Hið ísl. bókamenntafélag

ISBN 978-9979-893-97-4

Leiðb.verð: 8.790 kr.



#### Nauðgun

*Tilfinningaleg og félagsleg hremming*

Sigrún Júlíusdóttir

Í bókinni segja 24 konur frá reynslu sinni af nauðgun í persónulegu rannsóknarviðtali við höfund. Konurnar segja frá sjálfum sér, árássinni sem þær urðu fyrir og eftirköstunum. Þessi bók á erindi við nemendur í framhaldsskólum og háskólum, fagfólk á sviði félags- og heilbrigðisvísinda, lögreglu, réttarkerfis og síðast en ekki síst við allan almenning.

140 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-922-2

Leiðb.verð: 4.990 kr. Kilja



#### Náttúruleg feður


Arndís Sigurðardóttir

Í þessari gullfallegu bók er að finna fjöldan allan af umhverfisvænum og auðveldum uppskriftum að kremum, skrúbbum og möskum fyrir andlit og líkama, fóta- og handaböðum, og hárnæringu. Uppskriftirnar byggja allar á aðgengilegu og einföldu hráefni.

96 bls.

#### Bókafélagið

ISBN 978-9935-426-11-6



#### Nudd fyrir barnið þitt

Elsa Lára Arnardóttir

Myndir: Jóhannes Long

Náin snerting skapar traust milli foreldris og barns og rannsóknir sýna að markvisst ungbarnaudd eykur vellíðan barns og stuðlar að betri svefni. Í þessari aðgengilegu bók kennir Elsa Lára Arnardóttir nuddari einfaldar og árangursríkar aðferðir til að nudda bæði kornabörn og


þau sem eldri eru. Bókina þrýðir fjöldi ljósmynda sem gera hana einkar skýra og þægilega í notkun. Það geta allir lært að nudda!

86 bls.

FORLAGIÐ

#### Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2133-3



#### Núttímaheimilið í mótun

*Fagurbætur, funksjónalismi og norræn áhrif á íslenska hönnun 1900–1970*

Arndís S. Arnardóttir

Hér er fjallað um þær breytingar sem urðu á hóbýla-háttum Íslendinga þegar hin fjölþjóðlega nútímaheyring í byggingarlist og hönnun breiddist út á tímabilinu 1900–1970 og tengsl þeirra við norrænan listiðnað og hönnun. Efnid er skoðað frá sjónarhóli móðernismans og efnismenningar hvað varðar húsgagnaframleiðslu, neysluhætti og hlutverk sýninga. Tengsl Íslendinga við „Scandinavian design“-hreyfinguna á alþjóðavettvangi upp úr miðjum sjötta áratugnum eru skýrð. Að lokum er sýnt fram á breytingarnar í húsgagnaframleiðslunni með dæmum af sýningum og nokkrum verkstæðum í Reykjavík og á Akureyri þar sem hönnun, ný tækni og efnis koma á einhvern hátt við sögu í framleiðslunni.

328 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-912-3

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



#### Núttímans konur

*Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*

Erla Hulda Halldórsdóttir

Bókinni til grundvallar liggur umræða sem hófst í landsmálablöðunum árið 1870 um hvaða menntun hæfði konum og hinu svokallaða kvenlega eðli. Þótt umræðan hafi á yfirborðinu snúist um viðeigandi menntun kvenna þá snerist hún í raun um samfélagslegt hlutverk þeirra. Auk hinnar opinberu umræðu er byggt á upplifun kvenna eins og hún birtist í sendibréfum þar sem fram kemur togstreita milli ríkjandi hugmynda um hlutverk kvenna og löngunar þeirra til þess að stíga út fyrir 'sitt gólf'.

388 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-915-4

Leiðb.verð: 4.500 kr. Kilja





### Nöfn Íslendinga

Guðrún Kvaran

Í *Nöfnum Íslendinga* er fjallað um sex þúsund íslensk mannanöfn – nöfn sem Íslendingar hafa borið í aldanna rás og allt til nútímans. Bókin er er jöfnum höndum fræðirit og uppfléttirit sem kom áður út árið 1991 en hefur nú verið rækilega endurskodað auk þess sem um tvö þúsund nöfn hafa bæst við frá fyrri útgáfu. Getið er um uppruna nafnanna og merkingu, aldur þeirra og tíðni, m.a. hversu algeng þau eru sem fyrra og seinna nafn, svo og sitthvað annað til fróðleiks og skemmtunar. Einnig er sýnd beyging allra nafnanna og mismunandi ritháttur.

662 bls.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-546-1



### Opinberun Jóhannesar – skýringarrit með biblíutexta

Sigurbjörn Einarsson

Opinberunarbókin er torveld aflestrar og engin bók í Biblíunni torskildari. Í annarlegu tákn máli hennar, myndum og líkingum er fólgin mikil list og djúpsær boðskapur.

Í inngangi er ýmis fróðleikur um gerð og tilurð hennar, gerð grein fyrir skýringaraðferðum og gildi bókarinnar fyrir nútímann. Sigurbjörn túlkar svo Opinberunarbókina vers fyrir vers og brýtur tákn máli hennar til mergjar. Hún á erindi við alla tíma og jafnvel enga fremur en nútímann.

254 bls.

**Skálholtsútgáfan**

ISBN 978-9979-792-93-2

Leiðb.verð: 3.580 kr.

ana um mennina, jörðina og móður náttúru.

144 bls.

**Steinegg ehf.**

ISBN 978-9935-421-16-6

Leiðb.verð: 2.290 kr.



### Peace and War: Niagara of Quotations

Jon Thormodsson

Veglegt verk í tveimur bindum, bók eða rafbók, ávöxtur 33 ára tólmundastarfs Jóns Ögmundar Þormóðssonar lögfræðings.

Ítarlegar upplýsingar um bókina og sýnishorn úr henni eru á vefnum: Sites.Google.com/site/peaceandwar-quotations

Á You Tube finnst kynningarmyndband, Peace and War Address (leitið undir "Peace and War: Niagara of Quotations").

1300 bls.

**Jón Ögmundur Þormóðsson**

ISBN 978-1463554453/978-

1461157922

*Hvers vegna kapitalisminn er lausnir en ekki vandamálið*

Jay W. Richards

Þýð.: Elin Guðmundsdóttir

Útbreiddar goðsagnir um kapitalismann hraktar með sannfærandi og áhrifaríkum hætti. Skyldulesning allra sem láta sig þjóðfélagsmál varða.

305 bls.

**Bókafélagið Ugla**

ISBN 978-9979-651-87-1 Kilja



### Regnskógabeltið raunamædda

Claude Lévi-Strauss

Þýð.: Pétur Gunnarsson

Stórkostlegur áfangi í rannsóknum á mannfæði og menningu eftir föður mannfæðinnar, Claude Lévi-Strauss, sem tókst að setja samfélag ættbálkanna í samhengi við nútímann. Sígt öndvegisrit sem opnar nýjar viddir í skilningi á mannum, nú loksins fánlegt á íslensku í vandaðri þýðingu Péturs Gunnarssonar rithöfundar.

451 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-210-1



### Óður lífsins

*Speki frumbyggja Ameríku*


Samant.: Helen Exley

Vandað safn friðsælla íhug-



### Peningar, græðgi og Guð

# MORKINSKINNA



TVÖ NÝ BINDI  
ÍSLENSKRA FORNRITA

**Morkinskinna** er mikið konungasagnarit frá fyrri hluta 13. aldar og greinir frá þeim konungum sem ríktu í Noregi eftir fall Ólafs helga á Stiklarstöðum árið 1030. Ritið mun í öndverðu hafa náð fram að valdatöku Sverris Sigurðarsonar seint á 12. öld, en niðurlagið er glatað. Hér er á ferð elsta rit þar sem saga margra konunga er rakin ítarlega.

*Morkinskinna* gerist einkum við norsku hirðina, og mikill áhugi er þar á hirðmenningu og hirðlífi. Ein höfuðþrýði *Morkinskinnu* eru hinar mörgu frásagnir af samskiptum konunga við Íslendinga sem dveljast í Noregi, hinir svonefndu Íslendinga þættir. Flestir eru þættirnir í sögu Haralds harðráða. Sumir þáttanna eru meðal meistaraverka íslenskra bókmennta, svo sem Auðunar þáttur vestfirska, Halldórs þáttur Snorrasonar, Hreiðars þáttur heimska og Sneglu-Halla þáttur. Vísur *Morkinskinnu* og skáld þeirra setja jafnframt mikinn svip á verkið.

*Morkinskinna* er hér í fyrsta sinn gerð aðgengileg íslenskum almenningi, með ítarlegum formála og skýringum. Verkið er í tveimur bindum; í þeim báðum eru formálar og skýringar, en skrár sem gilda fyrir bæði bindin eru í því síðara.

Útgáfur **Íslenskra fornrita** eru gerðar úr garði með rækilegum inngangi og skýringum á kveðskap og torskildum orðum neðanmáls, auk sögulegrar, mannfræðilegrar og landfræðilegrar glöggvunar á atburðum og aðstæðum þar sem þurfa þykir. Myndir og kort prýða útgáfuna.



Dreifing:

**Hið íslenska bókmenntafélag**

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: [hib@islandia.is](mailto:hib@islandia.is) • Heimasíða: [www.hib.is](http://www.hib.is)







### Réttharkerfi Evrópusambandsins og Eirópska efnahagssvæðisins

og Eirópska efnahagssvæðisins  
Sigurður Líndal og Skúli Magnússon

Stjórnskipun, grundvallarreglur og stofnanir ESB og EES. Sjá hib.is  
220 bls.

### Hið íslenska bókmenntafélag

ISBN 978-9979-66-285-3  
Leiðb.verð: 3.990 kr. Kilja



### Ritið 1-2/2011

Ritstj.: Ásdís R. Magnúsdóttir og Þróstur Helgason  
Tvö hefti af Ritinu komu út á árinu 2011. Þemu ársins voru: Háskólinn í krísu og Ljóð. 460 bls.

### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-910-9  
Leiðb.verð: 3.290 kr. Kilja



### Ríkisfang: Ekkert

*Flóttim frá Írak á Akranes*  
Sigríður Víðis Jónsdóttir  
Haustið 2008 flúðu átta einstæðar mæður skelfilegar aðstæður í Al Waleed-flóttamannabúðunum og fengu hæli á Akranesi. Sigríður Víðis Jónsdóttir kynntist konunum og sögu þeirra og fjallar hér af yfirsýn og þekkingu um landlausa Palestínunum, innrásina í Írak, flóttamannabúðir í einskismannslandi og leiðina löngu á Skagann. Einstök frásögn um pólitísk átök undangenginna áratuga í Mið-Austurlöndum og fólkið sem lifir og hrærist í skugga þeirra.

☆☆☆☆☆ PBB / Fréttatíminn  
380 bls.

FORLAGIÐ

### Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3233-6

### Róðinn í austri

*Alþýðuflokkurinn, Komintern og kommúnistahreyfingin á Íslandi 1919–1924*

Snorri G. Bergsson


Ítarlegasta rannsókn sem gerð hefur verið á upphafsárum kommúnistahreyfingarinnar á Íslandi. Brugðið er alveg nýju ljósi á „Rússagullið“ og Moskvulínuna og fjallað ítarlega um rætur vinstri klofningsins í Alþýðuflokknum. Þá hefur bókin að



geyma nýjar og mikilvægar upplýsingar um „drengsmálið“ svonefnda sem skók íslenskt samfélag. Sagnfræðiverk sem sætir tíðindum. 390 bls.

### Bókafélagið Ugla

ISBN 978-9979-651-91-8



### Rosabaugur yfir Íslandi


*Saga Baugs málsins*

Björn Bjarnason

Baugsmálið var ekki aðeins rekið fyrir dómstólum heldur einnig á vettvangi stjórn mála og fjölmiðla. Einskis var svifist til að festa ýmsar ranghugmyndir í sessi. Máttur peninganna kom þá glögggt í ljós. Þessa sögu rekur Björn Bjarnason ítarlega í þessari mögnuðu bók.

### Bókafélagið Ugla

ISBN 978-9979-651-76-5 Kilja



### Rómverja saga I & II

Ritstj.: Svanhildur Óskarsdóttir og Þorbjörg Helgadóttir

Rómverja saga er sett saman úr þýðingum þriggja latínurita, *Bellum Jugurthinum* og *Conjuratio Catilinae* eftir Sallústíus og *Pharsalia* eftir Lúkanus. Latínutextarnir voru að líkindum þýddir í áföngum, um fyrst *Bellum Jugurthinum* upp úr miðri tólfstu öld og hin ritin tvö skömmu síðar. Undir lok aldarinnar var þessum þýðingum svo steypst saman í eina sögu af Rómverjum, hugsanlega í klaustrinu á Þingeyrum. Sagan hefur varðveist í tveimur gerðum, eldri gerð sem stendur nærri upprunalegum texta verksins og yngri gerð sem geymir styttn og breyttan texta. Eldri gerðina er að finna í einu skinnhandriti frá fjórtánda öld en sú yngri er varðveitt, að hluta eða í heild, í sex handritum og handritsbrotum sem skrifuð voru á fjórtánda til sextánda öld. 633 bls.

### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-654-11-7

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja





## Safar og þeytingar

Amanda Cross og  
Fiona Hunter

Þýð.: Þórhildur Ólafsdóttir og  
Melkorka Óskarsdóttir

Grænmeti og ávextir innihalda efni sem líkaminn þarfnast til að auka hreysti og orku og verjast sjúkdómum og kvillum. Í þessari bók eru yfir 200 uppskriftir að fjölbreyttum og gómsættum drykkjum, stútfullum af næringarefnum og orku. Komdu kroppnum þægilega á óvart og drekktu í þig hollustuna. 128 bls.

FORLAGIÐ

Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2116-6 ób

Tímaritið *Saga* kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Efni þess er fjölbreytt og tengist sögu og menningu landsins í víðum skilningi. Þar birtast m.a. greinar, viðtöl og umfjallanir um bækur, sýningar, heimildamyndir og kvikmyndir. Ómissandi öllum þeim sem áhuga hafa á sögu Íslands. Tekið er við nýjum áskrifendum hjá Sögufélagi; nánar á [www.sogufelag.is](http://www.sogufelag.is). 245 bls.

**Sögufélag**

ISSN 0256-8411

Leiðb.verð: 3.890 kr. Kilja



## Sagan upp á hvern mann

Átta íslenskir sagnamenn og ævintýrin þeirra

Rósa Þorsteinsdóttir

Fjallað er um heimssýn í ævintýrum og sagnasjóðum sagnafólks, sex kvenna og tveggja karla, sem er valið úr hópi þeirra fjölmörgu sem sagt hafa ævintýri sín og sögur inn á segulbönd sem varðveitt eru í Árnasafni í Reykjavík. Reynt er að leita svara við spurningum um hlutverk og umhverfi ævintýranna, hvort og þá hvernig náttúrulegt og félagslegt umhverfi endurspeglast í ævintýrunum sem sagnafólkið velur að segja. Æviskeið fólksins er því kannað og sagnasjóður hvers og eins gaumgæfður. Margar



## Saga

Tímarit Sögufélags. XLIX: 1  
2011 og XLIX: 2 2011

Ritstj.: Sigrún Pálsdóttir

# Grundvallarrit



*Gefin út í samstarfi við  
Stofnun Árna Magnússonar  
í íslenskum fræðum.*

**Handbók um íslensku** er ítarlegt uppsláttar- og yfirlitsrit sem hentar öllum – ekki síst þeim sem fást við skriftir í störfum sínum, námi eða tómstundum.

- Aðgengilegt uppsláttarrit um íslenskt mál
- Hagnýtar ábendingar um málnotkun, stafsetningu og ritun
- Fróðlegir yfirlitskaflar um tungumálið

JPV

JPV ÚTGÁFA

[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

sögur sagnafólksins eru einnig prentaðar í bókinni. 468 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-654-19-3 Kilja  
Leiðb.verð: 5.400 kr.



#### Sá er maðurinn

Jón Þ. Þór

Aðgengileg og handhæg uppflettibók með æviágrípum 380 karla og kvenna sem mótuðu mannkynssöguna á tímabilinu 1750–2000. Ómissandi fróðleiksnáma fyrir alla þá sem vilja afla sér upplýsinga um þá sem mótuðu mannkynssögu síðustu 250 árin.

232 bls.

#### Urður bókafélag

ISBN 978-9979-9931-7-9

Leiðb.verð: 3.300 kr.



#### Siðfræði og samfélag

Ritsstj.: Salvör Nordal og

Vilhjalmur Árnason


Afmælisrit Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands. Í bókinni er að finna 12 greinar heimspekinga og lækna og fluttir voru á samnefndri fyrirlestraröð Siðfræðistofnunar 2008–2009, en það var tuttugasta starfsár stofnunarinnar. Hér er að finna fjölbreytt efni um hlutverk siðfræðinnar í samfélaginu og margvísleg samfélagsleg álitæfni eins og lífpólitik, umburðarlyndi, einkalíf, offitu og upplýst samþykki.

200 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-895-9

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



#### Silver of the Sea

Völundur Snær Völundarson og Haukur Ágústsson

Myndir: Gunnar Konráðsson

Myndskr.: Jón Baldur Hlíðberg

Gullfalleg bók á ensku þar sem Völundur Snær fer enn á ný ótroðnar slóðir. Bókin fjallar um íslenska fiskinn og þá stofna sem nytjaðir eru hér við land. Fróðleikur, uppskriftir, teikningar, og glæsilegar ljósmyndir.

303 bls.

#### Salka

ISBN 978-9935-418-68-5



#### Síðasta vörnin

*Hæstiréttur á villigötum í citruðu andrúmslofti*

Óli Björn Káráson

Brugðust dómstólarnir í Baugsmálinu? Í þessari bók eru rakin dæmi um óheilbrigða viðskiptahætti sem þrífust í skjóli dómanna í Baugsmálinu og lögðu grunn að falli bankanna. Skyldulesning um áhrif Baugsmálsins á íslenskt samfélag og mikilsvert framlag til nauðsynlegra umræðna um störf dómstóla.

256 bls.

#### Bókafélagið Ugla

ISBN 978-9979-651-86-4 Kilja



#### Sjálfstæð þjóð

*Trylltur skrill og landráðalyður*

Eiríkur Bergmann

Íslenskt þjóðerni og viðhorf til sjálfstæðis og fullveldis

# Mjög fróðleg bók

www.bokafelagid.is



BÓKAFÉLAGIÐ





# HROSSAFRÆÐI

## Ingimars

ALHLIÐA UPPLÝSINGA- OG FRÆÐIRIT UM HESTA  
INGIMAR SVEINSSON



### INGIMAR SVEINSSON Á HVANNEYRI

**Hrossafræði Ingimars** er einstök bók. Hér er loksins komið fram alhliða upplýsinga- og fræðirit um hesta, ritað af höfundi sem býr að ómældri þekkingu og reynslu, bæði á viðfangsefni sínu og eins hinu að miðla til annarra. Ingimar Sveinsson hefur áratugum saman viðað að sér fróðleik um hesta og hestahald og efnistöð hans eru skýr og aðgengileg.

Ingimar Sveinsson á Hvanneyri er alinn upp á stórbýlinu Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði. Að loknu stúdentsprófi sigldi hann til Bandaríkjanna og lagði þar stund á háskólanám í búvísindum. Heim kominn starfaði Ingimar sem bóndi á Egilsstöðum allt þar til hann fluttist með fjölskyldu sína að Hvanneyri í Borgarfirði 1986, þar sem hann hefur starfað sem kennari og fræðari síðan.

**Hrossafræði Ingimars** á tvímælaust erindi til allra sem yndi hafa af hestum og hestamennsku, áhugafólks jafnt sem atvinnu-  
manna.



hafa allt frá lýðveldisstofnun einkennt umræður – og deilur – um samband Íslands við aðrar þjóðir. En hvernig skynjum við okkur sem þjóð? Og hvernig hefur það haft áhrif á samskipti okkar við umheiminn? Stórfróðleg bók um mikilvægt málefni.

364 bls.

#### Veröld

ISBN 978-9979-789-88-8

Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Skagfirskar skemmtisögur

Björn Jóhann Björnsson


Skagfirskar skemmtisögur hafa að geyma um 200 gáskafullar gamansögur úr daglegu amstri Skagfirðinga og samferðamanna þeirra til sjós og lands. Við sögu koma m.a. séra Hjálmar Jónsson, Álftagerðisbræður, Haraldur frá Kambi, Dúddi frá Skörðugili, Friggi á Svaðastöðum, Haraldur Bessason, Hvati á Stöðinni, Gísli Einarsson, Bjarni Har og margir fleiri.

96 bls.

#### Bókaútgáfan Hólar

ISBN 978-9935-435-04-0

Leiðb.verð: 2.980 kr. Kilja



### Sonur Hamas

Mosab Hassan Yousef og

Ron Brackin

Þýð.: Sigurður Júlíusson


Sönn og sláandi frásaga af innherja Hamas-samtakanna sem hafnaði örlögum ofbeldis og leggur nú allt í sölurnar til þess að fletta ofan af vel varðveittum leyndarmálum og sýna heiminum leið til friðar.

288 bls.

#### L.Í.M

ISBN 978-9979-70-968-8

Leiðb.verð: 3.490 kr. Kilja



### Stalínsbörn

Owen Matthews

Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Þegar Owen Matthews hóf störf sem blaðamaður í Moskvu komst hann í skjól KGB um sovéskan afa sinn, byltingarhetju sem fyrir grá-glettni örlaganna féll í ónáð. Matthews segir frá örlögum afa síns og ömmu og móður sinnar og móðursystur í Sovétríkjunum á árunum eftir byltinguna og á ógnaröld Stalíns, ástarævintýri móður sinnar og bresks föður síns og baráttu þeirra fyrir að fá að vera saman. Einnig er hér að finna lýsingar lífinu í Moskvu og á vígvöllum í Tsjetsjeníu á tíunda áratug síðari aldar, eftir hrun kommúnismans og í efnahagsþrengingum Rússa. Afar áhrifarík og gripandi frásögn af mannlegum örlögum og mannlegri reisn. 300 bls.

#### Urður bókafélags

ISBN 978-9979-9931-8-6

Leiðb.verð: 5.680 kr.



### Stefnumótunarfærni / Leiðtogafærni

Leiðtogafærni – sjálfsskilningur, þroski og þróun

Stefnumótunarfærni – markmið, stefna og leiðir

Helgi Þór Ingason og

Haukur Ingi Jónsson

Nú hefur verið bætt úr brýnni þörf á nýju námsefni í stjórnunarfræðum með tveimur nýjum bókum. Í *Leiðtogafærni* er fjallað um tilfinningar, hugsun og atferli leiðtogans, persónulega stefnumótun, áhrif viðhorfa og væntinga sem og áhrif persónuleika hvers og eins. *Stefnumótunarfærni* fjallar um stefnumótun sem fræðigreini og hagnýtingu hennar í atvinnulífinu. Með bókinni er ætlunin að gera lesendur færari um að taka virkan þátt í stefnumiðaðri stjórnun og styrkja þar með þátttöku þeirra í atvinnulífinu. Höfundar bókanna eru forstöðumenn í meistaranámi í verkefnastjórnun á Íslandi (MPM) og ráðgjafar hjá Nordica ráðgjöf ehf.

217 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-182-1/-181-4



Bókabúðin **HAMRABORG**



Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877

## 1001 Þjóðleið – Jónas Kristjánsson

JÓNAS KRISTJÁNSSON HEFUR ÁRATUGUM SAMAN  
SKRÁSETT ÞJÓÐLEIÐIR Á ÍSLANDI OG AFRAKSTURINN BIRTIST  
Í ÞESSARI EINSTÖKU BÓK. YFIR 1000 GÖNGU- OG REIÐLEIÐUM  
ER LÝST OG ÞÆR SÝNDAR Á VÖNDUÐUM KORTUM.

sögur  
ÚTGÁFA



„Sú bók sem hér kemur út markar kaflaskil  
í leiðsögn um landið okkar.“

Ólafur Örn Haraldsson, forseti ferðafélags Íslands

„Bókin Þúsund og ein þjóðleið er merkileg bók og mikilsvert framlag  
Jónasar Kristjánssonar til verndar þekktum þjóðleiðum á Íslandi“

Haraldur Þórarinnsson, formaður Landssambands hestamannafélaga



Stafrænn diskur fylgir sem gerir kleift að hlaða leiðunum inn í GPS-tæki og tölvur.





### Stjórnsmál og hagfræði Tryggvi Þór Herbertsson

Skrif Tryggva hafa vakið marga til umhugsunar enda tekst honum að setja fram hugmyndir sínar og kenningar á skýran hátt. Mikill fengur er í þessari bók fyrir alla áhugamenn um hagfræði, stjórnsmál og þjóðmál almennt.

192 bls.

#### Bókafélagið

ISBN 978-9935-426-16-1

### Stórlaxar

Þór Jónsson og  
Gunnar Bender

*Stórlaxar* er viðtalsbók þar sem sjö landsþekktir einstaklingar segja veiðisögur og ræða um lífið á árbakk-anum. Margir þeirra eru þekktir fyrir allt annað en laxveiði og kemur það mörgum



vafalaust á óvart að stangveiði sé þeirra aðaláhugamál utan vinnu.

Stórlaxarnir eru:

Kristinn Sigmundsson, óperusöngvari, Ragnheiður Thorsteinsson, dagskrárgerðarmaður RUV, Björn Kristinn Rúnarsson, verslunar- og leiðsögumaður, Njörður P. Njarðvík, prófessor og rithöfundur, Ólafur Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri, Guðmundur Þ. Guðmundsson, landsliðsþjálfari og Árni Baldursson, framkvæmdastjóri

Í bókinni eru 48 litsíður þar sem gefur að líta myndir af öllum stórlöxunum í sínu náttúrulega umhverfi, ef svo má að orði komast.

180 bls.

#### Tindur

ISBN 978-9979-653-09-7

Leiðb.verð: 5.690 kr.



### Súpersexspilin

52 leiður til að stokka upp kynlífið

Tracey Cox

Þýð.: Nanna Rögnvaldardóttir  
Tracey Cox kann að krydda kynlífið á ýmsan hátt og *Súpersexspilin* hennar er svo sannarlega hægt að nota til að hleypa hita í leikinn og gefa ímyndunaraflinu byr undir báða vængi. Fantasiur, hlutverkaleikir, stellingar, kynlífsráð – þetta er allt í spilunum og hvert einasta spil er tromp sem kveikir hugmyndir og eykur lostann.

52 spil

FORLAGIÐ

#### JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-184-5

Spilastokkur í öskju

### Vestur-Skaftafellssýslu Þórður Tómasson

Hér er fjallað um mannlíf í Vestur-Skaftafellssýslu á liðnum öldum og kynni höfundar af samfélagi fólks á þessu svæði á seinni hluta 20. aldar. Bókin samanstendur af laustengdum þáttum sem allir tengjast störfum höfundar við íslenska þjóðfræði síðastliðin 60 ár.

344 bls.

#### Skrudda

ISBN 978-9979-655-77-0

Leiðb.verð: 7.490 kr.



Lærdómsrit

Bókmenntafélagsins

### Sýnilegt myrkur

Frásögn um vitfúringu

HJÓÐBÓK

William Steyron

Uppi.: Hjalti Rögnvaldsson

Þrátt fyrir allt er einn ljós punktur við sjúkdóminn þunglyndi, það er hægt á sigrast á honum. Sjá hib.is

🔊 215 mín.

**HÍÐ íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-281-5

Leiðb.verð: 3.490 kr.

## Sannkölluð tómstunda- bók

www.bokafelagid.is






### Svipast um á

söguslóðum


Þettir um land, menn  
og mannaminjar í



# Alltaf er **FARMALL** fremstur

SÖGUR UM FARMAL-DRÁTTARVÉLAR  
OG FLEIRI TÆKI FRÁ INTERNATIONAL HARVESTER  
OG HLUT ÞEIRRA Í FRAMVINDU LANDBÚNAÐAR OG ÞJÓÐLÍFS Á ÍSLANDI

NÝ OG GLÆSILEG BÓK  
EFTIR BJARNA GUÐMUNDSSON Á HVANNEYRI  
höfund bókarinnar . . . og svo kom *Ferguson*



## BJARNI GUÐMUNDSSON Á HVANNEYRI

Farmallinn og fleiri afl- og vinnuvélar frá vélasamsteypunni International Harvester Company (IHC) og frumkvöðlum hennar, þeim Cyrus Hall McCormick og William Deering, komu við sögu á svo til hverju býli á Íslandi á síðustu öld. Með þeim breyttust búhættir. Í stað handafls og handverkfæra komu hestaverkfæri og síðar afkastamikil vélknúin verkfæri til ræktunar og heyskapar. Stórvirkustu vélarnar frá IHC tóku einnig þátt í vegagerð og öðrum samgöngubótum.

Bjarni Guðmundsson á Hvanneyri vakti óskipta athygli með bók sinni . . . og svo kom *Ferguson* árið 2009. Hér heldur hann áfram að ausa af brunni þekkingar sinnar og reynslu í afar áhugaverðri bók, fullri af fróðleik, skemmtilegum sögum og einstöku myndefni víðs vegar að af landinu.

Í þessari bók, *Alltaf er Farmall fremstur*, segir Bjarni sögur af þessum vinsælu vélum á sinn einstaka hátt, auk þess sem fjórtán þekktir einstaklingar rífa upp minningar sínar um Farmal og fleiri búvélar frá IHC.





### Sæborgin

*Stefnuvót líkama og tækni í ævintýri og veruleika*  
Úlfhildur Dagsdóttir

Hér er fjallað um sæborgir (svo sem gervimenni, vélmenni, klóna) í bókmenntum og myndmáli. Jafnframt er gefið yfirlit yfir erlenda umræðu um líftækni og sæborgir og sérstök áhersla lögð á tengsl hennar við bókmenntir og afþreyingarmenningu.

Ritíð gefur innsýn í stöðu íslenskrar umræðu um líftækni í alþjóðlegu samhengi og hér er kannað hvernig þekking getur búið í ólíkum tegundum skáldskapar ekki síður en fræðum. Tengsl tækni og menningar eru könnuð og þá sérstaklega birtingarmyndir þeirra í skáldskap. Hvaða áhrif hefur tækni á einstakling og samfélag? Hvaða áhrif hefur tækni á hugmyndir um mennsku? Hver er framtíð samfélagsins í tæknivæddu samfélagi?

476 bls.

### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-906-2  
Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



### Táknin í málinu

Sölvi Sveinsson

Tákn í ritmáli og myndmáli eru mörg og margslungin. Hér er gerð grein fyrir merkingu, sögu og ólíkum birtingarmyndum mörg hundruð tákna og tilvísanir í bókmenntir og listaverk frá ýmsum tímum notaðar til að skýra gildi þeirra og notkun. Í bókinni er meðal annars fjallað um liti, dýr, guðlegar verur, stjörnumerki, trúartákn, tölur, frjósemistákn, verkfæri og ótalmargt annað. Sölvi Sveinsson hefur áður sent frá sér fróðleiksrit um íslenska málshætti, íslensk orðtök og uppruna orða. Fjöldi skýringarmynda er í bókinni.

464 bls.

FORLAGIÐ

ÍÐUNN

ISBN 978-9979-1-0510-7



### Textar og túlkun

*Greinar um íslensk fræði*  
Sveinn Yngvi Egilsson


Í bókinni eru farnar fjölbreyttar leiðir að íslenskum menningararfi og erlendum tengslum hans. Einstök bókmenntaverk, textategundir og höfundar eru tekin til skoðunar, en hér er einnig að finna greinar um nýleg fræðirit sem bjóða upp á rökræður um afmörkuð svið íslenskrar menningar. Látið er reyna á aðferðir og hugtök eins og mælskufræði, myndmálstúlkun, listræna heild, textatengsl, sálgreiningu og kenningar um rými í skáldskap. Greinarnar veita innsýn í íslenska bókmenntasögu allt frá siðbreytingu til okkar daga, en þungamiðja bókarinnar er umfjöllun um rómantík 19. aldar og áhrif hennar á yngri bókmenntir.

292 bls.

Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-913-0

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



### A magic world evolving Thingvallavatn

*A world heritage site*

Ritstj.: Pétur M. Jónsson og Páll Hersteinsson

Þingvellir hafa verið vettvangur margra merkustu atburða Íslandssögunnar og þeir eru einnig meðal merkustu staða landsins frá sjónarhóli náttúrfræðinnar. Í þessari glæsilegu og vönduðu bók fjalla margir fremstu vísindamenn okkar um mótun svæðisins, jarðfræði, veðurfar, gróður og dýralíf.

Bókin kemur nú út í glænýrri útgáfu á ensku. Þegar bókin kom fyrst út á íslensku árið 2002 hlaut hún Íslensku bókmenntaverðlaunin.

303 bls.

Bókaútgáfan Opna

ISBN 978-9935-10-009-2

# bóksala stúdenta

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is

www.boksala.is





# SANNKÖLLUÐ SAUMABIBLÍA!

400  
SÍÐUR Í STÓRU  
BROTI

## STÓRA SAUMA BÓKIN

FATNAÐUR • FYLGHLUTIR • SKRALUT • NYTJAHLUTIR  
EFNI OG ÁHÖLD • AÐFERDIR • SKAÐANDI VERKERN

ALISON SMITH

Einföld, aðgengileg og ríkulega myndskreytt bók með nákvæmum leiðbeiningum fyrir byrjendur og lengra komna

- Náðu tökum á aðferðunum
- Lærðu að nota áhöld og vélar
- Sjáðu hvernig á að nota snið
- Skapaðu, bættu og breyttu

LANGSTÆRSTA BÓK UM SAUMASKAP  
SEM KOMIÐ HEFUR ÚT Á ÍSLENSKU!



### Tímarit um menntarannsóknir

7. árgangur

Ritstj.: Gretar L. Marinósson

Efni ritsins er fjölbreytt að vanda. Höfundar greina, sem allar eru ritrýndar, kynna nýtt framlag til þekkingar hver á sínu fræðasviði sem tengjast menntun í viðum skilningi: Fötlunarfræði, menntaheimspeki, námskráfræði, háskólafræði, námssálarfræði, fjölmenningarfræði og stjórnunarfræði menntastofnana. Þær sýna þá fjölbreytni sem nú er í menntarannsóknunum. 115 bls.

Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-900-0

Leiðb.verð: 3.500 kr. Kilja



### Tími heimspekinnar í framhaldsskólanum

Kristín Hildur Sætran

Frjáls og öguð hugsun heimspekinnar höfðar ekki síst til ungs fólks sem þarf svigrúm til að spyrja spurninga út frá sínum eigin forsendum en jafnframt þann aga sem birtist í kröfunni um rökstuðning. Í bókinni er reynt að kynna og skýra þau verðmæti sem felast í ástundun heimspekinnar og sýna fram á kennslufræðileg, efnahagsleg og samfélagsleg gildi hennar. Sérstaklega er litið til framhaldsskólanema og leitast við að hlusta á raddir þeirra sjálfra. Í gagnrýninni hugsun heimspekinnar og sjálfstaðum vinnubrögðum felst virðing fyrir margbreytileika, þjálfun í að takast á við óvissu í spurn, forvitni, frelsi og ögun, allt þættir sem geta nýst í framhaldsskólum landsins. Kristín Hildur Sætran er M.Paed. í heimspeki og kennir við Háskólann í Reykjavík.

220 bls.

Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-878-2

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



### Trolls – Philosophy and Wisdom

Brian Pilkington

Samkvæmt þjóðsögum eru tröll ógurlegar skepnur en kannski eru þau friðsælar og bráðgreindar verur sem lifa í sátt og samlyndi við náttúruna? Listamaðurinn Brian Pilkington er mikill tröllavinur og í bókinni kynnumst við nýrri hlið á þessum forvitnilegu verum. Brian hefur teiknað íslensk tröll um árabil

og í þessari glæsilegu bók er fallett safn nýrra mynda sem sýna tröll í íslenskri náttúru ásamt vísdómsorðum þeirra sem rituð eru á ensku.

64 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3203-9



### Tröllaspor

Íslenskar tröllasögur II

Skrás.: Alda Snæbjörnsdóttir

Í þessu seinna bindi verksins birtast tröllasögur frá Norðaustur- og Suðausturlandi. Þar með eru komnar saman í eitt verk allar þekktar sögur af íslenskum tröllum. Auk þess birtast í þessu bindi sögur og kvæði um Grýlu og hennar hyski, Leppalúða og jólasveinana.

317 bls.

Skrudda

ISBN 978-9979-655-79-4

Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Tækileg vitni


Sverrir Tómasson

Ritgerðir um ísl. fornbókmenntir og túlkun þeirra, t.d. *Íslendingabók* og *Heimskringlu*. Sjá hib.is 411 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

ISBN 978-9979-66-279-2

Leiðb.verð: 4.900 kr.



### Ungbarnanudd

Dyrleif Skjöldal og

Heiða Guðmundsdóttir

Nudd hefur fylgt mannum frá örófi alda. Þessari gullfallegu bók er ætlað að kenna aðferðir til að nálgast barnið þitt, tengjast því og örva snertiskynið með nuddi.

Höfundur bókarinnar, Dilla, hefur 20 ára reynslu af ungbarnanuddi og setur sitt persónulega mark á leiðbeiningarnar sem allar eru sýndar á skýran og einfaldan hátt með fallegum litmyndum Heiðu ljósmyndara (www.heida.is).

Sá kærleikur sem þú lærir að miðla í gegnum hendurnar með ungbarnanuddi er kær leikur sem setur mark sitt á barnið þitt til lífstíðar. Því vilja höfundar bókarinnar fyrst og fremst miðla til þín. Eigðu kærleiksríkar nuddstundir með barninu þínu. Falleg gjöf handa öllum foreldrum.

„Ungbarnanudd er frábær leið til að tengjast barninu sínu og bókinn er bæði fallegur og fræðandi leiðarvirir um hvernig á að bera sig að. Ég mæli hiklaust með henni fyrir foreldra.“ – Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra. 140 bls.

#### Tindur

ISBN 978-9979-653-72-1

Leiðb.verð: 4.990 kr.



#### Upp á yfirborðið

Nýjar rannsóknir í íslenski fornleifafraeði

Ritstj.: Gavin Lucas

Árið 2010 voru 15 ár liðin frá stofnun Fornleifastofnunar Íslands. Af því tilefni kemur út vandað greinasafn þar sem kynntar eru forskar niðurstöður og nýstárlegar hugmyndir sem endurspeglar það sem hefur verið að gerast í íslenski fornleifafraeði á undanförmum árum. 160 bls.

#### Fornleifastofnun Íslands

ISBN 978-9979-70-787-5 Kilja




#### Uppeldi er ævintýri

Margrét Pála Ólafsdóttir

Margrét Pála, forsvarsaðvar Hjallastefnunnar, er ein áhugaverðasta uppeldis- og skólamálamanneskja landsins. Í þessari jákvæðu og um leið fróðlegu bók veitir Margrét Pála góð ráð til að ná árangri og meiri gleði í samskiptum við börn, jafnt innan fjölskyldna sem annars staðar. 240 bls.

#### Bókafélagið

ISBN 978-9935-426-18-5



#### Úr fórum orðabókarmanns

Ásgeir Blöndal Magnússon

Safn greina eftir höfundinn sem starfaði um áratuga skeið við Orðabók Háskólans og varð landskunnur fyrir út-

varpspætti sína um íslenskt mál sem hann annaðist með öðru starfsfólki Orðabókarinnar um árabíl. Í orðabókarstarfinu viðaði Ásgeir að sér mikilli þekkingu á íslenskum orðaforða sem hann miðlaði í ræðu og riti og birti í einstökum greinum um orð og orðafor í mæltu máli og prentuðu. Söfnun og rannsóknir Ásgeirs á íslenskum orðaforða báru ríkulegan ávöxt í hinu mikla verki hans, *Íslenski orðsifjabók*, sem út kom árið 1989. Auk orðfræðigreina eru hér birtar lengri og skemmri ritgerðir um ýmis viðfangsefni í íslenski málfræði, einkum hljóðfræði, orðmyndunarfræði og sögu orðaforðans. 281 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-654-11-7

Leiðb.verð: 3.600 kr. Kilja



#### Útkall

Ofviðri í Ljósufjöllum

Óttar Sveinsson


Í þessari nýju og spennandi Útkallsbók er fjallað um flugslysið í Ljósufjöllum árið 1986. Björgunarstörf í ofviðri, 10 klukkustunda bið þeirra sem komust af og sérstakt hugboð unnustu flugmannsins. Einnig er sagt frá heims-metsstökki 10 manna fall-hlífarhóps sem barðist upp á líf og dauða við Grímsey.

Fræði, spenna og tilfinningar einkenna metsölubækur Óttars Sveinssonar. Á Bókasýningunni í Frankfurt gaf ARD, stærsta sjónvarpsstöð Þýskalands, Útkalli – árás á Goðafoss, 5 stjörnur og Der SPIEGEL fjallaði einnig afar jákvætt um verk Óttars. 224 bls.

#### Útkall ehf.

ISBN 978-9979-9957-7-7

Leiðb.verð: 5.990 kr.



#### Velferð barna

Gildismat og ábyrgð

samfélags

Ritstj.: Salvör Nardal, Sigrún

Júlíusdóttir og Vilhjálmur

Árnason

Í bókinni fjalla þrettán höfundar á sviði félagsráðgjafar, guðfræði, heimspeki, næringarfræði, sálfræði og uppeldisfræði um siðferðileg álitamál tengd börnum og skilyrði þess að þeim geti farnast vel. Í brennidepli er ráðandi gildismat í neyslu-samfélagi nútímans og áhrif þess á velferð barna. Rætt er um foreldrahlutverkið, merkingu og gildi frelsis í uppeldi barna og um þá ábyrgð sem við berum sameiginlega á uppeldisskilyrðum þeirra og hvernig þau mótast. Jafnframt er hugað að réttindum barna og líkamlegri og andlegri næringu þeirra.



Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, ritar inngangsorð.  
181 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-893-5  
Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



#### Vísindin

Ritstj.: Adam Hart-Davis

Þýð.: Karl Emil Gunnarsson

Stórvirkid *Vísindin* er glæsilegt uppsláttarrit sem rekur þróun vísinda og framfara allt frá uppfinningu hjólsins til lausna á loftslagsvanda á 21. öld. Helstu vísindauppgötvunum mannkynsins eru gerð skil og sýnt er hvernig hugmyndirnar, uppfinningararnar og fólkid á bak við þær breyttu heiminum. Fjallað er um allar helstu raunvísindagreinar og gerð er grein fyrir lykiluppgötvunum, kenningum og hugmyndum. Sérhvert umfjöllunarefni er gætt lífi með skýringarmyndum og glæsilegum ljósmyndum svo jafnvel flóknustu fyrirbæri verða leikmönnum ljós og auðskilin. Nýjasta viðbótin í bókaflokknum vinsæla „Leiðsögn í máli og myndum“.  
512 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-189-0



#### WikiLeaks

*Stríðid gegn leyndarhyggju*

David Leigh og Luke Harding

Þýð.: Arnar Matthíasson

Saga uppljóstrunarsíðunnar WikiLeaks er dramatísk og ævintýri líkust og þar koma Ísland og Íslendingar mjög við sögu.

251 bls.

Veröld

ISBN 978-9979-789-84-0

Leiðb.verð: 3.990 kr.



#### Yfirretturinn á Íslandi

*Dómar og skjöl I. 1690–1710*

Umsj.: Björk Ingimundardóttir

Umsj.: Gísli Baldur Róbertsson

Yfirretturinn var æðsta dómstig á Íslandi á árunum 1563–1800. Í þessu bindi er fræðileg ritgerð um sögu yfirrettarins og starfshætti. Meginhluti bókarinnar er mál sem komu fyrir yfirrétt á árunum 1690–1710. Hið fyrsta er mál Jóns Vigfússonar Hólabiskups sem ákærður var fyrir harðýðgi við

landseta Hólastóls, óleyfilega verslun o.fl. Hið síðasta er mál Jóns Hreggviðssonar frá Reyni á Akranesi. Mannanafna-, staðanafna- og at-riðisorðaskrár. Alþingi styrkti útgáfuna.  
680 bls.

Sögufélag og Þjóðskjalasafn Íslands

ISBN 978-9979-876-11-3

Leiðb.verð: 14.900 kr.



#### Þingræði á Íslandi

*Samtíð og saga*

Ritstj.: Ragnhildur Helgadóttir,

Helgi Skúli Kjartansson og

Þorsteinn Magnússon

Heimastjórn Íslendinga árið

1904 markaði upphaf þingræðis í landinu. Öld síðar

ákváð forsætisnefnd Alþingis

að minnast þessa með ritun

bókar um þingræði á Íslandi.

Hér er þingræðið rannsakað

út frá frá ólíkum sjónar-

hornum, fjallað um þingræðishugtakið í sögulegu

og alþjóðlegu samhengi,

þingræðisregluna í íslenski

stjórnskipun, framkvæmd

þingræðis og stöðu Alþingis.

Greinargott og fróðlegt rit

fyrir alla sem áhuga hafa á

stjórnmálum og stjórnskipan

landsins, skrifað af fræðimönnum

í sagnfræði, lögfræði og

stjórnmálafræði.  
497 bls.

Forlagið

ISBN 978-9979-53-555-3



#### Þjóðfélag Íslands

*Notkun, virðing og umgengni*

Hörður Lárusson

Formáli: Vigdís Finnbogadóttir

Ýmsar ranghugmyndir um

meðferð íslenska fánans

eru lífseigar, til að mynda

að fáninn sé ónýtur ef hann

snertir jörð og að þá verði

að brenna hann. Bókinni er

ætlað að sýna með skýrum

hætti að það er auðvelt að

umgangast íslenska fánann

af virðingu og að reglur um

meðferð hans eru byggðar á

almenntri skynsemi.

Auk þeirrar útgáfu sem

fæst í verslunum selur

Crymogea 100 tölusett og

handinnbundin eintök í leðri

sem aðeins fást hjá útgef-

anda.  
64 bls.

Crymogea

ISBN 978-9935-420-07-7 Kilja



# REYKVÍKINGAR

Fólkið sem breytti Reykjavík úr bæ í borg

Í ritverkinu er farið 100 ár aftur í tímann og sagt frá öllum Reykvíkingum, sem þá byggðu bæinn, og fjölskyldum þeirra.





Páll Baldvin Baldvinsson

Götur Reykjavíkur eru teknar fyrir eftir stafrófsröð og sagt frá húsum bæjarins og um 2400 fjölskyldum sem bjuggu í 1186 húsum í Reykjavík árið 1910.



Á annað þúsund sögulegar ljósmyndir frá Reykjavík prýða hvert bindi verksins og hafa fæstar þeirra birst áður.

Sjón er sögu ríkari.



SÖGUSTEINN



### Præðir valdsins


Jóhann Hauksson  
Í þessari afhjúpanði bók er rýnt í íslenskt samfélag og sýnt hvernig viðskipti og stjórnmal hafa verið gegnsýrð af valda- og hagsmunatengslum, spilltum embættisfærslum, pólitískum stöðuveitingum og „vel heppnuðum“ tilraunum til þess að gera almannaþé að uppsprettu auðs hjá einkaaðilum. Tekin eru sláandi dæmi frá undanförunum árum en þagnarhjúpur hefur verið um sum þeirra.

198 bls.

### Veröld

ISBN 978-9979-789-96-3

Leiðb.verð: 3.990 kr.



### Þúsund myndir... milljón minningar

Þormóður Símonarson

Mótorhjól og gítar eru þroskandi ferðafélagar fyrir þann sem eltir gamlan draum. Höfundur fléttar hér lipurlega saman gamansögur, náttúru lýsingar og hugleiðingar sínar um sumar af þyngri spurningum lífsins. Myndir úr ferðinni má sjá á slóðinni [www.1000myndir.info](http://www.1000myndir.info)

### Tvívoddi útgáfa

ISBN 978-9979-70-939-8

Leiðb.verð: 1.999 kr. Kilja



### Ætt og saga

Um frásagnarfræði Sturlungu eða Íslendinga sögu himnar miklu

### Úlfar Bragason

Sturlunga saga er samsteypa veraldlegra samtíðarsagna sem fjalla um sögulega atburði hér á landi á 12. og 13. öld. Sturlunga hefur einkum verið notuð sem heimild í sagnfræðirannsóknum. Í þessari bók er hins vegar lögð áhersla á tjáningarform veraldlegra samtíðarsagna og sögurnar og samsteypuna í heild sem skoðanaskipti um atburðina, sem fjallað er um, án þess að tekin sé afstaða til sanninda frásagnarinnar. Þeirri skoðun er haldið fram að nauðsynlegt sé að athuga frásagnarfræði Sturlungu áður en hún er notuð sem söguleg heimild. Heimildargildi hennar liggur ekki síður í hvernig hún er sögð en hvað er sagt.

321 bls.

### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54892-8

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



### Ættfeður og spámenn

Ellen G. White

Þýð.: Bogi Arnar Finnbogason  
